

RÍKULEGIR LITIR  
FYRIR NÆSTA VETUR

TÍSKA 36



KONUNGUR POPPSINS  
YFIRGEFUR SVIÐIÐ

FÓLK 40

## SNÝR STERKARI AFTUR Í ROKKIÐ

Duncan McKnight á batavegi  
eftir lífshættulegt fall

VIÐTAL 18



# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

FRÍTT

27. júní 2009 – 151. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

YFIRHEYRSLA 28



Væri til í matar-  
boð hjá Kleópötru

ÍRAN 22

Þjóðfélagshópar  
deila í Íran

TÓNLIST 26

Bestu  
barnaplötur  
Íslands



SÉRBLAÐ Í DAG



## Niðurskurður dregur verulega úr þjónustu

Aðhald í ríkisfjármálum næstu ár mun óhjákvæmilega leiða til umtalsverðrar skerðingar á námsframboði og félagsþjónustu í heilbrigðis- og tryggingakerfinu, segir í nýrri skýrslu. Ríkisútgjöld hafa aukist um helming á síðustu ellefu árum.

**EFNAHAGSMÁL** Jafnvel þótt leitast verði við að hlífa félagslega viðkvæmum sviðum í niðurskurði næstu ára mun ekki nást mikill árangur án þess að dragi umtalsvert úr félagslegri þjónustu í trygginga- og heilbrigðismálum og námsframboð minnki. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu fjármálaráðherra um jöfnuð í ríkisfjármálum.

Í skýrslunni eru boðaðar frekari

hækkanir á áfengis- og tóbaks-  
gjöldum, allt upp í 40 prósent á  
næsta einu og hálfu ári, en gjöld-  
in hækkuðu um fimmtán prósent á  
dögnum. Slík aukin skattlagning  
gæti skilað ríkissjóði fjórum mill-  
örðum í auknar árstekjur.

Þá segir í skýrslunni að hugs-  
anlega þurfi að huga að upptöku  
eignaskatts að nýju, en slíkar hug-  
myndir hafa jafnan mætt harðri  
andstöðu samtaka eldri borgara.

Í úttekt blaðsins kemur fram að  
útgjöld ríkisins hafa aukist um 53  
prósent frá árinu 1998. Fyrirhug-  
aður niðurskurður í ríkisfjármál-  
um færi umsvif ríkisins einungis  
aftur til þess sem var árið 2006, sé  
litið til hrárra talna. Til þess þarf  
þó að líta að vaxtagjöld hafa aukist  
mikið á þessum tíma og verða ekki  
skorin niður. Þá hefur ríkisstarfs-  
mönnum einnig fjölgað töluvert á  
tímabilinu. - sh, kóp / sjá síður 4 og 24

Áfangar sem eyða óvissu:

Hefðu þurft að  
skera 40 prósent

**UMRÆÐAN** Afleggja hefði þurft  
um 40 prósent af umfangi ríkis-  
rekstrarins hefði ekki komið til  
aukinnar tekjuöflunar ríkis-



JÓHANNA  
SIGURÐARDÓTTIR

ins, svo sem  
með aukn-  
um sköttum.  
Þetta kemur  
fram í grein  
sem Jóhanna  
Sigurðardótt-  
ir forsætisráð-  
herra skrifar í  
blaðið í dag.

Í greininni  
fer hún yfir  
afgreiðslu

ýmissa mála sem verða til þess  
að aflétta margs konar óvissu  
um stöðu þjóðarbúsins.

- óká / sjá síðu 16

Bók sagnfræðings í sjónvarp:

Hefja sýningar  
ári eftir hrunið

**FJÓLMÍÐLAR** Sléttu ári eftir hrun  
bankakerfisins, eða 6. október, á  
að hefja sýningar á fimm þátta  
heimildarmyndaröð sem byggir  
á bók Guðna Th. Jóhannessonar,  
Hrunið.

Sjónvarpskonan Þóra Arnórs-  
dóttir vinnur að gerð þáttanna  
í samvinnu við Guðna. Ráðgert  
er að tókur og vinnsla þáttanna  
hefst í ágúst.

Guðni var strax hrifinn af  
hugmyndinni um heimildar-  
þætti upp úr Hruninu, enda sé  
bókin að stórum hluta byggð  
á sjónvarpsviðtölum, fréttar-  
mannafundum og ávörpum.

„Það var náttúrulega dálítið  
dramatísk atburðarás í kringum  
þetta og mikið af myndefni til,“  
segir hann.

- fgg, óká / sjá síðu 50



**AFSLÖPPUN Í MIÐBÆNUM** Fjöldmargir nutu veðurblíðunnar og ljúfra veitinga í miðbæ Reykjavíkur í gær. Veðurspá helgarinnar er mjög góð um allt land en hlýjast verður í innsveitum landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Grill og  
ostur  
- ljúffengur kostur!

Barcelona  
&  
Alicante

í júlí

frá kr. 19.990


Verð kr. 19.990

Netverð. Flug aðra leið með sköttum.  
KEF-BCN, sértílbóð 3., 10., 17. og 24. júlí.  
KEF-ALC, sértílbóð 1., 8., 15. og 22. júlí.

Ath. aðeins örfá sæti.



www.heimsferdir.is



Fréttablaðið er með 117%  
meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára.  
Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



Magnús, er hún ekki bara einhvers staðar að fá sér krúu?

„Jú, sjálfsgagt er hún að því, blessuð.“

Kríustofninn í Flatey hefur minnkað um helming á nokkrum árum. Magnús Jónsson, bóndi í Flatey, segist nær ekkert heyra í kríunni lengur.

Úthlutunarreglur LÍN:

## Óbreytt grunnframfærsla

**MENNTUN** „Það er jákvætt að ekki þurfti að skera niður, en á móti kemur að engu er bætt við sem er bagalegt,“ segir Katrín Jakobsdóttir



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

dóttir menntamálaráðherra. Úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN)

fyrir næsta skólaár voru kynntar í gær. Grunnframfærsla verður óbreytt frá fyrra ári, eða 100.600 krónur á mánuði.

Katrín segist hafa vakið athygli ríkisstjórnarinnar á stöðu námsmanna. „Grunnframfærslan er allt of lág og ég tel mjög mikilvægt að allra leiða verði leitað til að framfærslan geti í það minnsta fylgt verðlagsþróun. Það er hins vegar ljóst að fjárlagarammi okkar í menntamálaráðneytinu leyfir ekki slíkt.“

- kg/kóp

Nýtt blað á laugardögum:

## Inni og úti í Fréttablaðinu

Nýtt fylgirit, Inni og úti, fylgir Fréttablaðinu í dag. Í því er fjallað um ýmislegt sem tengist sumrinu á einn eða annan hátt, viðburði, ferðalög, afþreyingu, sumarhúsi, mat og menningu. Blaðið kemur út á laugardögum í sumar.

Meðal efnis í fyrsta blaðinu er viðtal við Gunnlaug Stefán Gíslason sem opnar listasýningu í gömlu fjósi í dag, viðtal við ungan brimbrettakappa, góð ráð til að hressa upp á sumarþústaðinn með litlum tilkostnaði og uppskriftir að ljúffengu nesti í lautartúra.

- sjá Inni og úti

Dæmt fyrir líkamsárás í sumarþústað í Grímsnesi í nóvember í fyrra:

## Fjögur ár fyrir banvæna árás

**DÓMSMÁL** Karlmaður sem ákærður var fyrir stórfellda líkamsárás í nóvember á síðasta ári, sem leiddi til dauða, var sakfelldur og dæmdur til að sæta fangelsi í fjögur ár í Héraðsdómi Suðurlands.

Annar karlmaður og tvær konur voru ákærð fyrir brot gegn lífi og líkama með því að hafa látið fyrir farast að koma hinum látna undir læknihendur er hann hafði slasast lífshættulega vegna árásarinnar. Konurnar voru báðar sýknaðar af ákæru en karlmaðurinn sakfelldur og dæmdur til að sæta sex mánaða fangelsi.

Atburðurinn gerðist í sumarþústað í Grímsnesi. Sá sem dæmdur var í fjögurra ára fangelsi sló annan mann hnefahögg í höfuðið, með þeim afleiðingum að hann féll í gólf. Því næst greip hann í fórnarlambið og ýtti honum á gólf af stól sem hann sat á þannig að hann féll á gólf. Þá sparkaði árásarmaðurinn í hann. Maðurinn hlaut marga



SUMARBÚSTAÐURINN Sumarþústaðurinn þar sem líkamsárás leiddi til dauða.

alvarlega áverka og lést af völdum þeirra skömmu síðar.

Árásarmanninum hafði tvisvar verið gerð refsing á síðasta ári, í bæði skiptin fyrir ölvunarakstur. Í síðara skiptið var hann einnig ökuréttindalaus. - jss

## Tíu herflugvélar það sem af er ári

Tvær rússneskar herflugvélar flugu inn í íslenskt loftrýmiseftirlit í síðustu viku. Forstjóri Varnarmálastofnunar hefur ekki sérstakar áhyggjur af flugi erlendra herflugvéla við landið þótt stofnunin verði senn lögð niður í núverandi mynd.

**VARNARMÁL** Tíu rússneskar sprengjuflugvélar hafa flogið um íslenskt loftrýmiseftirlitssvæði það sem af árinu. Hinn 16. júní síðastliðinn flugu tvær rússneskar sprengjuflugvélar um íslenska loftrýmiseftirlitssvæðið í 24.000 til 30.000 feta hæð. Þetta kemur fram í frétt á vef Varnarmálastofnunar Íslands.

Í fréttinni kemur fram að leið vélanna hafi um tíma legið inn í íslenska efnahagslögsögu, og þær hafi verið í um 51 sjómílu fjarlægð frá austurströndinni þegar þær fóru næst landinu. Vélarnar hafi ekki gert vart við sig fremur en endranær. Vélarnar, svokallaðir Birnir af gerðinni Tu-95, geti borið kjarnorkuvopn en ekki liggja fyrir staðfestar upplýsingar um búnað þeirra á ferðum sem þessum. Einnig kemur fram í fréttinni að 54 rússneskar sprengjuflugvélar hafi flogið um íslenska loftrýmiseftirlitssvæðið frá því að bandarískt varnarlið fór frá Íslandi haustið 2006.

Nýlega var tilkynnt sú ákvörðun stjórnvalda að leggja niður stofnunina í núverandi mynd. Ellisif Tinna Víðisdóttir, forstjóri Varnarmálastofnunar, segist ekki hafa sérstakar áhyggjur af flugi erlendra herflugvéla við landið þótt svo sé. „Utánríkisráðuneytið hefur sagt skýrt og greinilega að niðurskurðurinn muni ekki bitna á varnar- og öryggisskuldbindingum Íslendinga. Því hef ég ekki áhyggjur þótt einhverjar formbreytingar verði gerðar á stofnuninni. Eina áhyggjurnar eru þær að þær rekist á farþegavélar á flugi, en sú hættu



RÚSSNESKUR BJÖRN Formaður Varnarmálastofnunar segir einu áhyggjur sínar varðandi flug erlendra herflugvéla við landið vera hættu á að þær gætu rekist á farþegavélar á flugi.

Einu áhyggjurnar eru þær að þær rekist á farþegavélar á flugi, en sú hættu hefur alltaf verið til staðar.

**ELLISIF TINNA VÍÐISDÓTTIR** FORSTJÓRI VARNARMÁLASTOFNUNAR

hefur alltaf verið til staðar,“ segir Ellisif.

Stefán Pálsson, formaður félags Hernaðarandstæðinga, segir það plagsið sem gildi um öll risaveldi

að þau telji sig ekki bera skyldu til að láta einn né neinn vita um ferðir herja sinna. „Því er sjálfsgagt að fylgjast með slíkum ferðum. En tímasetningin á þessum uppslætti á vef Varnarmálastofnunar jaðrar við að vera krúttlegur. Hún ber með sér að þarna sjái menn fram á að stofnunin verði lögð niður, og reyni því á örvæntingafullan hátt að réttlæta þörfina og berjja sér á brjóst, án þess að neinar nýjar upplýsingar komi fram,“ segir Stefán Pálsson.

kjartan@frettabladid.is

## Margir á leið út úr bænum: Umferðarþungi á þjóðveginum

**UMFERÐ** Mikil umferð var út úr höfuðborginni síðdegis í gær og fram á kvöld. Á Suðurlandsvegi var umferðarþungi mikill og var bíll við bíl í Kömbunum við Hveragerði á tímabili. Þó aðist bílalestin hægt áfram þar til um níuleytið í gærkvöldi.

Sömu sögu var að segja á Vesturlandsvegi. Þar var mikil umferð langt fram á kvöld. Að sögn lögreglu á Selfossi og í Borgarnesi gekk umferðin þó vel eftir aðstæðum.

Mjög góð veðurspá er fyrir helgina og hefur hún eflaust ýtt við ferðalöngum landsins.

## Frumvörp um persónukjör: Verða óróðuð

**STJÓRNARMÁL** Ríkisstjórnin hefur afgreitt frumvörp um persónukjör bæði í Alþingis- og sveitarstjórnarkosningum.

Kerfið sem lagt er til byggir á írskri fyrirmynd og felur í sér svipað kerfi og notað er við prófkjör.

Efstu sæti hvers lista, jafnmörg þingsæta í kjördæminu, verða þannig óróðuð og eru þeir frambjóðendur boðnir fram til persónukjör. Afgangur listans verður raðaður eins og verið hefur.

Porkell Helgason stærðfræðingur hefur haft umsjón með gerð frumvarpanna tveggja. - sh

Andlát poppstjörnu:

## Lögregla leitar læknis Jacksons

**ANGLÁT** Lögreglan í Los Angeles leitar nú að lækni söngvarans Michaels Jackson, sem lést á fimmtudagskvöld af völdum

hjartraáfalls, þar sem hún telur að hann geti gefið mikilvægar upplýsingar varðandi andlát söngvarans.

Lögregla ræddi við lækninn eftir lát

Jacksons á fimmtudag en hafði ekki uppi á honum í gær þegar færa átti hann til frekari yfirheyrslna. Samkvæmt heimildum erlendra fréttaveitna á söngvarinn að hafa fengið daglega lyfjagjöf af verkjalyfinu Demerol, sem hefur svipaða verkan og morfín. Talið er mögulegt að poppgóðið hafi fengið of stóran skammt af lyfinu. - kg

Tillögur um umferð um Dyrhólaey á varptíma ná ekki fram að ganga:

## Mikil umferð um Dyrhólaey

**NÁTTÚRA** Mikil umferð hefur verið um Dyrhólaey frá því opnað var fyrir hana síðastliðinn föstudag, segir Þorsteinn Gunnarsson bóndi á Vatnsskarðshólum en hann nýttar æðarvarpið í Dyrhólaey. „Þetta er mest fólk á einkabílum, það er einhverra hluta vegna minna um rútur núna,“ segir hann.



ÞORSTEINN GUNNARSSON

Umhverfisstofnun lét meta ástand varpsins á eyinni þann 8. júní og mat Arnór Þ. Sigfússon fuglafræðingur það svo að æðarvarp væri afar lítið sérstaklega ef miðað er við ástandið þar árið 1999.

Var talið að bílaumferð þar eftir 10. júní myndi ekki hafa mikil áhrif á varpið vegna þess hve lítið það væri. Í vor lagði Umhverfisstofnun fram tillögur um að leyfa umferð um eyrna frá 1. maí til 25. júní í rútu frá landeigendum og gegn sérstöku gjaldi. Þessar tillögur mættu mikilli andstöðu fólks í ferðaþjónustunni og nokkurra sveitarstjórnarmanna og náðu því ekki fram að ganga. Þorsteinn telur þá ekkert annað koma



FRÁ DYRHÓLAEY Bæði fuglar og ferðamenn sækja í Dyrhólaey en það reynist nokkur vandi að höndla þetta tvöfalda lán.

til greina en að loka fyrir umferð á þessu tímabili á hverju ári. „Ég er hræddur um að bóndi gæti ekki nýtt tón sín ef það væri sífellt umferð um þau,“ segir Þorsteinn. „Það er það sama með æðarvarpið, það er erfitt að koma því upp og halda því við nema til þess fáiast einhver friður.“ - jse

Sumarleikur Skeljungs:

Þú gætir unnið  
30.000 kr.  
inneignir í sumar!

Varumarki Shell eru notað af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.



# TAX FREE!

aðeins um helgina

# TAX FREE!



**TAX FREE!  
TAX FREE!  
SLÁTTUVÉLAR  
OG  
SLÁTTUORF**

**Rafmagnsvélar  
og bensínvélar  
í úrvali**

## FRÁBÆRT VERÐ Á VIÐARVÖRN

3 ltr.  
**2.499**

Mest seld  
pallaolía  
á Íslandi



**Jotun Treolje, 3 ltr**  
Langmest seld pallaolía á Íslandi. Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og blöndum einnig fjölda lita.  
7049123/33/37

5 ltr.  
**7.299**  
~~9.495~~

**HELGAR  
TILBOÐ**



**Frábær  
á sumarhúsið,  
skjólgirðingar og  
viðarklæðningar**

**Gori 44+**  
5 ltr.  
7042520-530

**Gildir í verslunum  
Húsasmiðjunnar um land allt**



Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	126,88	127,48
Sterlingspund	209,25	210,27
Evra	178,68	179,68
Dönsk króna	23,992	24,132
Norsk króna	19,726	19,842
Sænsk króna	16,234	16,330
Japanskt jen	1,3270	1,3348

SDR 196,68 197,86

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
217,6938  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Minna fékkst upp í kröfur en vonir stóðu til að sögn stjórnarformannsins:

# Íslensk afþreying gjaldþrota

**GJALDÞROT** Stjórn Íslenskrar afþreyingar óskaði eftir því í gær að félagið yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Félagið hét áður 365 og Dagsbrún en nafni þess var breytt í Íslenska afþreyingu í nóvember síðastliðinn þegar fjölmiðlahluti félagsins var seldur.

„Stefnan var frá upphafi að selja allar eignir og ljúka starfsemi þessa félags,“ segir Ari Edwald, stjórnarformaður Íslenskrar afþreyingar.

Ari segir að engar eignir séu til staðar í félaginu og að ákvörðunin hafi ekki áhrif á rekstur Senu, Saga Film og 365 miðla. Þessi félög



**STJÓRNARFORMAÐURINN** Ari Edwald, stjórnarformaður Íslenskrar afþreyingar, segir að minna hafi fengist upp í kröfur en vonir stóðu til.

voru seld út úr Íslenskri afþreyingu í vetur.

Heildarkröfur á hendur Íslenskri afþreyingu nema um

fimm milljörðum króna. Stærsta krafan er skuldabréfaflokkur upp á rúmlega 2,5 milljarða króna sem Íslensk afþreying og Teymi voru ábyrg fyrir. Aðrir kröfuhafar eru Landsbankinn og 365 miðlar.

Ari segir að ástæður þess að ekki fékkst meira upp í kröfur vera að mun minna hafi fengist fyrir eignir félagsins en gert var ráð fyrir í nóvember. Sem dæmi nefnir Ari að einungis hafi fengist 500 milljónir fyrir Senu en félagið hafi verið keypt á 3,6 milljarða árið 2006. Einnig hafi lítið fengist fyrir EFG sem rekur meðal annars Saga Film og önnur sambærileg fyrirtæki á Norðurlöndunum.

## Tvær björgunaræfingar: Æfa mannbjörg úr Gullfossi

**ÆFING** Tvær björgunaræfingar fara fram um helgina. Annars vegar ætla Björgunarsveit Hafnarfjarðar og Björgunarsveitin Súlar frá Akureyri að æfa björgun úr Gullfossi. Þar verður látið sem svo að ferðamaður hafi fallið niður í fossinn og flotið að klöpp sem klýfur fossinn í tvennt. Síðan verður línu skotið yfir á hinn bakkann, sem björgunarmaður hyggst klifra eftir og síga niður í gilið.

Þá mun umfangsmikil æfing fara fram á hálandinu, þar sem margar björgunarsveitir munu æfa viðbrögð við umferðarslysum fjarri byggð.

## Maður dæmdur fyrir fjárdrátt: Stal meðlagi og notaði í rekstur

**DÓMSMÁL** Tæplega fimmtugur karlmaður hefur verið dæmdur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir fjárdrátt. Jafnframt til að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga hálfa milljón króna.

Sá dæmði hélt tæplega 350 þúsund krónum eftir af launum starfsmanns fyrirtækis, þar sem hann starfaði sem framkvæmdastjóri og stjórnarformaður. Peningana, sem ganga áttu upp í meðlagsskuldur starfsmannsins, notaði hann í rekstur fyrirtækisins.

Fjárdráttur framkvæmdastjórans stóð yfir mánaðarlega frá janúar og fram í ágúst árið 2007. -js

## 70 missa vinnu í Borgarnesi: Loftorka óskar eftir gjaldþroti

**ATVINNUMÁL** Fyrirtækið Loftorka í Borgarnesi lagði í gær inn beiðni til Héraðsdóms Vesturlands um að félagið yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Hjá fyrirtækinu starfa 70 manns. Það er stærsti vinnustaður Borgarness. Skiptastjóri verður nú settur yfir búíð.

Haft er eftir Óla Jóni Gunnarsyni, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, á vef Skessuhorns, að Glitnir, viðskiptabanki Loftorku, hafi ekki séð grundvöll fyrir áframhaldandi rekstri. Því muni menn ekki mæta til vinnu á ný eftir helgi. Þegar best lét, árið 2007, störfuðu um 300 manns hjá Loftorku. -sh

### LEIÐRÉTTING

Jóhanna G. Harðardóttir Kjalnesinga- goði sá um þrjár af fjórum vigsluathöfnum á Þingblóti Ásatrúarfélagsins, en ekki Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði eins og sagt var í Fréttablaðinu í gær.



**DÝRT AÐ DREKKA** Áfengi og tóbak gæti hækkað verulega í verði á næstu misserum ef áform ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga.

# Boða stóreignaskatt og hækkun á áfengi

Óhjákvæmilegt er að niðurskurður leiði til skertrar félags- og heilbrigðisþjónustu og minna námsframboðs, segir í nýrri skýrslu um jöfnuð í ríkisfjármálum. Frekari hækkunir á áfengis- og tóbaksgjaldi eru boðaðar og rætt um stóreignaskatt.

**EFNAHAGSMÁL** Fjármálaráðherra boðar 30 til 40 prósent hækkun á áfengis- og tóbaksgjaldi á næstu mánuðum í nýrri skýrslu um jöfnuð í ríkisfjármálum sem gerð var opinber í gær. Áætlað er að slíkar hækkunir gætu skilað ríkinu fjórum milljörðum í auknar tekjur. Hægt væri að hækka gjöldin í áföngum út næsta ár.

Skýrslan var lögð fyrir Alþingi í gær en ekki rædd. Í henni er farið yfir nauðsynlegar aðgerðir til að brúa fjárlagagatið - en þær skiptast í tekjuöflunarleiðir, aðallega skattahækkunir, og leiðir til niðurskurðar.

Viðurkennt er í skýrslunni að „jafnvel þótt leitast verði við að hlífa félagslega og samfélagslega viðkvæmum sviðum og vinnuafslafrekri starfsemi [náist] ekki mikill árangur án þess að stig félagslegrar þjónustu svo sem í tryggingamálum og heilbrigðis-

málum lækki umtalsvert, dregið verði úr menntunarfremboði og starfsfólki á vegum ríkisins fækki.“

Meðal skattahækkana sem boðaðar eru í skýrslunni eru skattur á komufarþega og hótelsgistingu, sem kynnu að afla ríkissjóði um 700 milljóna á ári, frekari hækkun á bensín- og olúgjaldi og sérstakt kolefnisgjald sem lagt yrði á alla vöru og hráefnisnotkun sem veldur kolefnislosun, meðal annars álver.

Kolefnisgjald er talið geta skilað allt að 7,5 milljörðum í ríkiskassann árlega. Tekið er fram í skýrslunni að slíkt gjald kynni hins vegar hugsanlega að hafa áhrif á þá sem hug hafa á að reka álverksmiðjur hér á landi.

Einnig er tæpt á því að æskilegt gæti verið að hækka tekjuskatt frá og með næstu áramótum, en slík hækkun gæti aflað ríkinu 30 til 40 milljarða á ári. Þá er það nefnt

sem möguleg leið að hækka lægra skattþrep virðisaukaskatts úr sjö prósentum í tólf, sem myndi auka tekjur ríkissjóðs um sjö milljarða, eða jafnvel í fjórtán prósent, sem myndi skila tíu milljörðum í auknar tekjur.

Enn fremur er tekið fram að til álita komi að huga að breytingum á sköttum eins og eignaskatti og erfðafjárskatti. Í tilvikum eignaskatta yrði eingöngu um að ræða skatt á mjög mikla eign, það er eins konar stóreignaskatt á tekjugefandi eignir.

Eignaskattur var afnuminn árið 2006 og hafa hugmyndir um endurupptöku hans til þessa vakið hörð viðbrögð samtaka eldri borgara, sem telja slíkan skatt helst bitna á eldra fólki. „Rétt er að taka fram að engar mótaðar hugmyndir liggja fyrir um breytingar á þessum tveimur skattstofnum,“ segir í skýrslunni. stigur@frettabladid.is

## Ástæðan gæti verið þroski: Strákar hærri þegar karlar kenndu

**MENNTUN** „Stelpur taka oft fyrr út þroska en strákar. Það gæti verið ástæðan,“ segir Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, spurður hverja hann telji ástæðu þess að stúlkur eru með hærri einkunnir en drengir í grunnskóla og eru nú í miklum meirihluta í vinsælustu framhaldsskólum landsins. Hann segir að KÍ hafi ekki rætt þetta á fundum.



**EIRÍKUR JÓNSSON**

Aðspurður telur Eiríkur ástæðuna ekki vera að meirihluti kennara sé konur. Þó segir hann áhugavert rannsóknarefni að athuga hvað hafi breyst á undanföllum áratugum frá því að karlmenn voru meirihluti kennara. Þá hafi drengir verið með hærri einkunnir. -vsp

Styrkir til flokka árið 2006: Framsókn er að íhuga birtingu

## Framsókn er að íhuga birtingu

**STJÓRNMÁL** Innan Framsóknarflokks hefur verið rætt hvort birta eigi yfirlit um styrki til einstakra aðildarfélaga og ráða flokksins fyrir árið 2006, líkt og Samfylking gerði í lok maí.

Lítill tími hefur þó gefist til þess háttar fundarhaldna í mánuðinum, sérstaklega vegna anna á Alþingi. Birtingu gagnanna er því enn til umræðu en óvíst hvort hefst fyrir mánaðamót að ljúka henni.

Fjáröflun félaga og ráða stendur fyrir utan yfirlit um fjáröflun flokkanna á landsvísu. -kóp

**Sérferð**

## Rüdesheim við Rín

Ógleymanleg upplifun! Verð á mann í tvíbyli:

**20.-25. ágúst 2009 99.900 kr.**

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á góðu hóteli í miðborginni í 5 nætur með morgunverði og akstur til og frá flugvelli.

Fleiri dagsetningar og nánari upplýsingar á [expressferdir.is](http://expressferdir.is) eða í síma 5 900 100

**Express ferðir**  
Ferðaskrifstofja í eigu Iceland Express

## VEÐURSPÁ

**Sigurður Þ. Ragnarsson**  
Veðurfræðingur

**HELGARHORFUR**  
Blíðskaparveður verður þessa helgina víða um land. Í dag verður hægviðri en hafgola við stendur landsins, einkum norðanlands. Þar má búast við þokulofti og í því verður svalt. Hiti til landsins gæti náð 20 stigum allvíða. Á morgun verður hins vegar dálítill væta syðra með vindi allra syðst en þá verður bjart nyrðra og hiti um 20 stig.

**Á MORGUN**  
8-13 m/s sunnan til annars 3-8

**MÁNUDAGUR**  
Hæg, austlæg átt.


**HEIMURINN**

Alicante	29°
Amsterdam	24°
Basel	23°
Berlín	25°
Billund	25°
Eindhoven	27°
Frankfurt	26°
Friedrichshafen	24°
Gautaborg	27°
Kaupmannahöfn	22°
Las Palmas	26°
London	26°
New York	27°
Orlando	33°
Ósló	27°
París	25°
Róm	30°
Stokkhólmur	25°


Vindhraði er í m/s. Hitastig er í °C. Gildistími korta er um hádegi.

„Þú getur lækkað greiðslubyrðina af verðtryggðu húsnæðisláni.“


Hannes Guðmundsson  
útibússtjóri í Lækjargötu



„Margir glíma við aukna greiðslubyrði í kjölfar hækkunar á verðtryggðum húsnæðislánum. Með greiðslujöfnun miðast afborganir við greiðslujöfnunarvísitölu í stað neysluverðsvísitölu eins og áður.“



„Greiðslujöfnunarvísitalan fylgir launaþróun og atvinnustigi í landinu sem veldur því að afborganir lækka en í staðinn lengist lánstíminn tímabundið.“



„Þannig minnkar greiðslubyrðin þegar efnahagslífið er í lægð en í uppsveiflu hækka afborganir í takt við aukna greiðslugetu og lánstíminn styttest aftur.“

Neysluverðsvísitala      Mánaðarleg afborgun  
Greiðslujöfnunarvísitala      Mismunur á afborgunum



## Greiðslujöfnun verðtryggðra húsnæðislána

### KOSTIR

- Léttari greiðslubyrði á erfiðum tímum
- Greiðslubyrði helst betur í hendur við greiðslugetu þína til framtíðar
- Kostar ekkert og hægt er að segja greiðslujöfnuninni upp hvenær sem er

### ÓKOSTIR

- Lánstíminn lengist, a.m.k. tímabundið
- Lengist lánstíminn felur það í sér hærri kostnað í formi vaxta og verðbóta
- Eignamyndun í húsnæði getur orðið hægari til skamms tíma

### DÆMI UM GREIÐSLUJÖFNUN

Verðtryggt húsnæðislán að upphæð 20 milljón kr. þann 1. janúar 2009

- Lánstími 40 ár
- Vextir 5,10%
- Afborgun fyrir greiðslujöfnun m.v. 1. júní 2009 = 114 þúsund kr.
- Afborgun eftir greiðslujöfnun m.v. 1. júní 2009 = 98 þúsund kr.
- Mismunur = 16 þúsund kr. eða 14% lækkun á greiðslubyrði

Kynntu þér greiðslujöfnun verðtryggðra húsnæðislána hjá ráðgjöfum Íslandsbanka eða á [islandsbanki.is](http://islandsbanki.is)

  
Íslandsbanki

**KJÖRKASSINN**



Erta bjartsýnni á ástandið eftir undirritun stöðugleikasáttmálans?

Já	30%
Nei	70%

**SPURNING DAGSINS Í DAG**  
Átt þú plötu með Michael Jackson?

Segðu skoðun þína á [visir.is](http://visir.is).



Fræðimenn og þingmenn stjórnaflökkanna á öndverðum meiði:

## Allt nötrar enn vegna Icesave

**EFNAHAGSMÁL** Enn er alls óvíst hvort ríkisábyrgð vegna Icesave-lánsins verður samþykkt á Alþingi. Til stendur að frumvarpið verði lagt fram í næstu viku.

Fram hefur komið að samþykktinu velti á afstöðu Vinstri grænna. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði í fréttum í gær að það væri yfiringilegt ábyrgðarleysi af sjálfstæðismönnum að ætla að afneita ábyrgð sinni á Icesave-málinu og greiða atkvæði gegn samningnum.

Á sama tíma sagðist Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingflokksformaður Vinstri grænna, að öllum líkindum ætla að greiða atkvæði



GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR

STEINGRÍMUR SIGFÚSSON

gegn samningnum. Ögmundur Jónsson heilbrigðisráðherra hefur sagst mjög efins um samninginn, líkt og tveir þingmenn flokksins til viðbótar.

Björn Valur Gíslason, þingmaður VG og varaformaður fjárlaganefndar, sagði Ísland dæmast til einangrunar ef samningnum yrði hafnað. Hann tók þar með undir orð Þórólfs Matthíassonar hagfræðiprófessors, sem sagði í Fréttablaðinu í gær að það væri glapræði og óábyrgt að ætla að greiða atkvæði gegn samningnum.

Þá sagði Sigurður Líndal lagafræðingur að Alþingi yrði að samþykkja samninginn, eins og hver önnur sigruð þjóð. Jón Danielsson, hagfræðiprófessor í London, segir hins vegar að Alþingi eigi að hafna samningnum. Nú, þegar betur árar í Evrópu, væri hægt að ná betri samningi.

-sh

Skýrsla íslensks sérfræðings:

## Sat saklaus í fangelsi í sjö ár

**BRETLAND** Ian Lawless, breskur maður sem árið 2002 var dæmdur fyrir morð og hefur setið í fangelsi síðan, hefur verið látinn laus. Maðurinn sem Lawless játtaði að hafa myrt, var ranglega grunaður um barnagirnd.

Lawless var handtekinn í kjölfar þess að hann montaði sig af morðinu á knæpu. Gísli H. Guðjónsson, rannsóknarprófessor við Kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík og einn fremsti sérfræðingur heims í fólkskum játningum, vann skýrslu um sakborninginn og niðurstaða hennar var sú að Lawless sé haldinn sjúklegri athyglissýki.

-kg

## Yfirfull fangelsi nú skapa hættuástand

Einangrunarklefar eru nú nýttir til að vista á almennum afplánunarfanga. Ekki er hægt að taka mjög hættulega fanga úr umferð. Starfsumhverfi fangavarda orðið hættulegt. Norræna fangavardasambandið hefur áhyggjur.

**FANGELSISMÁL** Gripið hefur verið til þess ráðs að nýta einangrunarklefa í fangelsum hér á landi til vistunar á almennum afplánunarföngum. Öll fangelsi eru yfirfull og um 200 brotamenn á boðnarlista til afplánunar, auk 1.600 einstaklinga sem sitja eiga af sér vararefsingu. Virkir, dæmdir brotamenn leika lausum hala þar sem ekki er pláss til að láta þá hefja afplánun, eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

Notkun einangrunarklefanna til afplánunar gerir starfsumhverfi fangavarda hættulegt, segir Einar Andrésson, formaður Fangavardaafélags Íslands.

„Það er mjög erfitt að vinna við þær aðstæður sem skapast þegar komið er yfir 100 prósent nýtingu í fangelsunum og að geta þá ekki gripið til þeirra öryggis-tækja sem við höfum þó haft, það er að geta einangrað menn á stundinni og tekið þá úr umferð. Þetta þýðir að við höfum ekki lengur tök á því að einangra mjög hættulega fanga.“

Norræna fangavardasambandið hefur fjallað um alvarlega stöðu fangelsismála hér á landi. Það segir að ástandið valdi áhyggjum hjá norrænum fangavardaafélögum. Það hafi í för með sér óviðunandi vinnuálag á starfsfólk. Þrátt fyrir stöðuna hafi ríkisstjórnin ákveðið að fresta byggingu tveggja nýrra fangelsa í Reykjavík og á Litla-Hrauni.

Kim Østerbye, formaður sambandsins, segir að nú sé farið að



Í FANGELSI Norræna fangavardasambandið hefur áhyggjur af alvarlegri stöðu fangelsismála hér á landi, bæði með tilliti til aðbúnaðar fanga og starfsfólks fangelsanna. Myndin er frá fangelsinu Litla-Hrauni á Eyrarbakka.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

tívímannna einstaklingsklefa.

„Þetta hefur í för með sér óásættanlegt vinnuálag á starfsfólk, auk þess stress og aukna hættu á veikindum,“ bætir hann við.

„Aðbúnaður í fangelsum á Íslandi gerir stöðuna enn alvarlegri, núverandi byggingar eru úrleitar. Elstu fangelsin eru allt frá 1874. Við höfum skilning á því að Ísland er í miðri fjármálakreppu, en menn verða að halda sig við lágmarkskröfur um aðbúnað innan fangelsanna, bæði með tilliti til fanga og starfsfólks. Því ber ríkisstjórninni að endur-

skoða ákvörðun sína um uppbyggingu nýrra fangelsa,“ segir Østerbye.

Einar segir afar erfitt að sjá hvernig fangelsismálin eigi að ganga upp, ekki síst í ljósi boðs tíu prósentu niðurskurðar á næsta ári.

„Þá hefur Fangavardaaskólanum verður lokað vegna sparnaðar, þannig að ekki er hægt að mennta fleiri fangaverði í augnablikinu, bætir hann við. Stjórn-málamaðmenn verða að horfast í augu við ástandið.“

jss@frettabladid.is

Dómsmálaráðuneytið sendir stofnunum sem undir það heyrta tölvupóst:

## Ríflega 300 milljóna aukaniðurskurður í dómsmálaráðuneytinu

**DÓMSMÁLARÁÐUNEYTI** Dómsmálaráðuneytið hefur boðað forstöðumönnum flestra stofnana sem undir það heyrta niðurskurð á seinni hluta þessa árs upp á ríflega 300 milljónir króna, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Þessi niðurskurður í rekstri umræddra stofnana kemur til viðbótar þeim niðurskurði sem áður hafði verið ákveðinn fyrir þetta ár.

Jón Magnússon, skrifstofustjóri rekstrar- og fjármálaskrifstofu ráðuneytisins, vildi ekki láta af hendi upplýsingar um niðurskurð hjá einstökum stofnunum, þar sem þær flokkuðust undir vinnuskjöl þess. Þær yrðu gerðar opinberar með frumvarpi til fjárukaalaga.

Sem dæmi má nefna að Lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins er gert að skera niður um sextíu milljónir króna á seinni hluta ársins, samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið hefur aflað sér. Forstjóra Fangelsismálastofnunar er gert að skera niður um tuttugu milljónir.

Jón Magnússon sagði enn fremur að í tölvupósti um til forstöðumannanna hefði, auk tilkynningar um niðurskurðartölu viðkomandi, verið vakin



DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ Boðar niðurskurð til viðbótar á síðari hluta þessa árs.

athygli á því að væntanlega þyrfti að meðaltali að skera niður um tíu prósent á næsta ári.

-jss

**MILJÓUN**

4. SÆTI SKÁLDVERK METSÖLULISTA EYMUNDSSON

TILNEFNDUR TIL ÍSLENSKU BOKMENNTA VERÐLAUNANNA FYRIR LANDSLAG ER ALDREI ASNALEGT (2003)

HANDBÓK UM HUGARFAR KÚA SKÁLDFRÆDISAGA

BERGSVEINN BIRGISSON

BJARTUR [www.bjartur.is](http://www.bjartur.is)

**ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐUR**  
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum árið 2009 vegna ársins 2010.

Þjóðhátíðarsjóður, sem starfar samkvæmt skipulagsskrá nr. 361 frá 30. september 1977 með áorðnum breytingum, var stofnaður í tilefni af 1100 ára búsetu á Íslandi 1974.

**Tilgangur sjóðsins er:**

- að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verk efni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.

Við það skal miðað, að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau. Á síðasta ári veitti sjóðurinn 56 styrki samtals að fjárhæð 30,4 m.kr.

Á næstu tveimur árum frá og með árinu 2009 mun sjóðurinn hafa um 33 m.kr. á ári til úthlutunar styrkja. Úthlutunum úr sjóðnum lýkur að þeim tíma liðnum, þ.e. 2010 vegna ársins 2011 og er þá reiknað með að sjóðurinn hafi þegar úthlutað öllu fé sínu í samræmi við tilgang hans.

**Umsóknir**  
Einungis verður tekið við umsóknum á þar til gerðum eyðublöðum. Þau má finna á vefsíðu Seðlabanka Íslands <http://www.sedlabanki.is/?PageID=28>. Enn fremur má nálgast eyðublöð í afgreiðslu Seðlabankans, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík.

**Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2009** og er stefnt að því að úthlutað verði úr sjóðnum 1. desember 2009 með athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Umsóknir skal senda Þjóðhátíðarsjóði, Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

**Nánari upplýsingar eru veittar í sínum 569 9628 og 569 9781 eða á netfanginu: [thjodhatidarsjodur@sedlabanki.is](mailto:thjodhatidarsjodur@sedlabanki.is).**

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs

# Grill og


Í dag laugardag

frá kl. 12-14

# hoppukastali

# í BYKO Breidd

Grillaðar pylsur og gos



## SodaStream tækin eru komin aftur!

Vnr. 94990000

**SodaStream**

SODASTREAM TÆKI

1 GASHYLKI OG 1 EINS LÍTRA PLASTFLASKA FYLGIR

# 13.990



## SodaStream

FYRIR KORTHAFNA  
BYKO KORTSINS

# 11.990

Gildir til 30. júní

### NÝTT MÓDEL

Ath.: Gömlu gashylkin ganga ekki með þessari nýju tegund SodaStream tækja.



Vnr. 88098157-8

**Útilegustóll**

Útilegustóll, grænn eða blár.

# 1.490

Líka stólar fyrir börnin



**ÓDÝRT**

Vnr. 88012341/4

**Vindsæng**

Vindsæng 76x190x20 cm eða tvöföld 137x190x13 cm.

Verð frá

# 1.990

# 20% AFSLÁTTUR\*

+5%



VIÐBÓTARAFSLÁTTUR TIL KORTHAFNA BYKO\*

## AF ALLRI VIÐARVÖRN OG ÚTIMÁLNINGU!

\*Gildir ekki með öðrum tilboðum.



Vnr. 87976520

**Kaelibox**

Kaelibox 30 l, 12V.

# 10.990

# 21 FYRIR af öllum sumarblómum

Sumarblóm fást í BYKO Breidd, Kaupþúni og Granda.

**ÓDÝRT**



## VEISTU SVARID?



- 1 Hvaða heimsfrægi poppari lést á fimmtudag?
- 2 Hvað er Holtsvöllur í Kópavogi gamall um þessar mundir?
- 3 Hvað heitir formaður rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Einn situr í gæsluvarðhaldi vegna hrottalegrar líkamsárásar:

## Bróðir árásmanns tekinn

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók á fimmtudag mann sem sterktlega er grundaður um að tengjast alvarlegu líkamsárásarmáli. Bróðir þess handtekna hafði áður verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 29. júní vegna málsins.

Árásin átti sér stað í Smá-ísbúðahverfinu 21. júní síðastliðinn. Lögregla var kvödd til og reyndist þar vera maður, alblóðugur á höfði.

Hann var fluttur á spítala til aðhlyningar, brotinn í andliti með marga langa og gapandi skurði á höfðinu. Auk þess var hann með ýmiss konar áverka á

höfði, brjóstakassa og útlimum.

Í kjölfarið fór lögregla að tilteknu húsi í Smáísbúðahverfinu. Þar inni mátti glögglega sjá merki um líkamsárás; blóð úti um allt og blautan þvegil, blóði drifinn. Í ruslatunnu við húsið fannst blautt og blóðugt handklæði. Við yfirheyrslur kom í ljós að sá sem nú er í gæsluvarðhaldi hefði setið með bróður sínum og fórnarlambinu að drykkju í húsinu.

Fimm manns voru handteknir vegna málsins en fjórum sleppt fljótlega.

Sá sem tekinn var á fimmtudaginn var yfirheyrður samdægurs.

-jss



**RUSLATUNNA** Blautt og blóðugt handklæði fannst í ruslatunnu við húsið þar sem manninum var misþyrmt.

Karlaður á sextugsaldri:

## Hótaði lífláti og nauðgun

**DÓMSMÁL** Ríkissóknari hefur ákært fyrir Héraðsdómi Reykjaness karlmann á sextugsaldri fyrir brot gegn valdstjórninni og fíkniefnalagabrot.

Lögreglan hafði afskipti af manninum í desember 2007. Við leit á honum fundust rúmlega sjö grömm af kannabisefni. Hann var færður á lögreglustöð, þar sem hann hótaði tveimur lögreglumönnum ofbeldi; að nauðga lögreglukonu og drepa lögreglu-mann.

Ákærvaldið krefst þess að maðurinn verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

-jss

## LÖGREGLUFRÉTTIR

## Bífhjólalys á Bolöldu

Karlaður hlaut lítills háttar meiðsl í bífhjólalysi sem var á Bolöldu við Litlu kaffistofuna rétt fyrir klukkan sjö í gærkvöldi. Tveir kepptu í motocross-akstri og virðist annar hafa runnið til og lent á grjóti, samkvæmt upplýsingum frá Lögreglunni á Selfossi.

## RÚSSLAND

## Réttáð aftur í morðmáli

Réttáð verður á nýjan leik yfir þremur mönnum sem voru í febrúar sýknaðir af ákæru um að hafa drep- ið rússnesku blaðakonuna Önnu Politkovskaju árið 2006. Hæstiréttur Rússlands tók ákvörðun um það í gær.

Robert Mugabe vill fá Simbabwe-dalinn aftur:

## Vill gjalddeyrishöft á ný

**EFNAHAGSMÁL** Robert Mugabe, forseti Simbabwe, sagði í gær að það kæmi til greina að gera Simbabwe-dalinn aftur að eina gjaldmiðli þjóðarinnar.

Simbabwe-dalurinn hefur verið gjaldmiðillinn frá árinu 1980 en í janúar mældist verðbólga í landinu 230 milljónir prósentu. Gripið var til þess ráðs að aflétta banni af erlendum gjaldmiðlum í kjölfarið.

Við það fóru þegar landsins að notast við aðra gjaldmiðla eins og Bandaríkjadal og suðurafrikt rand, sem leiddi til lækkandi verðlags. Mugabe telur þó að þetta hafi valdið miklum skaða í sveitum



**ROBERT MUGABE** Forseti Simbabwe segir afnám gjalddeyrishafta hafa valdið skaða til sveita, en þeim var aflétt í 230 milljóna prósentu verðbólgu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

landsins þar sem fólk hafi ekki aðgang að fjármagni.

-vps



**Á G8-FUNDINUM SEM HÓFST Í GÆR** Hér að ofan er sérstök nefnd um málefni Mið-Austurlanda, Tony Blair, Benita Ferrero-Waldner, Sergej Lavrov, Ban Ki-Moon, Javier Solana, George Mitchell og Jan Kohout á blaðamannafundi í Trieste í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Hvetja til friðar í Íran

Leiðtogar G8-ríkjanna fordæmdu kjarnorkutilraunir Norður-Kóreumanna á árlegum fundi sínum. Hvatt er til friðsamlegra lausna í Íran sem fyrst.

**ÍTALÍA, AP** Leiðtogar G8-ríkjanna gagnrýna ofbeldið sem hefur verið viðhaft eftir kosningarnar í Íran og krefjast þess að því linni. Þeir hvöttu Írana til þess að virða grundvallarmannréttindi líkt og tjáningarfrelsi og lýstu yfir samstöðu með fórnarlömbum. Þá sagði í yfirlýsingu þeirra að tryggja verði að vilji írönsku þjóðarinnar verði endurspegladur og leyst úr deilum fljótt með lýðræðislegum umræðum og á friðsælan hátt. Leiðtogar G8-ríkjanna halda nú árlegan fund sinn í Trieste á Ítalíu. Í yfirlýsingu eru stjórnmöld í Íran ekki gagnrýnd og tekið fram að sjálfstæði Írans sé virt.

Ástandið í Íran hefur mikið verið rætt á fundunum, en einnig hefur áhersla verið lögð á Afganistan og

Pakistan, sem og friðarviðræður í Mið-Austurlöndum. Upprunalega höfðu Ítalir boðið Írönum að taka þátt í fundinum sem gestir, vegna þess að Íranar gætu gegnt mikilvægu hlutverki við að koma á stöðugleika í Íran. Það boð var þó dregið til baka.

Ísraelar voru hvattir til þess að hætta allri uppbyggingu á landtökusvæðum eftir fund Bandaríkjanna, Rússlands, Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins í gær.

G8-ríkin fordæmdu einnig í gær kjarnorku- og eldflaugatilraunir í Norður-Kóreu og hvöttu yfirvöld Norður-Kóreu til þess að snúa aftur að samingaborðum vegna kjarnorkumála.

thorunn@frettabladid.is



## DIPLÓMANÁM Í MANNAUÐSSTJÓRNUN

Opni háskólinn býður upp á hagnýtt 36 ECTS eininga **DIPLÓMANÁM Í MANNAUÐSSTJÓRNUN**, nám samhliða vinnu.

Markmið námsins er að nemendur fái hagnýta þekkingu á mannaúðsstjórnun og tilgangi hennar og nægilega þekkingu og hæfni til að geta nýtt sér námið í starfi á markvissan og árangursríkan hátt.

## NÁMIÐ ER SAMANSETT AF EFTIRTÖLDUM NÁMSKEIÐUM:

- Mannauðsstjórnun
- Fræðsla, þjálfun og starfsþróun
- Vinnuréttur
- Stjórnun og forysta
- Hagnýt vinnusálfræði
- Lokaverkefni

## KENNSLUFYRIRKOMULAG:

- Námið hefst haustið 2009 og því lýkur vorið 2010.
- Nám samhliða starfi – kennt er tvisvar í viku.
- Námið fer einnig fram á Akureyri í samstarfi við SÍMEY.
- Umsóknarfrestur er til 15. ágúst.

Opið fyrir umsóknir á [www.opnihaskolinn.is](http://www.opnihaskolinn.is)

Nánari upplýsingar veitir:

Tinna Ösp Ragnarsdóttir verkefnastjóri  
599 6386 / tinnao@ru.is



[www.opnihaskolinn.is](http://www.opnihaskolinn.is)

Keppni barna, unglunga og ungmenna í hestaþróttum:

## Hart barist á mótinu

**ÞRÓTTIR** Um 300 knapar og 450 hestar eru skráðir til leiks á Íslandsmót barna, unglunga og ungmenna í hestaþróttum.

Mótið er haldið á félagssvæði Harðar í Mosfellsbæ. Það hófst á fimmtudag með keppni í fjörgangi barna og stendur til sunnudagsins 28. júní.

Íslandsmótið er stærsti viðburðurur í yngri flokkunum í hestaþróttum á hverju ári. Hestakosturinn er vart síðri en á mótum fullorðinna og hart barist í öllum flokkum.

Líf og fjör verður um helgina og ekki spillir góð veðurspá fyrir stemningunni. Fyrir þá sem vilja er boðið upp á tjaldstæði í Mosfellsdal sem er um fimm til tíu mínútna akstur frá keppnissvæði.

Í félagsheimili Harðar verður veitingasala alla daga Íslandsmótins. Í kvöld verður svo skemmtun með lifandi tónlist.

-jss



**Í BRAUTINNI** Einn keppenda á Íslandsmótinu tekur hest sinn til kostanna í brautinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



# Sparaðu ... með okkur!

**30%  
afsláttur**



GRILL LAMBAKÓTILETTUR

**1.959** kr/kg

~~2.798~~ kr/kg



GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR

**1.889** kr/kg

~~2.698~~ kr/kg

**30%  
afsláttur**

**50%  
afsláttur**

BLÁBER  
300g



beint frá USA!

**ÓDÝRT**



PASTASÓSA, 500g  
með lauk og hvítlauk

**199** kr/stk.

**60%  
afsláttur**



GOODFELLA'S PIZZUR, 2stk.

**199** kr/pk.

~~499~~ kr/pk.



SPAGHETTI, 500g

**99** kr/pk.



DANSKAR KJÚKLINGALUNDIR, 700g

**998** kr/pk.



GRILL HAMBORGARAR  
10x90g, frosnir


**1.049** kr/pk.

~~1.498~~ kr/pk.

**30%  
afsláttur**

**ÓDÝRT**

Match Attax Extra  
möppur og myndir  
komnar í Nettó



TILBOÐIN GILDA 25. - 28. JÚNÍ EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

QI FERSKUR APPELSÍNUSAFI, 1l

**199** kr/stk.



Birt með fyrirvara um prentvillur.



**INDLAND** Fill er skreyttur með málningu í Jagannath-hofinu í Ahmadabad á Indlandi fyrr í vikunni. Haldið var upp á svokallað Rath Yatra í 132. sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ritstjóri og blaðakona DV sýknuð af meiðyrðum í garð smyglskútumanns:

## Grunaður smyglari tapar dómsmáli

**DÓMSMÁL** Meintur fíkniefnasmyglari, Rúnar Þór Róbertsson, tapaði í gær meiðyrðamáli sem hann höfðaði á hendur blaðamanni og ritstjóra DV. Síðan málið var höfðað hefur Rúnar aftur verið handtekinn grunaður um fíkniefnasmygl.

Rúnar var kallaður kókaínsmyglari á forsíðu DV í fyrra þegar málið var til meðferðar, sem varðaði innflutning á fjórum kílóum af kókaíni sem falin voru í Benz-bifreið. Rúnar sat í gæsluvarðhaldi vegna málsins, en var síðan sýknaður af innflutningnum líkt og meðákærði, Jónas Árni Lúðvíksson.

Segir í dómnum að eðlilegt sé að fjölmiðlar fjalli um dómsmál áður

en dómur í þeim fellur. Breyti engu þar um þótt umrædd fyrirsögn hafi verið færð í stílinn.

Rúnar og Jónas voru síðan í apríl á þessu ári handteknir að nýju, nú grunaðir um að vera höfuðpaurarnir í umfangsmesta smyglmáli Íslandssögunnar, þegar yfir 100 kíló af fíkniefnum voru flutt til landsins með skútunni Sirtaki. Þeir sitja nú báðir í gæsluvarðhaldi.

Rúnar fékk gjafsókn frá ríkinu vegna málsins og greiðir almenn-ingur því fyrir málshöfðunina. Sigurjóni M. Egilssyni, þáverandi ritstjóra DV, og blaðakonunni Erlu Hlynsdóttur er gert að greiða sinn málskostnað úr eigin vasa. -sh



Í VARDHALDI Rúnar situr nú í gæsluvarðhaldi grunaður um að skipuleggja mesta fíkniefnasmygl Íslandssögunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verðlaun Norðurlandaráðs:

## Ferðafélag Íslands tilnefnt

**VERÐLAUN** Ferðafélag Íslands er meðal 63 aðila sem keppa um Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2009. Rúmlega helmingur tilnefninga að þessu sinni kemur frá Svíþjóð.

Umhverfisverðlaunin, sem eru um 350.000 danskar krónur, verða nú veitt í fimmtánda sinn og fer verðlaunaafhendingin fram á Norðurlandaráðsþinginu í Stokkhólmi í lok október.

Meðal annarra sem eru tilnefndir eru Sænska vistferðalag, Náttúru- og umhverfis-samtökin í Finnlandi og danska skólaverkefnið Skógurinn í skól-anum. -kg

Bandalag háskólanna:

## Verðmætasta auðlindin er menntun

**MENNTUN** Miðstjórnarfundur Bandalags háskólanna lýsti fullum vilja til þess að taka þátt í því endurreisnarsamstarfi sem fram undan er. Þetta kom fram í ályktun fundarins á fimmtudag.

Fundurinn samþykkti aðild að stöðugleikasáttmálanum og árétt- aði að menntun væri verðmætasta auðlind þjóðarinnar.

„Í þeim bráðaaðgerðum sem nú er unnið að þarf sérstaklega að huga að nýliðun háskólamennt- aðra á vinnumarkaði þannig að verðmæt þekking fari ekki for- gördum,“ segir í ályktuninni. -vsp

Stúdentablað Háskólans:

## Áslaug ráðin nýr ritstjóri

**FJÖLMIÐLAR** Áslaug Baldursdóttir hefur verið ráðin ritstjóri Stúdentablaðsins skólaárið 2009 til 2010.

Í tilkynningu frá Stúdentaráði kemur fram að Áslaug hafi við- tæka reynslu á sviði fjölmiðla. Hún hafi meðal ann- ars unnið sem skrifari og útsendingarstjóri frétt- á Stöð 2, sem fréttabúlar í þætt- inum Íslandi í bítíð á Bylgjunni og sem dagskrár- og útsendingar- stjóri þáttarins Með hausverk um helgar.

Áslaug tekur við ritstjórnastö- unni af Bryndísi Björnsdóttur. -kg



**ÁSLAUG BALDURSDÓTTIR**

# Vinna hefur áhrif á tíðni krabbameins

Lífshættir, menntun og aðrar aðstæður hjá starfsstéttum hafa mikil áhrif á krabbameinstíðni. Starfsfólk veitingahúsa er í mestri hættu að fá krabbamein en bændur og garðyrkjumenn eru í minnstri hættu.

**HEILBRIGÐISMÁL** Minnstar líkur eru á því að bændur og garðyrkjumenn fái krabbamein, en mestar líkur á krabbameini eru meðal starfs- stétta sem hafa auðvelt aðgengi að tóbaki og áfengi, eins og starfsfólk veitingastaða. Þetta eru niðurstöður umfangsmikillar rannsóknar á Norðurlöndunum á nýgengi krabba- meina meðal starfsstétta.

Fylgst var með fimmtán mill- jónum manna á aldrinum 30 til 64 ára í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi. Fylgst var með hópunum í allt að 45 ár. Alls greind- ust 2,8 milljónir af fimmtán með krabbamein á tímabilinu. Algeng-ustu krabbameinin voru krabba- mein í blöðruhálskirtli hjá körlum og brjóstakrabbamein hjá konum. Á tímabilinu greindust tæplega 400 þúsund karlmenn með krabbamein í blöðruhálskirtli og rúmlega 370 þúsund konur með brjóstakrabba- mein.

Lífshættir, menntun og aðrar aðstæður starfsstétta hafa afger- andi áhrif á krabbameinstíðnina, að því er fram kemur í rannsókninni. Vinnutengdir þættir eru líka mikil- vægir í því sambandi. Þannig eru reykiga- og áfengistengd krabba- mein mjög tengd starfshópum. Starfsmönnum veitingahúsa og körl- um í tóbaksíðnaði er þannig hætt- ast við að fá lungnakrabbamein, sem og karlar í drykkjarvörufra- mleiðslu, farmenn og fiskimenn. Lítið



VEITINGAHÚS Mestar líkur á krabbameini eru meðal starfsstétta þar sem aðgengi að áfengi og tóbaki er auðvelt, líkt og hjá starfsfólki veitingahúsa. Myndin er ekki tengd fréttinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ROSA

var um sams konar krabbamein hjá háskólamenntuðum stéttum svo og bændum og garðyrkjumönnum. Lítið var einnig um blöðruháls- krabbamein hjá sömu stéttum, en það var algengast hjá körlum sem störfuðu á veitingahúsum. Líf- rarkrabbamein var algengt hjá starfs- stéttum þar sem aðgengi að áfengi var auðvelt, eins og starfsfólki veit- ingahúsa og fólki í drykkjarvöru- framleiðslu.

Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland tekur þátt í rannsókn af þessu tagi, en Krabbameinsskrá Íslands og Rannsóknarstofa í vinnuvernd stóðu að rannsókninni fyrir Íslands hönd. Upplýsingar úr manntali fengust frá Hagstofu Íslands og tveir íslenskir prófessorar, þær Hólmfríður Kolbrún Gunnarsdóttir og Laufey Tryggvadóttir, eru meðal höfunda rannsóknarinnar.

thorunn@frettabladid.is

Ráðherrar útlingamála:

## Ræddu um hælisleitendur

**UTANRÍKISMÁL** Ragna Árnadóttir, dóms- og kirkjumálaráðherra, fundaði í gær með norræn- um ráðherrum útlingamála í Lardal í Nor- egi. Þetta kemur fram í tilkynn- ingu frá dóms- og kirkjumála- ráðuneytinu.

Á fundinum mun meðal ann- ars hafa verið rætt um ölögráða börn sem sækja um hæli á Norður- löndunum. Einnig var fjallað um álítaefni sem tengtast endursend- ingum hælisleitenda til Grikk- lands á grundvelli hins svokallaða Dyflinnarsamnings. -kg



**RAGNA ÁRNADÓTTIR**

Hættuleg líkamsárás:

## Sló danskan sjóliða með glasi

**DÓMSMÁL** Rúmlega fimmtugur karlmaður hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir sér- staklega hættulega líkamsárás.

Maðurinn sló danskan sjóliða með glersglasi í höfuðið fyrir utan skemmtistaðinn Thorvaldsen Bar í Reykjavík á nýársnótt 2008. Sjóliðinn hlaut tvo skurði, annan framan framan við annað eyrað, og alvarlega slagæðablæðingu.

Árásin var talin algjörlega til- efnislaus. Dyraverðir stöku á áráðarmanninn og héldu honum þar til lögreglan kom á vettvang. Maðurinn neitaði sök fyrir dómi. Þrjú mánuðir af fangelsisdómnum eru skilorðsbundnir. -jse

Notaðir og ódýrari tjaldvagnar sem og fellihýsi seljast eins og heitar lummur:

## Flestir staðgreiða fellihýsin

**VIÐSKIPTI** Sprenging hefur orðið í sölu á notuðum tjaldvögnum og fellihýsum segja framkvæmda- stjóri Seglagerðarinnar Ægis og sölustjóri Ellingsen. „Við höfum ekki átt meira en einn notaðan tjaldvagn inni hjá okkur í allt sumar, þetta selst alveg um leið,“ segir Björgvin Barðdal, fram- kvæmdastjóri Seglagerðarinnar Ægis. „Venjulega eigum við um 50 stykki á lager,“ bætir hann við.

„Við eigum eitt notað fellihýsi, á sama tíma í fyrra áttum við um fimmtíu,“ segir Angantýr Agnar- son, sölustjóri í Ellingsen. „Ódýr fellihýsi, það er að segja þau sem kosta um hálfu og upp í milljón, þau fara bara samdægurs.“ Hann segir enn fremur að mikil sala sé í búsaðöldum, borðum, stólum og öðru sem hugsað er til útilegu.

Björgvin segir að vegna geng- is krónunnar sé það ekki talið hagkvæmt að flytja inn ný fellihýsi. „Það myndi kosta út úr búð frá tveimur og hálfri milljón upp í þrjár meðan við erum að bjóða fellihýsi framleitt 2008 á 1,6 upp



**BJÖRGVIN BARÐDAL Í SEGLAGERÐINI** Þeir staldra ekki lengi við tjaldvagnarnir í Seglagerðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

í tvær milljónir,“ útskýrir Björg- vin.

En efnahagsástandið hefur einnig haft aðrar breytingar í för með sér sem Angantýr hefur tekið eftir. „Það sem kemur mér

einna mest á óvart er að 90 pró- sent af söluinni okkar er stað- greidd, fólk er greinilega aðeins að kaupa það sem það hefur pen- ing fyrir,“ segir hann.

-jse

## Meistaradeild sprotafyrirtækja í Evrópu

Nýsköpunarmiðstöð Íslands býður til opins kynningarfundar um Eurostars, nýjan möguleika á fjármögnun verkefna sprotafyrirtækja sem stunda rannsóknir og þróun. Einnig verður sagt frá þjónustu Enterprise Europe Network við sprotafyrirtæki.

Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 30. júní kl. 8:30 - 10:00 í Húsi atvinnulífsins að Borgartúni 35. Fundarstjóri er Davíð Lúðvíksson forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins.

- Umsóknar- og matsferli Eurostars umsókna  
Snæbjörn Kristjánsson verkfræðingur, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
- Ráðgjöf og tækifæri í gegnum Enterprise Europe Network  
Kristín Halldórsdóttir verkefnisstjóri, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Tækniþróunarsjóður mun koma að fjármögnun þeirra verkefna sem fá brautargengi Eurostars en næsti skilafrestur er 24. september nk.

Skráning: nmi@nmi.is.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands





Samtök iðnaðarins - [www.si.is](http://www.si.is)

# Meistaraverk!

Þegar þú skiptir við meistara eða fagmann með tilskilin réttindi geturðu verið viss um að verkefnið verður unnið af fagmennsku sem er grunnurinn að vönduðu og vel unnu verki. Innan raða Samtaka iðnaðarins eru starfandi meistarafélög sem hafa á að skipa löggiltum fagmönnum til hvers kyns verkefna. **Ekki sætta þig við fúsk þegar þú getur tryggt þér meistaraverk.**



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 10  
**OMX ÍSLAND 15**  
 263 +0,29%

Velta: 12 milljónir  
**OMX ÍSLAND 6**  
 733 +0,43%

## MESTA HÆKKUN

↑ MAREL FOOD SYST. 0,58%  
 ÖSSUR 0,45%

## MESTA LÆKKUN

↓ EIMSKIPAFÉLAGIÐ 16,67%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVISITÖLU:** Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 164,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 475,00 +0,00% ... Bakkavör 1,19 +0,00% ... Eik Banki 89,00 +0,00% ... Eimskipafélagið 0,50 -16,67% ... Føroya Banki 120,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,75 +0,00% ... Marel Food Systems 51,70 +0,58% ... Össur 111,50 +0,45%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Velta á skuldabréfamarkaði ekki meiri á árinu en í nýliðinni viku:

## Skuldabréfin aftur í tísku

„Skuldabréfamarkaðurinn er kominn í viðunandi horf þegar horft er til veltu,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar. Hann segir að veltan á skuldabréfamarkaði sé orðin mjög svipuð og hún var árið 2007, sem sé mikilvægt skref í enduruppbyggingu á fjármálamörkuðunum hér á landi.

Velta á skuldabréfamarkaði hefur aukist töluvert að undanförmu og hefur verið 13,5 milljarðar á viku að meðaltali í júní. Fram að þeim tíma var meðalvelta 8,8 milljarðar á viku. Vikan sem leið var sú veltumesta á árinu og nam veltan 15,7 milljörðum.

Þórður segir að margir þættir stuðli að



ÞÓRÐUR  
FRÍÐJÓNSSON

því að markaðurinn sé að lifna við. Hann nefnir að gerðir hafi verið nýir samningar við fimm aðila um viðskiptavakt á þessum markaði í byrjun mánaðarins. Viðskiptavakarnir eru Kaupþing, Landsbankinn, Íslandsbanki, Saga Capital og MP banki. Þórður greinir jafnframt frá því að undirritaður hafi verið samningur við Íbúðalánasjóð í gær, sem eigi eflaust eftir að skila sér í aukinni veltu á næstu vikum.

Þórður gerir hins vegar ekki ráð fyrir að hlutabréfamarkaðurinn muni lifna við fyrr en eftir áramót en það sé háð því hvernig endurskipulagning bankanna gangi fyrir sig.

- bpa

## Fimm bjóða sig fram í stjórn

Fimm gefa kost á sér í stjórn Eimskipafélags Íslands en framboðsfrestur til setu í stjórn félagsins rann út í gær.

Eftirtaldir gáfu kost á sér til setu í stjórn Eimskipafélags Íslands á aðalfundi sem haldinn verður 30. júní næstkomandi: Sindri Sindrason, Pétur Guðmundarson, Friðrik Jóhannsson, Orri Hauksson og Tómas Ottó Hansson.

Stjórn félagsins er skipuð fimm einstaklingum hverju sinni. Nýverandi stjórn er skipuð þeim Sindra, sem er stjórnarformaður, Orra og Tómasi auk Friðriki Jóhannssyni og Gunnari M. Björg.

- bpa

## Semja við Svíana

Applicon í Svíþjóð hefur gert samning við tvö af stærstu fjármálafyrirtækjum Svíþjóðar, Swedbank og Nordea-bankann, um innleiðingu á Calypso, sem er hugbúnaður fyrir viðskipti á verðbréfamörkuðum. Applicon er í eigu Nýherja-samsteypunnar. Samningurinn við Nordea og Swedbank felur í sér víðtæka innleiðingu á ákveðnum fjármálaafurðum Applicon og meðal annars er gert ráð fyrir að Nordea taki búnaðinn í notkun í nokkrum löndum þar sem fyrirtækið er með starfsemi.

Applicon hefur einnig verið að vinna í að markaðssetja hugbúnaðinn um Evrópu. „Nú um stundir er unnið að tækifærum í Þýskalandi, Hollandi, Portúgal, Eistlandi og víðar. Þá er þekking og lausnir Applicon kunn meðal okkar samstarfsaðila, s.s. IBM, sem gerir það að verkum að ráðgjafar Applicon vinna að alþjóðlegum verkefnum við góðan orðstír,“ segir Heimir Fannar Gunnlaugsson sem stýrir alþjóðlegum sölu- og markaðsmálum hjá Applicon.

- bpa



MÁR  
GUÐMUNDSSON

ARNÓR  
SIGHVATSSON



SEÐLABANKI ÍSLANDS Forsætisráðherra hefur skipað Arnór Sighvatsson í stöðu aðstoðarseðlabankastjóra. Arnór hefur starfað hjá bankanum frá árinu 1990.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Aðalhogfræðingar í seðlabankastjórástóla

Már mun taka við embættinu hinn 20. ágúst næstkomandi. Hann er skipaður til fimm ára. Arnór skipaður í stöðu aðstoðarseðlabankastjóra til fjögurra ára.

Forsætisráðherra hefur skipað Má Guðmundsson í embætti seðlabankastjóra til fimm ára frá og með 20. ágúst 2009 næstkomandi. Svein Harald Öygard sem er settur seðlabankastjóri mun gegna embættinu fram að þeim tíma. Arnór Sighvatsson hefur verið skipaður í embætti aðstoðarseðlabankastjóra til fjögurra ára frá og með 1. júlí 2009. Þetta kemur fram í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu.

Í umsögn nefndar sem sett var til að meta hæfi umsækjenda voru bæði Már og Arnór taldir mjög vel hafa til að gegna starfi seðla-

bankastjóra. Alls sóttu átta um starf seðlabankastjóra og sextán um stöðu aðstoðarseðlabankastjóra.

Már Guðmundsson starfaði í um tvo áratugi í Seðlabanka Íslands, þar af um tíu ár sem aðalhogfræðingur bankans. Már hefur frá árinu 2004 gegnt starfi aðstoðarframkvæmdastjóra peningamála- og hagfræðisviðs Alþjóðagreiðslubankans í Basel í Sviss. Már lauk BA-prófi í hagfræði frá háskólanum í Essex auk þess sem hann stundaði nám í hagfræði og stærðfræði við

Gautaborgarháskóla. Hann er með M.phil.-gráðu í hagfræði frá háskólanum í Cambridge og stundaði þar einnig doktorsnám.

Arnór Sighvatsson hefur starfað hjá Seðlabanka Íslands frá árinu 1990. Hann hefur verið aðalhogfræðingur og framkvæmdastjóri hagfræðisviðs frá árinu 2004 og var settur aðstoðarseðlabankastjóri árið 2009. Arnór lauk doktorsprófi í hagfræði frá Northern Illinois-háskóla en hann hafði áður lokið BA í sagnfræði og heimspeki frá Háskóla Íslands.

bta@frettabladid.is

CLEAN PLUS

**Bílahreinsivörur**

PAKKI 1 **TILBOÐ** 2.990.- Þú sparar 3.746.-  
 Verð áður 6.736.-

410 4000 | landsbankinn.is

AUKAKRÓNUR

**2 flugsæti á ári fyrir Aukakrónur**

Þú getur flogið út í heim og til baka aftur einu sinni á ári með Iceland Express fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt - eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.

Sæktu um A-kort á [www.aukakronur.is](http://www.aukakronur.is)

\* M.v. 150 þúsund kr. innlenda verulín á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á [www.aukakronur.is](http://www.aukakronur.is).

A-kortin  
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig

410 4000 | landsbankinn.is

ENNEBAM / SVA / 1003405  
 NBI / H. (Landsbankinn) / A. 471009 / 0980

Landsbankinn



Flestir landsmenn kannast við Öndvegi húsgagnaverslun. Verslunin er þekkt fyrir klassísk og hlýleg húsgögn. Í tilefni þess að verslunin sé nú tuttugu ára, ætlum við að bjóða viðskiptavinum okkar 20% afslátt af vörum okkar út júlí.

Verið velkomin.

**20% afsláttur út júlí!**



HEIMA  
HÚSIÐ

mood  
heima  
Öndvegi  
BÚM BETUR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is) - Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

Sjálfstæðið 1809:

## Hrappur, hrókur, reyfari

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Tvær aldir eru liðnar síðan Jörgen Jörgensen kom hingað öðru sinni og tók völd af dönskum yfirvöldum á Íslandi skömmu eftir sumarsólstöður 1809. Hann virtist um skeið vera fyrsti fulltrúi breska heimsveldisins sem eftir árásina á Kaupmannahöfn 1807 var að leggja undir sig öll forn vígi og yfirráðasvæði hins gamla danska ríkis, hrifsa til sín völd á norðurlöndum sem Danir héldu allt fram í seinna stríð - og halda jafnvel enn. En svo tók hann af öll tvímæli: Ísland varð sjálfstætt þetta sumar fyrir atbeina útlendings, landleysingja, ævintýramanns.

Jörgen Jörgensen var skilgetið afkvæmi mikilla umbrotatíma í Evrópu. Öll álfan var í umróti eftir stjórnarbyltinguna í Frakklandi og Napóleónstímann sem fylgdi í kjölfarið. Hér kom kraftur inn í einangrað og staðnað samfélag og valdataka Jörgensens hrinti til hliðar ættarveldi danskra og íslenskra embættismannaætta, sem eftir örfáar vikur náðu undirtökunum aftur. Síðan hafa kennismíðir íslenskrar sögu reynt að hunska þá borgaralegu byltingu sem hér var gerð sumarið 1809. Við höfum aldrei sett Jörgen Jörgensen á þann stall sem honum ber í sjálfstæðisbaráttu okkar. Hann var þrátt fyrir alla sína galla of stór fyrir okkur, við of smá fyrir hann.

Ævihlaup Jörgens Jörgensen var ævintýralegt, raunar svo ævintýralegt að honum hentar ekki snið einnar ævi. Hann var einn fárra manna sinnar tíðar sem litu heiminn hornanna á milli og á langri för sinni um höf og lönd var hann ekki einnar borgar maður heldur margra, skóp sögu ekki einnar eyjar í norðurhöfum heldur líka annarrar eyjar í suðurhöfum, Tasmaníu. Hann lifði hátt og féll lágt, spilaði djarft og aldrei var ró í kringum hann. Var nema von að hér á landi væri saga hans afgreidd sem skrytla – skopsaga um mann sem seiddist hærra en staða hans leyfði? Það tók Íslendinga næstum heila öld að þrefa og þrætta um sjálfstæði sitt sem hann hreppti frá dönskum embættismönnum, sumum íslenskum, á nokkrum sólarhringum.

Og nú lítum við þann möguleika raunsæjum augum að við festum ráð okkar enn frekar við Evrópu: kall Napóleónstímans með sínum róttæku hugmyndum um jafnan rétt manna um alla álfuna til samskipta og viðskipta er enn krafa dagsins. Í tvær aldir hefur múgamönnunum álfunnar verið att saman í átök í hernaði og viðskiptum milli múra sem sérgæslumenn reisa sjálfum sér til heilla. Slíka múra brjóta leiðtogar eins og Jörgensen.

Engin merki sjást um það hjá Íslendingum um þessar mundir að þeim sé að lærast að meta Jörgen Jörgensen að verðleikum; að þeir kunni að fagna honum sem þeim frelsisanda sem hann í raun var. Máski vegna þess að hann er í röngu svo líkur okkur. Við viljum ekki þekkja hann í okkur, né okkur í honum. Hann er ekki nógu fínn.

## SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Ágætur sáttmáli svo langt sem hann nær

Um stöðugleikasáttmálinn má segja að hann sé ágætur svo langt sem hann nær. Hann var betur gerður en ógerður. Að því leyti sem hann felur í sér nýmæli er fagnaðarefni að um þau skuli ríkja breið samstaða. Sáttmálinn stendur hins vegar ekki undir þeim væntingum sem til hans voru gerðar. Hann markar því ekki nýtt upphaf að endurreisn þjóðarbúskaparins. Of mörg stór mál eru óleyst til þess að unnt sé að segja með sannri að sáttmálinn sé metnaðarfullur.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Framlenging kjarasamninga tryggir stöðugleika á vinnuarkaði fram undir lok næsta árs. Það hefur ótvírætt gildi. Að því leyti er sáttmálinn góður áfangi á langri leið. Að öðru leyti geymir hann fátt annað en fyrri ríkisstjórn hafði þegar samið um í samstarfs-

samningnum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Stjórnvöld eru þegar á eftir áætlun að koma þeirri stefnumörkun í framkvæmd. Nýi sáttmálinn breytir ekki miklu þar um.

Af nýmælum má nefna að takmörk eru sett fyrir aukinni skattheimtu. Það er jákvætt. Mörkin sem sett eru þýða hins vegar að of lítið af vandanum á að leysa með skipulagsbreytingum og hagræðingu í opinberum rekstri. Sáttmálinn takmarkar beinlínis svigrúm ríkisvaldsins til þess að beita sömu aðferðum við lækkuð launakostnaðar hjá opinberum

aðilum eins og þegar hefur gerst á almennum vinnuarkaði. Auk þess að takmarka hagræðingarmöguleika felur þetta í sér mismunun. Ríkisfjármáladæmið til lengri tíma er enn óvissu háð.

Um markmið varðandi lækkuð vaxta og afnám gjaldeyrishafta er ekkert umfram það sem felst í samningnum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Nýmæli er á hinn bóginn að ákveðið er að einkavæða bankana og koma hluta þeirra í erlenda eigu. Það er forsenda þess að einstaklingar og fyrirtæki eigi í náinni framtíð möguleika á lánsfé á samkeppnishæfum kjörum. Jákvæðu pólitísku tíðindin í þessu eru þau að þingmenn og ráðherrar VG sýnast hafa samþykkt einkavæðingu og erlent eignarhald. Það er mikilvæg stefnubreyting af þeirra hálfu.

## Engin sýn á stöðugleika í peningamálum

Með þessu athygli vekur að ríkisstjórnin og öll áhrifamestu hagsmunasamtök landsins skuli við ríkjandi aðstæður undirrita stöðugleikasáttmála án þess að minnast á framtíðarstefnu um stöðugleika í peningamálum. Flestum er ljóst að allt annað er unnið fyrir gýg ef framlengja á þá alvarlegu stjórnarkreppu sem ríkir á því sviði.

Ófærir Íslands má að stórum hluta rekja til óstöðugar örmyntar á opnum alþjóðlegum fjármálaarkaði. Valið er einangrun eða

evra. Það val snýst um lífskjör.

Aðild að Evrópska myntbandalaginu og Evrópusambandinu er eina raunhæfa leiðin út úr þessum vanda. Ríkisstjórnin hefur lagt fram þingsályktunartillögu um aðildarumsókn. Óvíst er um meirihluta fyrir henni með því að hluti ráðherranna og stjórnarþingmannanna er á móti. Fyrir liggur skýr afstaða VG um að berjast gegn aðildarsamningi verði hann gerður. Framtíðarstefnan í peningamálum er þar af leiðandi í algjöru uppnámi. Enginn hefur bent á annan raunhæfan kost en upptöku evru

innan myntbandalagsins.

Ein af ástæðunum fyrir því að Ísland festist fastar en flestar aðrar þjóðir í fjötrum hafta í kreppunni miklu var ósamstaða um framtíðarstefnu í peningamálum. Án lausnar á þessu undirstöðuatriði stefnir í það sama á ný.

Engar skýringar virðist vera á því að ríkisstjórnin lét þetta lykilaatriði sigla sinn sjó í þessum samningum aðrar en óeining innan hennar eða forystuleysi. Brýn þörf er á breiðari og ákveðnari pólitískri forystu um þetta stóra viðfangsefni. Er hún til? Tíminn er núna.

## Óstöðugleiki og óvissa um auðlindastjórnun

Fyrir fáum dögum var frá því greint að Efnahags- og framfarastofnunin hefði komist að þeirri niðurstöðu að forsenda hagvaxtar á Íslandi væri aukin áhersla á frekari nýtingu orku. Í því ljósi vekur athygli að það eina sem sagt er í stöðugleikasáttmálanum um orkunýtingu til þess að efla hagvöxt eru tilvísanir í samþykktir fyrir stjórnar þar um.

Ástæðan fyrir þessu er sú að útilokað var að fá VG til að ganga lengra á þessu sviði við myndun núverandi stjórnar. Hluti Samfylkingarinnar er jafn tregur í taumi

þegar kemur að hagnýtingu þessara möguleika. Óskiljanlegt er með öllu að stöðugleikasáttmáli skuli settur fram án nýrra skilgreindra markmiða um orkunýtingu. Ofmælt væri að segja að sáttmálinn fæli í sér stöðugleika með stöðnun. En þessi staðreynd gefur ekki sterkan tón um endurreisn með aukinni verðmætasköpun.

Þá vekur athygli að ríkisstjórnin heldur fast við stefnu sína um veiðileyfsviptingu gagnvart smábátasjóðmönnum og öðrum útgerðum. Markmið stefnunnar er að innleiða fiskveiðistjórnun með svipuðum

efnahagslegum áhrifum og innan Evrópusambandsins. Stefnan er á óhagkvæma útgerð sem leiðir til styrkja og kallar á nýja skattheimtu á almenning.

Þörfin fyrir sjávarútveg sem skilad getur hagnaði til að fjárfesta í nýjum atvinnutækifærum á öðrum sviðum hefur hins vegar aldrei verið meiri. Á sama tíma er gerður stöðugleikasáttmáli þar sem málsaðilar leiða hjá sér þann veruleika að framkvæmd gildandi stefnu í sjávarútvegsmálum mun óhjákvæmilega auka á óstöðugleika í höfuðatvinnugreininni.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTODARITSTJÓRI: Steinn Stefánsson steinn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Barcelona

í júlí

frá kr. **19.990**

Verð kr. **19.990**

Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum (KEF-BCN). Sértilboð 3., 10., 17. og 24. júlí. Ath. aðeins örfá sæti á þessu sértilboði.

**Allra síðustu sætin!**

Heimsferðir bjóða frábær sértilboð á flugi til Barcelona á völdum brottförum í júlí. Griptu þetta frábæra tækifæri og njóttu þín í borginni sem býður frábært mannlíf og fjölbreytni í menningu, afþreyingu að ógleymdu fjöru strandlífi og endalausri úrvali veitingastaða og verslana.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# GÓÐA VEIÐI MEÐ ABU OG LOOP



Hjólataka lítil

Verð **7.990 kr.**



Opti-veiðivesti

Verð **13.900 kr.**

**LEED**



CLW-fluguhjól

Verð **16.900–18.900 kr.**



Adventure  
útöndunarvöðlur

Verð **34.900 kr.**

**Abu Garcia**  
FOR LIFE.™



Abu Toby spúnn 12 gr.  
Abu Toby spúnn 18 gr.

Verð **790–890 kr. stk**



Abu veiðitaska með stól

Verð **7.990 kr.**



Abu Mitchell hjól  
Avocet C4000

Verð **5.490 kr.**

REYKJAVÍK  
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500  
Opð mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16

AKUREYRI  
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630  
Opð mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16

 **Ellingsen**

– fullt hús ævintýra

# Stórir áfangar sem eyða óvissu

## UMRÆÐAN

Jóhanna Sigurðardóttir skrifar um stöðugleikasáttmál-ann og Icesave

Á þeim björtu sumar-dögum sem nú gleða landsmenn hillir undir að fast land verði á ný undir fótum í efnahagslífi þjóðarinnar eftir bankahrunið. Þessa dagana eru að nást gríðarlega mikilvægir áfangar í þeim stórmálum sem glímt hefur verið við á vettvangi ríkisstjórnarinnar í vetur. Stöðugleikasáttmálinn, Icesave-deilan, ríkisfjármálin, erlendar lántökur hjá vinþjóðum, endurreisn bankanna, afgreiðsla annars áfanga samstarfsáætlunar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Allt eru þetta lykilþættir í endurreisn íslensks efnahagslífs sem nú sér fyrir endann á. Með afgreiðslu þessara mála verður margs konar óvissu sem ríkt hefur um stöðu þjóðarbúsins aflétt.

Það þýðir ekki að fram undan sé beinn og breiður vegur, hann verður bæði grýttur og torsóttur



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

næstu árin, en leiðin hefur verið vörðuð, við vitum hvert skal stefna og við erum að ná árangri.

### Mikilvægt siglingakort

Samningar hafa tekist um stöðugleikasáttmála sem var eitt af meginmarkmiðum ríkisstjórnarinnar í endurreisn efnahagslífsins. Þar með hafa aðilar vinnumarkaðarins, ríkisvaldið og sveitarfélögin, ákveðið að tryggja frið á vinnumarkaði næstu misserin og vinna þétt saman að endurreisninni. Stöðugleikasáttmálinn er mikilvæg leiðarlýsing og aðrir hafa sagt hann sáttmála um framfarir og nýja sókn.

Efnahagsleg markmið sáttmálans eru þau að í lok árs 2010 verði verðbólga ekki yfir 2,5%, halli hins opinbera ekki meiri en 10,5% af VLF, dregið hafi úr gengissveiflum, gengið styrkist og nálgist jafnvægisgengi. Þá er við það miðað að vaxtamunur við evrusvæðið verði innan við 4%. Náist þessi markmið með samstilltu átaki munu skapast skilyrði fyrir vaxandi fjárfestingum innlendra sem erlendra aðila, auknu hagvexti, nýrri sókn í atvinnu-

málum, og grunnur verið lagður að bættum lífsskjörum til frambúðar.

### Áætlun í ríkisfjármálum til 2013

Mikilvæg undirstaða sáttmálans er fyrirbyggjandi aðgerðaráætlun í ríkisfjármálum til 2013 og sameiginlegur skilningur á því að hlutdeild skattahækkana verður ekki meiri en 45% af þeirri upphæð sem þarf til að tryggja jafnvægi í ríkisfjármálum fram til 2011. Viðfangsefnið í ríkisfjármálum eru þau umfangsmestu sem nokkur íslensk ríkisstjórn hefur staðið frammi fyrir í sögu þjóðarinnar. Á fjórum árum þarf að eyða a.m.k. 170-180 milljarða halla á rekstri ríkissjóðs og auk þess skapa svigrúm fyrir stórauðinn fjármagnskostnað ríkisins vegna lántöku af völdum hrunsins. Ef ekki kæmi til aukin tekjuöflun ríkisins myndi verkefnið kalla á að u.þ.b. 40% af umfangi ríkisrekstrarins yrði aflagt – slík er stærðargráðan sem við er að eiga. Aðgerðaráætlunin eyðir óvissu um hvernig íslenska ríkið hyggst haga aðgerðum sínum til þess að mæta vanda þjóðarbúsins við þessar erfiðu aðstæður og fullnægir óskum innlendra sem erlendra hagsmunaaðila sem mjög hafa eftir því spurt.

### Endurreisn bankakerfisins

Stórum áfanga verður náð í endurreisn íslensks efnahagslífs um miðjan næsta mánuð þegar ríkissjóður leggur bönkunum til eigið fé, sem við sölu bankanna mun að einhverju eða öllu leyti verða endurgreitt. Á sama tíma munu nýju bankarnir greiða fyrir þær eignir umfram skuldir sem fluttar voru til þeirra úr gömlu bönkunum. Þá munu efnahagsreikningar bankanna loks liggja ljósir fyrir sem ætti að auðvelda þeim að horfa til framtíðar.

Stofnað verður eignarhaldsfélag, bankasýsla, um hluti ríkisins í bönkum og fjármálfyrirtækjum samkvæmt frumvarpi sem til meðferðar er á Alþingi. Bankasýslan á að sinna skyldum ríkisins sem eiganda bankanna án beinna afskipta stjórnmalamanna. Henni ber að tryggja að þeim miklu fjármunum sem ríkissjóður leggur til bankanna verði vel varið og bankakerfið hafi afl til þess að sinna þörfum heimila og fyrirtækja. Bankasýslan byggir að miklu leyti á reynslu annarra Norðurlanda af því að kljást við kreppur og hefur áformum um hana verið fagnað af erlendum samstarfsaðilum og bankastofnunum. Vandamálin hér eru vissulega enn stærri en frændþjóðir okkar glímdu við á sínum tíma, en aðferðir þeirra eru engu að síður til eftirbreytni fyrir okkur.

Alþingi hefur einnig til meðferðar frumvarp um stofnun eignarsýslufélags. Enginn banki gæti tekist á við vandamál eins og við stöndum frammi fyrir án aðstoðar og án skýrrar stefnu eigandans sem í okkar tilfalli er ríkið. Félagið mun geta eignast fá en mikilvæg

fyrirtæki, með endurskipulagningu og endursölu þeirra við fyrsta tækifæri að markmiði. Félagið á að tryggja gagnsætt ferli þar sem allir sitja við sama borð. Bankasýslan og eignarsýslufélagið eiga að verða sá grunnur sem nauðsynlegur er til þess að tryggja árangursríka og faglega endurreisn bankakerfisins.

### Icesave-samkomulag opnar dyr að nýju

Alþingi fól ríkisstjórninni í byrjun desember 2008 að ná fram samningum við Hollendinga og Bretana vegna lágmarks innstæðutrygginga á Icesave-reikningum Landsbankans. Íslensk stjórnvöld höfðu áður komist að þeirri niðurstöðu að ekki myndi reynast unnt að fá óvilhallan dómstól til þess að skera úr réttarágreiningu um málið og ljóst var að Ísland stóð eitt í alþjóðasamfélaginu um þá túlkun að vafi léki á ábyrgð íslenska ríkisins á skuldbindingunum. Með samkomulaginu er háum þröskuldi rutt úr vegi endurreisnaráætlunar Íslands og með því opnat á ný þær efnahagslegu og pólitísku dyr til alþjóðasamfélagsins sem framtíð Íslands byggir ekki hvað síst á.

Að mínum dómi hefur það markmið Alþingis náðst með Icesave-samningnum að tekið yrði tillit til „hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í“. Það er gert með því að ríkið þarf ekki að inna neinar greiðslur af hendi næstu sjö ár meðan Íslendingar eru að vinna sig út úr efnahagsvandnum. Höfuðstóllinn greiðist þennan tíma niður eins og tók eru á með tekjum af eignum Landsbankans.

### Eigur íslenska ríkisins vel varðar

Mikilvæg ákvæði eru í samningnum um að bjóðist betri kjör með lægri vöxtum og/eða lengri lánstíma má greiða lánið upp. Þá er í samningnum endurskoðunarákvæði um að verði greiðsluþol ríkisins minna en það var metið í nóvember 2008 megi endurskoða samninginn. Þetta er mikilvægur fyrirvari á þeirri ábyrgð sem íslenska ríkið gengst undir. Þannig ætti samningurinn að tryggja að ekki komi til þess að gengið verði að eignum íslenska ríkisins og fráleitt er að halda því fram að hægt sé að ganga að náttúruauðlindum til að fullnusta ábyrgðina. Mikilvægt er að áréttta einnig að Bretar og Hollendingar taka á sig um helming skuldbindinga vegna Icesave-reikninga Landsbanka Íslands. Ég treysti því að Alþingi, sem í þessu efni sem öðru á síðasta orðið, komist að þeirri niðurstöðu að Icesave-samningarnir séu viðunandi.

### Réttlætinu verður fullnægt

Okkur öllum þykir þungbært að hafa orðið fyrir miklum búsfjum vegna „ófyrrigefanlegs“ áhættureksturs erlendis og máttleysis eftirlitsstofnana við að verja þjóðarbúið. Kröfur um ákærur og frystingu eigna þeirra sem ábyrgð bera eru ofarlega í huga. Ég vil þó

minna á orð Evu Joly í því sambandi að slík starfsemi skilur eftir rekjanlega slóð og mestu skiptir að heildarmyndin sé skýr áður en látið er til skarar skríða. Ljóst er að einiskis verður látið ófrestað af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að ákærvaldið fái möguleika til þess að fullnægja réttlætinu á þessu sviði.

### Skýr heildarmynd

Við störfum samkvæmt sameiginlegri endurreisnaráætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hún nýtur viðtæks stuðnings á alþjóðavettvangi. Forsenda þess stuðnings er að Íslendingar standi við sínar skuldbindingar og geri upp lágmarkstryggingar vegna Icesave-reikninganna. Við einsetjum okkur að nota næstu sjö ár ekki aðeins til þess að endurreisa efnahagslífið heldur einnig til að endurheimta traust ríkja og alþjóðastofnana. Gangi það eftir getum við treyst því að fá til þess pólitískt og alþjóðlegt atfyllgi ef þörf yrði á endurskoðun Icesave-samninganna vegna ófyrirsjáanlegra atburða sem kynnu að íþyngja verulega gjaldþöpli ríkissjóðs.

Margir hafa af því áhyggjur að íslenska ríkinu verði um megn að greiða skuldir sínar eða muni skorta gjaldeyri til þess. Slíkar áhyggjur eru óþarfar vegna þess að samningar okkar við AGS og ýmsar vinþjóðir snúast um að tryggja að okkur verði þetta kleift.

### Samningar um viðtækt alþjóðlegt samstarf

Ríkisstjórnir Norðurlanda eru þessa dagana að samþykkja lánveitingar til Íslands og verður skrifað undir lánasamning við þær í byrjun næstu viku. Það er engin tilviljun að þessar lánveitingar koma strax í kjölfar þess að stigið verður mikilvægt skref með framlagningu frumvarps á Alþingi um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna. Í ágúst næstkomandi verða ekki heldur neinar hindranir í vegi fyrir frekari lánafyrirgreiðslu frá AGS gangi áætlanir okkar um endurreisn bankakerfisins eftir. Með afgreiðslu sjóðsins á 2. hluta lánafyrirgreiðslu sinnar ætti öllum að verða ljóst að endurreisnin á Íslandi er á réttri braut.

### Aðildarumsókn að Evrópusambandinu

Í næsta mánuði mun Alþingi afgreiða þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um að Ísland sækji um aðild að Evrópusambandinu. Aðildarumsókn Íslands mun senda umheiminum skýr skilaboð um hvert Ísland stefni í endurreisnarstarfinu. Slík fyrirheit um efnahagslegan stöðugleika, traustan gjaldmiðil og alþjóðlegt efnahagslegt umhverfi á Íslandi samfara aðild að Evrópusambandinu munu skipta miklu máli, ekki síst til að endurvekja traust á íslensku hagkerfi.

Höfundur er forsætisráðherra.

**Viltu skjól á veröndina?**  
Eigum við ekki að hætta þessari þjósku.

www.markisur.com • www.markisur.is  
Veðrið verður ekkert vandamál

REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

AUKAKRÓNUR

## 45 bátar á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur fengið þér girnilegan 12" kafbát í gogginn 3-4 sinnum í mánuði á Subway fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.\*

Sæktu um A-kort á [www.aukakronur.is](http://www.aukakronur.is)

\* M.v. 150 þúsund kr. innlenda veruln á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á [www.aukakronur.is](http://www.aukakronur.is).

410 4000 | [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is)

A-kortin  
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig

LANDSBANKINN



# Endurgreiðslan getur komið þér út í búð að versla...



VILDARPUNKTAR  
OG ENDURGREIÐSLA  
Í SÖMU FÆRSLUNNI

## ...og Vildarpunktarnir til útlanda



e-Vildarkortið kemur vel út – heima og heiman!

Með e-Vildarkortinu færðu bæði endurgreiðslu og Vildarpunkta af innlendum færslum. Einnig veita yfir **200 samstarfsfyrirtæki e-kortanna** viðbótarendurgreiðslu. Endurgreiðslan er í **beinhörðum peningum og hana geturðu notað í hvað sem þú vilt**. Svo er upplagt að skella sér til útlanda fyrir Vildarpunktana!

**Ertu ekki örugglega með rétta kortið?**

Nánar á [www.ekortin.is](http://www.ekortin.is)

 KAUPPING

 VILDARKORT  
ekortin.is



THE VIRGIN TONGUES Rokkaramír Mike, Duncan og Nima hafa skapað sér stórt nafn í Berlín en þeir spila sýrurokk sem minnir á tónlist sjúnda áratugarins. Þeir ætla að snúa sér aftur að upptöku sinnar fyrstu plötu, um leið og Duncan hefur náð sér að nýju eftir skelfilegt slys sem hann lenti í í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Snúa sterkari aftur í rokkið

Stutt tónleikaferðalag **The Virgin Tongues** til Íslands breyttist í tveggja mánaða erfiðisgöngu en söngvari sveitarinnar slasaðist lífshættulega þegar hann féll niður af þriðju hæð hinn 1. maí. **Hólmfríður Helga Sigurðardóttir** hitti þá Duncan, Mike og Nima sem ætla að halda þakkartónleika fyrir alla sem hafa auðveldað þeim lífið hér, um leið og Duncan hefur heilsu til.

**A**ð morgni 1. maí fannst Duncan McKnight, söngvari bandarísku rokksveitarinnar The Virgin Tongues, meðvitundarlaus á gangstéttinni á Skólavörðustíg. Hvað gerðist veit enginn með vissu en líklegast þykir að hann hafi læst sig úti og dottið þegar hann reyndi að klifra út um glugga gangs og inn um glugga íbúðarinnar þar sem hann dvaldi. Íbúðin er á þriðju hæð og fallið því hátt. Sjálfur hefur Duncan lítið getað varpað ljósi á atburðina. „Ég hef ekki hugmynd um hvernig þetta gerðist. Ég man ekkert eftir þessu,“ segir Duncan, sem var haldið sofandi í öndun- arvél í viku eftir slysið. Áverkar hans voru verulegir; höfuðkúp- brot, hálsbrot, miklar innvortis blæðingar og alvarlega sködduð líffæri, átta brotin rifbein, brotin mjaðmagrind og handleggur.

## Ótrúlegur bati en langt í land

Tvísýnt var um hvort Duncan myndi lifa slysið af og alls óvíst hvað biði hans ef hann lifði. Tveimur vikum eftir slysið útskrifaðist hann hins vegar af gjörgæsludeild og hefur bati hans verið öllum vonum framár. Þrátt fyrir það er enn langur vegur til bata. Hann

hefur verið í stífri endurhæfingu á Grensási undanfarna daga og er nú farinn að geta gengið óstuddur. Hann getur líka talað, sem hann þurfti að læra upp á nýtt. Enn skortir þó nokkuð á hreyfigetu hans og talfærni en lækningar eru bjartsýnir á að hann nái fullum bata, fái hann fulla endurhæfingu. „Mér líður mun betur en fyrst eftir slysið. En ég á enn þá langt í land og þetta mun taka tíma. En ég veit að ég á eftir að snúa aftur í rokkið og klára að taka upp plötuna með strákunum,“ segir hann.

## Allt fullt af Íslendingum

Íslandsdvöl strákanna var nýhafin og þeir rétt búnir að fara gullna hringinn og þefa af stemningunni í Reykjavík þegar ógæfan dundi yfir. Þeir höfðu hlakkað til ferðarinnar, enda eiga þeir marga íslenska vini sem þeir kynntust í Berlín, þar sem þeir búa allir. „Ég veit ekki hvað málið er en það virðist vera allt fullt af Íslendingum í Berlín,“ segir Mike, gítarleikari hljómsveitarinnar.

Í Berlín kynntust þeir meðal annars meðlimum rokkbandsins Singapore Sling, en það stóð einmitt til að halda tónleika með þeim laugardagskvöldið 2. maí, kvöldið eftir slysið. Þeim tónleikum var breytt í styrktartónleika sem



„Við fórum í heimsókn á gjörgæsluna eftir að ég útskrifaðist þaðan. Þar tóku fimmtán manns svo vel á móti mér, sem mundu allir eftir mér. Ég mundi hins vegar ekkert eftir þeim, sem var dálítið skrítið. En ég er svo feginn að þetta hafi gerst hér og að ég hafi ekki verið sendur úr landi.“

nokkrar hljómsveitir tóku þátt í. Auk þess að halda tónleikana stóð til að taka upp fyrstu plötu hljómsveitarinnar hér á landi. „Tökurnar höfðu gengið vel og við vorum ánægðir með útkomuna. Nú hlökkum við bara til að komast aftur í að vinna í plötunni, þegar Duncan verður tilbúinn til þess,“ segir Mike.

## Báðu ekki um neitt en fengu allt

Fjölskylda Duncans í Bandaríkjunum hafði ekki tók á að koma til Íslands og vera hjá honum. Því hafa Mike og Nima, trommari Virgin Tongues, dvalið hér með honum frá því slysið varð. En það er dýrt að búa á Íslandi og tónlistarmenn, sem enn hafa ekki komist yfir þröskuld frægðarinnar,

synda yfirleitt ekki í seðlum. Frá slysinu hafa þeir Mike og Nima því verið upp á vini komnir, bæði nýja og gamla. „Við erum svo ótrúlega þakklátir fyrir alla þá hjálp sem við höfum fengið í þessum furðulegu aðstæðum,“ segir Nima og Duncan og Mike kinka báðir kalli. „Við höfum fengið lánaðar íbúðir til að búa í, strákarnir á veitingastaðnum Segurmo hafa haldið okkur gangandi með því að gefa okkur að borða og við höfum meira að segja fengið fót. Við báðum ekki um neitt en höfum fengið alla þá hjálp sem við þurfum. Margir hafa boðist til að hjálpa okkur, meira að segja fólk sem við þekktum ekki neitt,“ segir Mike og það er greinilegt að hann talar fyrir þá alla.

Þakklæti strákanna nær ekki síst til læknanna og hjúkrunarfólksins sem hefur séð um Duncan. „Það er æðislegt að sjá hvað hjúkrunarkonurnar hugsa vel um Duncan og það er greinilegt að þeim þykir vænt um hann,“ segir Nima og Duncan brosir og bætir við: „Við fórum í heimsókn á gjörgæsluna eftir að ég útskrifaðist þaðan. Þar tóku fimmtán manns svo vel á móti mér, sem mundu allir eftir mér. Ég mundi hins vegar ekkert eftir þeim, sem var dálítið skrítið. En ég er svo feginn að þetta hafi gerst hér og að ég hafi ekki verið sendur úr landi.“

## Engu tapað, bara frestað

Áður en örlögin gripu í taumana hafði The Virgin Tongues verið að

## SAFNA FYRIR SJÚKRAKOSTNAÐI VINAR SÍNS

Duncan McKnight var ekki með sjúkratryggingu, hvorki í Bandaríkjunum né í Þýskalandi, þar sem hann hefur búið undanfarin ár. Í báðum löndum var neitað að taka við honum til endurhæfingar. Því var eini kosturinn að semja við íslensk heilbrigðisyfirvöld um aðhlýningu hans. Skuld Duncans við þau hleypur þegar á milljónum. Skilyrði fyrir greiðsludreifingu skuldarinnar var að Íslendingur gengist í ábyrgð fyrir reikningnum. Það gerði einn af vinum hans hér. Vinir hans vilja gera allt til að hann nái heilsu á ný og hafa opnað styrktarveikning til að safna fyrir sjúkrakostnaðinum. Reikningurinn er í vörslu Kolbeins Soffússonar. Reikningsnúmerið er 0525-14-401487 og kennitala 240585-3759.



Duncan McKnight féll út um glugga þessa húss við Skólavörðustíg og slasaðist lífshættulega.

## YFIRTÖKUTILBOÐ TIL HLUTHAFA ALFESCA HF.

## Lur Berri Iceland ehf. gerir hluthöfum Alfesca hf. tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu

Þann 28. maí 2009 gerðu Lur Berri Holding SAS, Kjalar Invest B.V., Alta Food Holding B.V., Kaupthing Singer & Friedlander Ltd. (í greiðslustöðvun) og tilteknir stjórnendur Alfesca hf. (hér eftir nefndir „samstarfsaðilarnir“) með sér samninga um stjórn og rekstur Alfesca hf. (hér eftir nefnt „Alfesca“ eða „félagið“). Samstarfsaðilarnir eiga samtals 68,34% af útgefnu hlutafé félagsins og fara með 68,73% af atkvæðisrétti.

Samningar samstarfsaðilanna og kaup Lur Berri Iceland ehf. á hlutum í Alfesca hafa gert það að verkum að skylt er að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð, þ.e. að bjóðast til að kaupa hluti þeirra í Alfesca, í samræmi við 100. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 („VVL“), samanber X. og XI. kafla laganna. Lur Berri Iceland ehf., sem er íslenskt einkahlutafélag í eigu Lur Berri Holding SAS, gerir yfirtökutilboð byggt á skilmálum og skilyrðum sem sett eru fram í opinberu tilboðsyfirliti sem dagsett er 25. júní 2009 („tilboðsyfirlitið“).

## Tilboðshafar

Tilboðið nær til allra hluta í Alfesca sem ekki eru í eigu samstarfsaðilanna eða Alfesca á þeim degi sem tilboðið er gert. Hluthöfum sem skráðir eru í hluthafaskrá Alfesca í byrjun dags 25. júní 2009 mun verða sent tilboðsyfirlitið, samþykkiseyðublað og svarumslag.

Framangreind skjöl eru einnig aðgengileg hjá fyrirtækjaráðgjöf Nýja Kaupþings banka hf., Borgartúni 19 í Reykjavík. Jafnframt er hægt að nálgast tilboðsyfirlitið á heimasíðu Nýja Kaupþings banka hf., [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is).

## Ráðgjafar og umsjónaraðili

Ráðgjafar Lur Berri Iceland ehf. og Lur Berri Holding SAS eru MPE Finances og DragonKnight Advisors. Fyrirtækjaráðgjöf Nýja Kaupþings banka hf. (hér eftir nefndur „bankinn“) hefur verið ráðin umsjónaraðili með yfirtökutilboðinu fyrir hönd tilboðsgjafa. Nánari upplýsingar veita verðbréfaráðgjafar bankans í síma 444 7000.

## Tilboðsverð og greiðsla

Tilboðsverðið er 4,5 krónur fyrir hvern hlut í Alfesca, kvaða- og veðbandalaus. Greiðslur fyrir hluti þeirra sem samþykkja tilboðið verða greiddar í íslenskum krónum inn á bankareikning viðkomandi hluthafa sem tilgreindur er á samþykkiseyðublaðinu. Greiðsla verður innt af hendi eigi síðar en fimm viðskiptadögum eftir að gildistími yfirtökutilboðsins rennur út.

## Tilboðstímabil

Gildistími yfirtökutilboðsins er frá kl. 9:00 þann 2. júlí 2009 til kl. 16:00 þann 30. júlí 2009. Samþykki við yfirtökutilboðinu verður að hafa borist fyrirtækjaráðgjöf Nýja Kaupþings banka hf. eigi síðar en kl. 16:00 þann 30. júlí 2009. Hluthafar bera sjálfir ábyrgð á að samþykkiseyðublaðið hafi borist umsjónaraðila. Lur Berri Iceland ehf. áskilur sér einhliða rétt til að ákveða hvort samþykkiseyðublað sem berast eftir að gildistími tilboðsins rennur út verði tekin gild. Yfirtökutilboðið getur verið framlengt að því marki sem heimilt er samkvæmt VVL.

## Afskráning af markaði

Ef (i) samstarfsaðilarnir eiga 90% eða meira af útgefnu hlutafé og atkvæðisrétti í Alfesca í kjölfar tilboðsins; eða (ii) Alfesca uppfyllir ekki lengur skilyrði til að vera með hluti sína skráða í viðskiptum á aðallista NASDAQ OMX Iceland, munu Lur Berri Iceland ehf. og samstarfsaðilarnir beita sér fyrir því að hlutir Alfesca verði teknir úr viðskiptum á aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland.

Reykjavík, 25. júní 2009

Fyrir hönd Lur Berri Iceland ehf.

Fyrirtækjaráðgjöf Nýja Kaupþings banka hf.



gera það gott og sýruskotin rokk-tónlist þeirra virtist fara vel í Berlínarbúa. Strákarnir voru á mörkum þess að landa stórum plötusamningi og þeir sáu fram á viðburðaríkt sumar. Þeir eru þó ekki hættir, þótt þeir þurfi aðeins að hægja á sér. „Það er engu tapað, þessu er bara frestað um stutta stund og svo höldum við bara áfram þegar Duncan er búinn að jafna sig,“ segir Nima. Strákarnir taka undir það og Mike bætir við: „Þetta hefur verið erfiður tími en ég held að þegar við lítum til baka munum við sjá að hann var okkur líka mikilvægur. Við munum standa uppi sterkari en áður og ákveðnari í því sem við viljum gera.“

## Bjóða öllum í eitt stórt parti

Þeir Mike og Nima flugu út til Berlínar í gær. „Við erum staurblankir og getum ekki verið hérna upp á aðra komnir lengur. Við erum búnir að vera að leita okkur að vinnu en fáum enga. Það besta sem við getum gert fyrir Duncan núna er að fara og reyna að safna peningum fyrir sjúkrakostnaði hans,“ segir Nima.

Duncan verður eftir á Íslandi og er ekki útséð um hvenær hann getur snúið aftur til síns fyrra lífs. Vonir standa til að hann útskrifist af Grensásdeildinni í ágúst. Hann er að byrja að geta samið tónlist aftur og ætlar að einbeita sér að því og að ná bata. Vinir hans ætla að snúa aftur eins fljótt og þeir geta. „Okkur langar að koma fljótt aftur og taka upp þráðinn með plötuna,“ segir Mike. Svo ætlum við að halda þakkartónleika, bjóða þangað öllu hjúkrunarfólkinu sem hefur verið Duncan svo gott og öllum vinum okkar. Þannig þökkum við fyrir okkur.“

# Kreppan bjargaði íslensku kúnni

Handbók um hugarfar kúa eftir **Bergsvein Birgisson** kom út á þjóðhátíðardaginn. Í bókinni er rýnt í samfélag manna gegnum kúraugun, ef svo má að orði komast. Í samtali við **Bergstein Sigurðsson** ræðir Bergsveinn um heilagar kúr og kosti kreppunnar, sem hann telur að eigi eftir að knýja til að rýna í menningararfinn og gá hvort eitthvað sé eftir af honum.

**Þ**etta er önnur bók Bergsveins en sú fyrri, *Landslag er aldrei asnalegt*, var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna árið 2003.

*Handbók um hugarfar kúa* fjallar um Gest, ungan menningarfræðing sem snýr heim að loknu námi og lendir í basli við að fá vinnu. Hann nælir sér í það verkefni að skrifa handrit að heimildarmynd um íslensku kúna fyrir Bændasamtök Íslands. Smám saman rennur það upp fyrir menningarfræðingnum að virðingastaða kúa endurspeglar hugarfar manna á hverjum stað og á hverjum tíma.

Bókin kemur út utan hinnar hefðbundnu bókavertíðar, sem er óvenjulegt. „Já, þetta er líka óvenjuleg bók og ég vonaðist til að fleiri nemtu að lesa hana almennilega ef hún kæmi út að vori eða sumri, frekar en fyrir jól. Mér er það að minnsta kosti ekkert kappsmál að drukkna við hliðina á reyfurunum. Mér fannst það líka ágætt konsept að gefa bók sem ekki er krimmi strax út á kilju.“

## Brjálaðar tengingar nauta

Bókin er titluð skáldfræðisaga. Bergsveinn kveðst hafa gælt við að skrifa hreinræktaða fræðibók en ákvað að lokum frekar að bræða skáldskapnum saman við. „Mér fannst það skemmtilegra og bjóða upp á fleiri möguleika. Aðalatriðið er ekki að koma einhverjum fræðum á framfæri eða deila á ákveðið menningarástand.“

Mig langaði líka að skrifa bók um geðræn vandamál. Nautgripafræðin verða því eins konar umgjörð fyrir sálarlíf persónunnar og bjóða upp á mjög brjálaðar tengingar við umheiminn; þá fyrst verður þetta heillandi þegar þessi þrjú skaut tengjast, maður veit ekki hvar mannum sleppir og heimurinn byrjar.“

## Stóra þversögnin

Bergsveinn segir þessar tengingar einnig bjóða upp á miklar þversagnir, sem ef til vill sé öðru fremur tákn okkar tíma.

„Stóra þversögnin er kannski sú að ástand undanfarinna ára var innleitt í nafni frelsis en í rauninni höfum við sjálfsagt aldrei verið jafn bundin. Það er eins og með kúrnar; í nútímafjósum eru til dæmis engir básar heldur eru beljurnar sagðar ganga frjálsar. Aftur á móti er búið að koma fyrir skynjunarbúnaði á þeim. Það er eins með nútímamanninn; hann er ef til vill frjáls ferða sinna, laus úr básnum, en lýtur í staðinn eftirliti.“



BERGSVEINN BIRGISSON Stóra þversögnin er kannski sú að ástand undanfarinna ára var innleitt í nafni frelsis en í rauninni höfum við sjálfsagt aldrei verið jafn bundin.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Krísa undanfarinn 20 ár

Bergsveinn segir að samkvæmt bókinni séum við ekki í krísu núna heldur höfum við verið það undanfarin tuttugu ár eða svo. „Því myndi Gestur að minnsta kosti halda fram,“ segir hann.

„Þessi ungi, reiði menningarfræðingur ræðst ekki á yfirborðskennda hluti á borð við misskiptingu auðs og þess háttar, heldur að sjálfri hugmyndafræðinni, sem hann telur rót krísunnar. Annars vegar í rökvisinni sem hefur aldrei verið fullkomlega óblönduð fyrr en í manneskjusýn síðkapítalsismans; *homo economicus*, hinum fullkomlega rökvísa manni sem tekur alltaf réttar ákvarðanir í samræmi við þarfir sínar sem neytandi.“

## Hinir útvöldu peningamenn

„Hins vegar ræðst hann að útvalningarkenningu mótmælendatrúarinnar. Hún gekk upphaflega út á að aðeins viss fjöldi einstaklinga væri í náðinni hjá Guði. Upphaflega var það Guð einn sem vissi hver var hólpinn en brátt fóru

menn að sjá teikn um hverjir hinir útvöldu væru. Þau gátu til dæmis birst í góðverkum, segjum gjöfum til líknamála; í framhaldinu breyttust teiknin í pening, það varð þarna samruni á milli, og þetta kemur einnig fram í nautgripafræðinni sem einmitt vex upp úr útvalningarkenningu mótmælenda.“

Þetta er auðvitað löngu dautt sem lifandi trúarkenning, en eins og Weber sýndi rann þessi hugmyndafræði inn í kapítalismann og hún er enn undirliggjandi í okkur. Það er þessi undirliggjandi hugmyndafræði um hina útvöldu sem réttlætir það að nokkrir menn sópi að sér auðæfunum meðan aðrir fá ekkert; án hennar yrði uppreisn.“

Það finnst Gestu að minnsta kosti, og þælingarnar um kúrnar bjóða upp á tengingar við þetta, til dæmis þegar góðærið náði hámarki og raddir voru uppi um að bítta íslenska kúastofninum út fyrir risavaxnar kúr frá útlöndum. „Rassgat belgísku blákýrinn-

ar er sjálfst græðgis- og afkastaukningarhugarfarið holdi klætt,“ segir Gestur. Það er birtingarmynd þessara ógangna sem við höfum ratað í.

## Eitthvað af mér í hinum

Sjálfur er Bergsveinn norrænufræðingur, menntaður í Noregi þar sem hann býr og á það sammerkt með Gestu að hafa skrifað handrit að heimildarmynd um kúr árið 1998.

„Já, það er svo sem eitthvað af mér í honum,“ jatar, Bergsveinn, „ein tá eða svo. En ég vildi ekki bara skrifa fræðirit um kúr heldur líka skáldsögu um mann sem á við geðræn vandamál að stríða. Þess vegna reyndi ég að halda Gestu eins langt frá sjálfum mér og ég gat, keyra hann í botn þannig að það væri skýrt að hann væri ekki í jafnvægi. Gestur er maður sem stoppar aldrei, hann greinir allt og kryfur til helvítis og verður hornreka fyrir vikið. Fyrirlitinn af samfélaginu fyrir að gera það sem samfélagið menntaði hann til

að gera; hann er eins og hrætt og sært dýr og þess vegna fullur af lífsangist.“

## Angistin er góð

Að mati Bergsveins er angistin hins vegar góð því hún sýnir að okkur stendur ekki á sama.

„Angistin sýnir að lífið og ákveðin gildi eru þess virði að berjast fyrir. Við verðum líka að muna það í öllum glundroðanum sem nú gengur yfir. Kreppan hefur til dæmis þegar bjargað tvennu: Í fyrsta lagi íslensku kúnni. Í öðru lagi íslenskri menningu. Öllu heldur á ástandið eftir að knýja okkur til að leita aftur til upphafsins, ef allt er með felldu, og fá okkur til að spyrja hvort enn sé eitthvað til sem heitir íslensk menning.“

Og þótt ég sé almennt frekar bölsýnn hef ég ágæta trú á að slíkar þælingar styrki bæði sjálfsmynd og innviði menningarinnar. Jafnvel þótt við myndum svara því neitandi að íslensk menning væri til – það væri óneitanlega dálíttill íslenskur húmor í því.“



410 4000 | landsbankinn.is



AUKAKRÓNUR

## 2 gallabuxur á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur keypt þér nýjar Diesel gallabuxur að vori og hausti hjá fjölmörgum verslunum NTC fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.\*

Sæktu um A-kort á [www.aukakronur.is](http://www.aukakronur.is)

\* M.v. 150 þúsund kr. innlenda verslun á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á [www.aukakronur.is](http://www.aukakronur.is).



A-kortin  
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig



**BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS**

**20** ára  
**BÓNUS**  
1989 - 2009



**1498**

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR  
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR **1498 kr./kg.**

**HAMBORGARI  
Í BRAUÐI 150 KR.**



BÓNUS HAMBORGARABRAUÐ XL 4 STK **120 kr**  
K.F HAMBORGARAR 10 STK- 120G **1199 kr.**



**1598**

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR  
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR **1598 kr./kg.**

**BÓNUSPYLSA  
Í BRAUÐI 50 KR.**



BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK **98 kr**  
BÓNUS PYLSUR **629 kr/kg.**  
PYLSA Í BRAUÐI ÁN MEÐLÆTIS CA 50 KR.



**129**  
129 kr. 2 ltr.



**98**  
98 kr. 1 ltr.



**498**

GÓU PRENNA 200g KASSAR **498 kr.**  
PRINS-ÆÐI & HRAUN BITAR

SÆLGÆTIS-  
BARINN  
**50%**  
AFSLÁTTUR  
ALLA DAGA

80 kr.pr 100g poki




**198**  
kr./kg.

INNFLUTTAR KARTÖFLUR



**179**

MYLLU HEILHVEITI-SAMLOKUBRAUÐ  
FÍNT 770g **179 kr.**



**198**

TÓMATAR INNFLUTTIR  
**198 kr./kg.**



**179**

ICEBERG  
**179 kr./kg.**



**329**

PAPRIKA INNFLUTT  
**329 kr./kg.**



**498**

NÝ FERSK JARÐARBER  
500G **498 kr.**



**398**

BLÁBER AMERÍSK 290g  
**398 kr.**

**Opnum laugardaga kl.10**

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUÐ: 12:00-18:00

# Átök þjóðfélagshópa í Íran

Íran hefur verið mikið í fréttum undanfarnar tvær vikur, frá því að kosið var í forsetakosningum í landinu hinn 12. júní. Hörð mótmæli brutust út eftir að úrslitin voru tilkynnt og hafa ásakanir um kosningasvindl verið háværar. Þórunn Elísabet Bogadóttir fór yfir atburðina og kynnti sér helstu frambjóðendurna í kosningunum.

**H**inn 12. júní 2009, eftir óvenjulega harða kosningabaráttu, voru forsetakosningar í Íran. Metþátttaka var í kosningunum og neyddust stjórnvöld til þess að halda kjörstöðum opnum fjórum klukkustundum lengur en áætlað hafði verið. Það kom því sumum á óvart þegar var tilkynnt um endurkjör forsetans Mahmouds Ahmadinejad aðeins fjórum klukkustundum eftir að síðustu kjörstöðum var lokað. Hann var sagður hafa hlotið rúmlega sextíu prósent atkvæða, en helsti keppinautur hans, fyrrverandi forsætisráðherrann Mir-Hossein Mousavi, rúmlega þrjátíu prósent. Mousavi og stuðningsmenn hans héldu því strax fram að brögð hefðu verið í tafla og stórfellt kosningasvindl framið.

## Mótmælin

Tugir þúsunda mótmæltu á götum höfuðborgarinnar Teheran og annars staðar daginn eftir kosningar. Æðsti leiðtogi Írans, Ayatollah Ali Khamenei, tilkynnti þá að ásakanir um kosningasvindl yrðu skoðaðar. Það varð þó ekki til þess að róa mótmælin, og í framhaldinu voru fjölmennir útfundir haldnir hjá bæði stuðningsmönnum og andstæðingum forsetans. Hinn 15. júní komu hundruð þúsunda saman til að mótmæla. Lögregla skaut á mótmælendur og að minnsta kosti sjö létu lífið. Degi síðar var erlendum fréttamönnum meinað að stunda vinnu sína á götum úti og allar götur síðan hefur reynt erfitt að fá atburði eða dánartölur staðfestar. Mótmælin héldu áfram næstu daga. Föstudaginn 19. júní, viku eftir kosningarnar, ræddi Khamenei kosningarnar aftur í föstudagspredikun sinni. Þar hótaði hann harðari aðgerðum gagnvart mótmælendum ef þeir héldu áfram, og neitaði því að svindlað hefði verið í kosningunum. Mótmælin héldu þó áfram og að minnsta kosti tíu til viðbótar hafa verið drepnir í þeim. Þá segja yfirvöld að átta sérsveitarmenn úr Basij-sveitunum hafi látið lífið.

Mótmælin eru þau langfjölmennustu frá því í byltingunni árið 1979, þegar íslamska lýðveldið var stofnað.

## Mousavi og Ahmadinejad

Mousavi var forsætisráðherra



**HVAR ER ATKVÆÐIÐ MITT?** Stuðningsmenn Mousavis mótmæltu svo tugþúsundum skipti fyrstu dagana eftir kosningarnar. Grænn var einkennislitur í kosningabaráttu Mousavis og varð einnig mjög áberandi í mótmælunum. NORDICPHOTOS/AFP

í Íran á árunum 1980 til 1988, á tímum stríðsins við Írak. Árið 1989 var stjórnarskránni breytt þannig að staða forsætisráðherra var ekki lengur til. Hann hefur ekki gegnt opinberu embætti síðan. Í mars tilkynnti hann framboð til forseta. Mousavi er umbótasinni og fékk stuðning annarra slíkra í landinu, meðal annars dró annar forsetaframbjóðandi sig til baka þegar Mousavi tilkynnti framboðið. Hann boðaði auknið tjáningarfrælsi, fjölmiðlafrælsi og kvenfrælsi og lofaði

ad skipa konu í ríkisstjórn sína næði hann kjöri. Kvenréttindi voru nokkuð í umræðunni fyrir kosningarnar, en samkvæmt lögum í Íran hafa konur og karlar ekki sama rétt í skilnaðar-, forræðis- og erfðamálu og ekki heldur þegar kemur að sakamálu.

Forsetinn Mahmoud Ahmadinejad var kjörinn árið 2005 og var fyrsti forsetinn í 24 ár sem ekki var einnig klerkur. Stuðningsmenn hans eru aðallega úr fátækari og trúaðri hlutum þjóðfélagsins,



**MÓTMÆLT UM ALLAN HEIM** Írönsk kona í Los Angeles í Bandaríkjunum heldur á mynd af ungru konu, Neda, sem var skotin í mótmælum. Atvikið náðist á myndband og fór um allan heim á Youtube. Neda hefur orðið að eins konar táknmynd mótmæla. Mótmælt hefur verið víða á Vesturlöndum vegna atburðanna í Íran.

og hann nýtur stuðnings Leiðtogarásins, sem er stjórn æðstu klerka landsins. Hann hefur verið mjög umdeildur á Vesturlöndum, ekki síst vegna stuðnings við samtök eins og Hizbollah í Líbanon og Hamas í Palestínu, og þeirra ummæla sinna að Helför gyðinga hafi aldrei átt sér stað.

## Framhaldið

Æðsti leiðtogi Ayatollah Ali Khamenei hefur þvertekið fyrir að kosið verði á nýjan leik þrátt fyrir

kröfur þess efnis. Þó hefur verið viðurkennt að í fimmtíu borgum hafi greidd atkvæði verið fleiri en fjöldi fólks á kjörskrá. Þetta voru alls um þrjár milljónir atkvæða.

Mótmæli eins og þau sem hafa verið undanfarnar vikur eru á undanhaldi vegna aukins ofbeldis, en Mousavi hefur tilkynnt að hann muni sækja um leyfi til þess að halda mótmæli á næstunni. Ahmadinejad mun sverja eið sem forseti fyrir 15. ágúst næstkomandi.

## SAMFÉLAGIÐ ER LANGT Á UNÐAN LÖGUM

Hanna Björk Valsdóttir bjó í Teheran árið 2007 og er enn í daglegu sambandi við fólk sem þar býr. Margir vina hennar tóku þátt í mótmælunum í upphafi. Hún segir þó að myndband sem sýndi unga konu sem hét Neda deya eftir að hafa verið skotin í mótmælunum hafi breytt miklu. „Þá varð fólk miklu hræddara í Íran. Þeir sem ég þekki og voru að mótmæla þora ekki lengur að vera með. Það eru bara þeir hörðustu, sem eru jafnvel tilbúnir að deyja, sem halda áfram.“ Hanna segir ákveðið vonleysi meðal fólks og það sé dapurt yfir stöðu mála. Hún segir líka greinilegt að fólk sé hræddara við að tjá sig, því bæði séu símar hleraðir og fylgst með internetinu, sem er ritskoðað.

Það kemur Hönnu ekkert á óvart að konur taki þátt í mótmælunum, en það hefur vakið athygli í vestrænum fjölmiðlum. „Fyrir mér er þetta alveg jafnt, konur og karlar eru alveg jöfn í þessu. Það er stór lagalegur munur á stöðu kynjanna, og samkvæmt lögum er konan bara hálfur maður. En í viðhorfi fólksins er enginn munur. Samfélagið er þannig langt á undan lögum. Ef þú tekur ungt fólk og háskólakrakka þá eru konur og karlar alveg jöfn, jafnt hugsandi og með sömu skoðanir. Stelpur taka jafn mikinn þátt í öllu og strákar. Þær þurfa náttúrulega að vera með slæðuna á hausnum en það er það



HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR

eina. Strákunum finnst jafn leiðinlegt að sjá stelpurnar þurfa að hylja sig þegar farið er út. Bræður þurfa að horfa á systur sínar, eða bara feður að horfa á dætur sínar þurfa að hylja sig. Karlmenntu eru jafn mikið á móti því – ef þú ert á þeim stað í þjóðfélaginu,“ segir Hanna. Hún segir muninn miklu frekar liggja í stéttaskiptingu og menntun og mjög mikill munur sé á borginni og sveitum. „Það er bara munur á þjóðfélagshópum, en ekki körlum og konum. Það fer eftir því hvort það er fátæk og ómenntuð fjölskylda sem hefur bara alist upp við að lesa Kóraninn og hlustar á allt sem stjórnin segir, eða er ágætlega stæð í Teheran og börnin ganga í skóla.“



**MIÐBORG TEHERAN** Hörð mótmæli voru hinn 20. júní, daginn eftir að æðsti leiðtogi landsins hafði hótad harðari aðgerðum gagnvart þeim sem mótmæltu. Þúsundir fóru samt út á götur og kveikt var í, meðal annars í þessari rútu. Mikil átök brutust út þegar lögregla og sérsveitir réðust gegn mótmælendum.



HVITA HÚSÍÐ / SÍA

Við keyrum of hratt. Stundum er það vegna þess að við erum að flýta okkur og stundum vegna þess að okkur finnst það skemmtilegt. Og stundum er það einfaldlega vegna þess að okkur líður þannig. Hækkum jafnvel í tónlistinni og finnum fyrir einhverri sérkennilegri frelsistilfinningu. Okkur finnst ekkert mál að keyra of hratt. Við samþykkjum það sem eðlilegan hlut, eitthvað sem allir gera. Réttlætum það meira að segja með því að hraðatakörkin séu of lág. Við keyrum of hratt. Og okkur finnst það allt í lagi. Þessi hugsun kostar sum okkar lífið.

# HÆGÐU Á ÞÉR

  
UMFERÐARSTOFA

# Ríkið óx um helming fyrir kreppu

Ríkisútgjöld hafa aukist um 53 prósent síðan 1998. Fyrirhugaður niðurskurður færir umsvif þess aftur til 2006, sé einungis litið til talna. En í bankahruninu jukust vaxtagjöld gífurlega og þau verða ekki skörin niður. Klemens Ólafur Þrastarson komst að því að starfsmönnum ríkis hefur fjölgað talsvert á tímabilinu, þótt erfitt sé að festa tölu á fjölda þeirra sem þiggja laun frá ríkinu.

**R**íkisútgjöld jukust um tæp 53 prósent milli ára 1998 og 2009, samkvæmt tölum úr fjármálaráðuneytinu.


Á svipuðum tíma, áratuginn 1998 til 2008, jókst verg landsframleiðsla um 48 prósent, samkvæmt tölum Hagstofu, en gjöld ríkisins af henni jukust úr 41,3 í 44,6 prósent. Tekjurnar fóru úr 40,9 prósentum í 43,5.

Samkvæmt nýjum stöðugleikastáttmála mun ríkisstjórnin skera niður ríkisútgjöld um 70 milljarða á næstu þremur árum. Áður hafði verið tilkynnt um 22 milljarða niðurskurð í ár.

Þessir 92 milljarðar verða dregnir frá þeim 555 sem eru á fjárlögum ársins. Þá eru 463 milljarðar eftir.

Þetta eru rúm útgjöld ríkisins árið 2006, sem voru 459 milljarðar, á föstu verðlagi ársins 2009. Árið 2007 voru þau 511 milljarðar.

Þegar þetta er skrifað er ekki búið að gefa út nákvæmlega hversu mikið verði skorið niður á hverju ári, en



heimildir herma að það verði um 35 árið 2010 og 30 árið á eftir. Óvíst er með þá fimm sem út af standa.

Oft heyrst að ríkið hafi eins og aðrir bætt við sig ýmsum lúxusverkefnum í góðærinu. Því ætti að vera auðvelt að skera niður núna.

En málið er þó ekki svo einfalt. Í fyrsta lagi ber að hafa í huga að ríkið hefur einungis 450 milljarða til raunverulegrar ráðstöfunar af þessum 555 milljarða fjárlögum, því vaxtagjöld hafa margfaldast vegna bankahrunsins, svo alls fara um hundrað milljarðar í slík gjöld, lífeyrisskuldbindingar og þess háttar.

Af hverri krónu ríkisins fara um 25 aurar beint í laun, en launakostnaður er um 65 prósent af rekstrarveltu. Sérfræðingur í stjórnsýslu telur að allt að 65 til 70 aurar af hverri krónu fari í raun og veru í laun, séu óbeinar greiðslur teknar með í reikninginn.

Allur niðurskurður væri því að miklu leyti tekinn úr vasa vinnandi fólks, hvort sem er með lægri launum, skertri vinnu eða uppsagnarbréfi.

## → SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR EINS OG THATCHER

Útþensla ríkisins frá 1998 til 2009 varð öll undir stýri sjálfstæðismanna, sem gjarnan kenna sig við aðhaldssaman rekstur og lítil ríkisafskipti. Stefania Óskarsdóttir stjórnmalafraeðingur segir þetta minna á að kannski fari aðhaldssemi og stjórnmal ekki vel saman.

„Stefna Sjálfstæðisflokksins í gegnum tíðina er í einu orðinu aðhald en í hinu að gera vel við alla. Flokkurinn er samblanda af frjálslyggjumönnum, íhaldsmönnum og sósíaldemókrötum. Hann er stór flokkur og þarf að höfða til sem flestra kjósenda. Þá eru menn kannski örlátir,“ segir hún og nefnir að flokkurinn hafi á sínum tíma hrósað sér fyrir að auka framfærð til menntamálaráðuneytis mikið.

Stefanía áréttar þó á að á þessu tímabili hafi tekist að greiða niður skuldir og að flokkurinn hafi aldrei setið einn að stjórn ríkisins.



Ef til vill megi bera þetta saman við stefnu járnfrúarinnar bresku. „Margaret Thatcher var líka mikill talsmaður þess að skera niður ríkisútgjöld en samt jukust þau í hennar tíð. Pólitíkin virðist hafa þetta í för með sér. Það fer kannski ekki saman að vera í pólitík og að skera niður.“

Ekki sé hægt að segja að nú verði einfaldlega farið aftur til ársins 2006, þótt tölur kunni að benda til þess. Vel hafi verið stutt við menntun og heilbrigðis- og félagsmál.

„Svo stöndum við frammi fyrir því núna að við höfum ekki efni á þessu. Hvernig spólum við þá til baka? Það blasir við að við þurfum að vinda ofan af launahækkunum en við getum ekki gert það með því að segja fólki að það eigi að fá laun eins og árið 2006.“

Fólk sættir sig ekki við það mögulanarlaus. Þetta kallar á pólitísk áttök.“

## Eftirsóknarvert jafnvægi

„Eftir eitt mesta hagvaxtarskeið um árabíl er hagkerfið tekið að færast nær jafnvægi á ný,“ segir í frumvarpi að fjárlögum ársins 2009.

Þetta voru síðustu fjárlög Árna M. Mathiesen, þáverandi fjármálaráðherra, kynnt 1. október 2008, og sýnist hann enn nokkuð bjartsýnn.

Þá þótti staða ríkisfjármála „mjög góð til að takast á við efnahagslægð“.

Íslenskt efnahagslíf var enn í „örri framþróun“, þrátt fyrir ýmsar viðsjár, svo sem flókt krónu og samdrátt.



ÁRNI M. MATHIESEN


Fyrirsjáanlegt „aukið jafnvægi“ í þjóðarþúskaðum var talið eftirsóknarvert og meginniðurstæða frumvarpsins er sú að „stöðugleiki ríki í efnahagslífinu þegar hratt dregur úr umsvifum vegna stóriðjuframkvæmda og samdráttur verður í erlendri eftirspurn“.

Í stað þess að skera niður í samdrættinum taldi fjármálaráðherra nær að draga „enn frekar úr aðhaldsstigi í ríkisfjármálum árið 2009“. Síðan hefur margt breyst.

## Nokkur ráðuneyti 1998 til 2009

Margt hefur breyst í verkefnaskipan ráðuneytanna á tímabilinu, til að mynda var bætt myndarlega við verkefni samgönguráðuneytis 2007, svo framlög fóru úr 23 í tæpa 55 milljarða milli ára.

Nokkrum ráðuneytum hefur verið sundrað eða þau sameinuð á tímabilinu, svo sem landbúnaðar-, sjávarútvegs-, trygginga-, heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti. Þau eru ekki tekin með af þeim sökum.



## Verg landsframleiðsla og mannfjöldi

- Verg landsframleiðsla (VLF) jókst um 48,11 prósent á tímabilinu, miðað við fast verðlag ársins 2008.
- Tekjur ríkisins af VLF fóru úr 40,9 í 43,5 prósent.
- Gjöld ríkis af VLF fóru úr 41,3 prósentum og í 44,6.
- Tekjur á mann jukust um 34,96 prósent en gjöldin um 37,24.



- Meðalmannfjöldi jókst um rúm sextán prósent frá 1998 til 2009, miðað við tölur Hagstofu.

Íslendingar töldust vera 273.794 talsins í upphafi tímabilsins, en voru í apríl þessa árs 319.326.

Heimild: Hagstofa Íslands

## LAUN TELJIST 70 PRÓSENT AF ÚTGJÖLDUM

Fjármálaráðuneytið segir ríkisstafsmenn á ársgrundvelli árið 2008 vera alls 28.700 talsins. Talan sem betra er að miða við eru ársverkin eða stöðugildi í dagvinnu. Þau voru 18.600.

Árið 1998 voru stöðugildi ríkisstafsmanna í dagvinnu 16.250 talsins, samkvæmt skýrslunni Starfsumhverfi ríkisstafsmanna, frá 1999. Aukningin er því um 14,4 prósent á áratug.

Launakostnaður mun hafa verið um fjórðungur af ríkisútgjöldum 2007. Samkvæmt tölum Hagstofu jókst launakostnaður ríkis um 34,18 prósent á tímabilinu, á föstu verðlagi ársins 2008, og var í lok þess 216.685 milljónir.

En síðan 1998 hefur nokkur fjöldi starfsmanna verið færður frá ríki til sveitarfélaga og ríkisfyrirtæki gerð að opinberum hluthafafélögum. RÚV er til dæmis í tölunni frá 1998, en ekki í þeirri frá 2008. Á móti kemur til dæmis að starfsmenn Borgarspítala bættust í tölu ríkisstafsmanna þegar hann sameinaðist Landspítala árið 2000. Séu stofnanir og félög utan A-hluta fjárlaga, svo sem ÁTVR og RÚV, tekin með í reikninginn bætast tæplega 6.000


einstaklingar við 2009-töluna, en stöðugildin eru færri.

Þessar tölur segja þó ekki alla söguna, því hvað er ríkisstafsmáður? Stafsmáður í opinberu hlutafélagi telst ekki strangt til tekið ríkisstafsmáður, þótt félagið sé í eigu ríkisins og fái sínar tekjur þaðan. Hvað með þá sem þiggja laun sín beint eða óbeint frá ríkinu?

Starfsmenn í framkvæmda- og eftirlitsstofnunum ríkisins hafa bent blaðinu á að afar erfitt sé að ná utan um þennan fjölda. Til dæmis mætti taka öll hjúkrunarheimili á landinu og þá sem vinna fyrir fatlaða.

Einnig mætti nefna verkfræðing sem vinnur á einkastofu, sem vinnur verk fyrir Vegagerð ríkisins. Segja má að allt sem hann fær greitt fyrir verkið komi frá ríkinu.

Þegar talað er um að launakostnaður sé á bilinu 25 til 30 prósent af útgjöldum ríkisins, er ekkert þessa fólks talið með. Nær væri að segja að launakostnaður næði 65 til 70 prósentum af útgjöldum ríkisins, segir einn sérfræðingur hjá ríkinu, sem starfar við að skoða útgjöld þess.



\* ásamt starfsmönnum banka, ohf-félaga og ýmissa annara

## → STOFNANIR STÆKKA MEÐ, EN MISMÍKIÐ

### 437 prósentum stærri ríkislögreglustjóri

Þá nýstofnað embætti Ríkislögreglustjóra fékk 183,6 milljónir á fjárlögum 1998. Árið 2009 var upphæðin komin í 1.891,9 milljónir, fyrir utan sértekjur, 566 milljónir, sem koma til frádráttar. Alls bárust því 1.325,9 milljónir frá ríkinu það ár. Að verðþróun meðtöldri er þetta aukning um 437 prósent.

Samkvæmt skýrslu dómsmálaráðherra um þróun löggæslu stafar aukning



HARALDUR JOHANNESSEN

starfsmanna fyrst og fremst af samræmingar- og þjónustuhlutverki embættisins. Má þar nefna fjarskiptamiðstöð lögreglunnar, sersveit, umferðar-

deild og bílabanka. Einnig þurfi sérfræðinga í rannsókn og saksókn skatta- og efnahagsbrota og alþjóðadeild.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2006 segir að kostnaðarþróun embættisins endurspeglar að hluta til miklar breytingar á umhverfi löggæslu. „Hún bendir þó einnig til þess að stjórnvöld hafi átt erfitt með að sjá fyrir sér framtíðarhlutverk og verkefni embættisins,“ segir þar.

### Þjóðkirkjan 22 prósentum dýrari

Samtals fóru 2.332 milljónir til Þjóðkirkjunnar árið 1998. Á uppreiknuðu verðlagi væru það 4.474 milljónir. Árið 2008 var upphæðin 5.450 milljónir. Framlag ríkisins til kirkjunnar er því tæpum 22 prósentum herra en það var fyrir ellefu árum. Samkvæmt upplýsingum úr kirkjumálaráðuneytinu varð engin grundvallarbreyting á starfsemi kirkjunnar á þessum tíma, sem snertir ríkissjóð, né breyttist eðli ríkisgreiðslna til hennar.



HR. KARL SIGURBJÖRNSSON BISKUP

### Alþingi vaxið um 23 prósent

Árið 1998 voru útgjöld Alþingis umfram tekjur um 946 milljónir. Ellefu árum síðar námu þessi gjöld tæpum 2.235 milljónum.

Þetta er aukning um 136 prósent, en þá er ekki tekið mið af verðlagsþróun. Með henni er hækkunin rúm 23 prósent.





# Vetrarfrí á Kanarí og Tenerife

Verð frá:

## 59.900 kr.\*

**Fjórar vaxtalausar greiðslur**

Miðað við að greitt sé með greiðslukorti eða bókað á netinu. 3% færslugjald leggst ofan á uppgefið verð.

Við hjá Úrval-Útsýn höfum verið leiðandi ferðaskrifstofa á Íslandi frá því um miðja síðustu öld og erum svo sannarlega á heimavelli á Kanaríeyjum. Við höfum sent íslenska sóldýrkendur til Gran Canaria í áratugi og vitum nákvæmlega hvernig þú vilt hafa fríð þitt. Yndislega eyjan Tenerife, sem er líka ein af Kanaríeyjum, hefur slegið rækilega í gegn og okkar fólk flykkist þangað allt árið um kring. Við sendum þig í sólina með bros á vör – á miklu betra verði.

**Beint flug • Aukið fótarými • Afþreying um borð • Íslenskar áhafnir • Miklu betra verð**



**Tenerife**  
**Parque de Las Americas**  
★★★

VERÐ FRÁ FLUG + GISTING  
**73.900 kr.**  
á mann í viku m. v. 2 fullorðna og eitt barn í vikuberð 7. október.

Gott 3ja stjörnu hótél á Las Americas ströndinni. Aðeins 450 metra frá strönd og stutt í verslanir, veitingastaði og skemmtanalíf. Góður sundlaugargarður með sérstakri barnalaug og eru laugarnar upphitaðar yfir vetrarmánuðina. Góð sólbaðsaðstaða og í garðinum er billjarð og snakkbar. Á hótelinu er bar, veitingastaður og lítill súpermarkaður. Góðar íbúðir og stúdíó með eldunaraðstöðu, örbylgjuofni, helluborði, kælskáp, brauðrist, kaffivél, síma og sjónvarpi. Auk þess er vifta, loftkæling og svalir á öllum íbúðum.



**Kanarí**  
**Roque Nublo**  
★★★

VERÐ FRÁ FLUG + GISTING  
**89.605 kr.**  
á mann í viku m. v. 2 í íbúð  
Vikuferð 24. janúar

Úrval-Útsýn býður gistingu á þessu þekktu hóteli á hreint ótrúlegu verði. Allir Kanarífarar þekkja Roque Nublo, sem er frábærlega vel staðsett miðsvæðis á Ensku ströndinni. Hótelið er við Avenida de Tirajana, við hliðina á Júmbó-verslunarmiðstöðinni. Garðurinn er skjólsæll og í byggingunni er mjög góður veitingastaður, Las Brasas. Íbúðirnar eru snyrtilegar, bjartar og einfaldar. Í þeim er stofa, svefnherbergi, eldhúskrókur, baðherbergi og rúmgóðar flísalagðar svalir með garðhúsgögnum.

Úrvalsfólk sérstaklega velkomið í ferðina  
24. október–14. nóvember.  
Einnig möguleiki á dvöl í 5 vikur.

Úrvalsfólk er ferðaklúbbur fyrir 60 ára og eldri.

VERÐ FRÁ FLUG + GISTING  
**139.900 kr.**  
á mann í 3 vikur

## FLUGDAGAR

### Kanarí

24. október – Úrvals fólk í 3 eða 5 vikur  
14. nóvember  
28. nóvember  
19. desember – Jónlaferð  
27. desember – Áramót

Vikulegt flug á sunnudögum  
frá 3. janúar – 11. apríl

### Tenerife

Vikulegt flug allt árið.  
Jónlaferðir 16. og 20. desember  
Páskarferðir 24. og 31. mars



Sími 585 4000 [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

# Krakkar mínir, krakkar mínir ...

Fimm barnaplötur komust á listann yfir hundrað bestu plötur Íslandssögunnar eftir kosningu sem Rás 2, Félag hljómplötuframleiðenda og tónlist.is stóðu fyrir nýverið. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við höfunda og flytjendur þessara vinsælu verka.

**B**urtséð frá því hvaða skoðun fólk hefur á niðurstöðum nýlegrar kosningar um hundrað bestu plötur Íslandssögunnar lýtur tiltölulega mikill fjöldi barnaplötna á listanum að vekja athygli. Líkleg skýring er að téðar plötur hafi á einhvern hátt smogið inn í þjóðarsálina, sem gerir það að verkum að hlustun á þær einskorðast fráleitt við yngstu kynslóðina heldur hafa plöturnar mun víðari skírskotun.

Það sem öðru fremur einkennir þessar fimm fínu barnaplötur er að augljóslega var vandað til verks við gerð þeirra. Þær státa af, í mismiklu magni, frumleika, fagmannlegum flutningi og glúrinni texta-gerð og yfir þeim er illskýranlegur, gleðilegur andi. Mest er þó um vert að í öllum tilfellum hefur verið lagt af stað með virðingu fyrir viðfangsefnum að leiðarljósi. Listi yfir bestu plötur Íslandssögunnar er vel sæmdur að innhalda slík gæðaverk.

## Ögruðum viðteknum gildum



OLGA GUÐRÚN  
ÁRNADÓTTIR

„Hver kynslóðin af annari virðist kunna vel að meta Eniga Meniga. Þegar börnin mín voru í menntó var platan spiluð í partíum hjá vinum þeirra og nú, rúmum þrjátíu árum eftir útkomu hennar, verð ég enn mjög vör við vinsældir hennar. Platan er greinilega orðin klassísk,” segir Olga Guðrún Árnadóttir rithöfundur, sem söng og lék á píanó á plötunni Eniga Meniga árið 1976.

Annar rithöfundur, Ólafur Haukur Simonarson, samdi öll lögín á plötunni og einnig alla texta nema einn. Gunnar Þórðarson sá um útsetningar.

„Óli átti talsvert af lögum í fórum sínum sem hann vildi koma á plötu og það mig um að vera með, þar sem við þekktumst vel og ég hafði verið að raula þetta með honum í heima-húsum,” segir Olga Guðrún um tilurð Eniga Meniga. „Ég hafði enga reynslu á þessu sviði og vissi ekkert út í hvað ég var að fara þegar ég hélt á fund Gunnars til London, þar sem platan var tekin upp, en allt gekk mjög vel og platan varð strax ofboðslega vinsæl. Ég var fengin til að syngja lögín á sveitaböllum og fleira í þeim dúr, þannig að þau höfðu greinilega til allra aldurshópa þótt þau væru aðallega ætluð börnum. Það kom okkur dálítið skemmtilega á óvart.”

Bláðamaður er á því að Eniga Meniga innihaldi marga pólitíska texta og þjóðfélagsádeilu. Olga Guðrún vill ekki taka alveg svo djúpt í árinna. „Það er kannski ekki svo mikið um grjótharða pólitík í textunum, en platan einkennist hins vegar af mjög



**ENIGA MENIGA - OLGA GUÐRÚN ÁRNADÓTTIR** Kom út árið 1976. Meðal vinsælla laga: *Eniga meniga, Ryksugulagið, Það vantar spýtur.*

frjálsglum hómor með mislúmskum broddi, hún sneri út úr borgaralegri hugsun og ögraði viðteknum gildum, sem var algjört nýmæli í barnatónlist á þessum tíma. Í því liggur að mínum dómi hið raunverulega pólitíska gildi hennar.”

Hún segist hafa heyrt gagnrýnisraddir vegna plötunnar fyrst eftir útkomu hennar. „Ýmsum fannst textarnir ekki nógu hátiðlegir fyrir börn, þetta væri bara eitthvert bull og vitleysa, og einhverjir létu meintan pólitískan áróður plötunnar fara í taugarnar á sér. Ég var líka sjálf mjög umdeild persóna á þessum tíma, hafði séð um barnaefni í útvarpinu sem olli gríðarlegu fjaðrafoki í þjóðfélaginu af pólitískum ástæðum, þannig að margir voru á varðbergi þegar barnaplata tengd mínu nafni kom út.”

Það kom þó ekki niður á vinsældum plötunnar, sem seldist eins og heitar lummur. „Platan féll í kramið og það er gaman að hún skuli hafa komið fyrir eyru svona margra í gegnum tíðina,” segir Olga Guðrún Árnadóttir.

## Leikskólastýrur bönnuðu prumpið



Á SVIÐ Abbababb!-platan ól af sér barnasöngleik sem settur var upp í Hafnafjarðarleikhúsinu árið 2007. Sýningin naut fádæma vinsælda, rétt eins og platan áratug fyrir.



DR. GUNNI

„Þetta er eina platan sem ég á á þessum topp hundrað-lista, og það kemur mér dálítið á óvart. Ég vil meina að ég hafi gert að minnsta kosti þrjár betri plötur en Abbababb! En það þýðir ekkert að væla yfir því,” segir Dr. Gunnar um barnaplötuna sem hann gaf út árið 1997.

Að sögn doktorsins fékk hann hugmyndina að plötunni þegar hljómsveitin hans Unun freistaði þess að gera garðinn frægan í útlöndum um miðjan tíunda áratuginn. „Ég nenni ekki að biða endalaust eftir því að þessir meikdraumar rættust, svo ég dreif bara í þessu. Þegar ég bjó í Frakklandi um áratug áður hafði ég verið að fíkta við að semja og spila barnalög sem ég sendi frændsystkinum á Íslandi á spólu. Abbababb! var hugsuð sem útvíkkun á því, en á endanum notaði ég lítið sem ekkert af þeim lögum.”

Mesta athygli á Abbababb! vakti

án efa lagið um Prumpu-fólkið. Lagið varð geysivinsælt, en fékk þó ekki jafn góð viðbrögð alls staðar að sögn Dr. Gunna. „Ég fór í gang með mjög metnaðarfulla markaðssetningu þegar ég var að gera plötuna. Ég sendi spólur með lögum á alla leikskóla landsins, sem voru þá um tvö hundruð talsins, og stílaði bréfin á börnin á viðkomandi leikskólunum. Ég fékk ekki eitt einasta svar,” segir Gunnar og skellir upp úr. „Eftir að Prumpufólkið varð svona vinsælt heyrði maður af því að einhverjar leikskólastýrur hefðu bannað spilun lagsins á sínum leikskólum. Þetta þótti of viðkvæmt mál og stýrurnar vildu ekki æsa krakkana upp.”

Að mati Dr. Gunna er Eniga Meniga besta barnaplata allra tíma. „En allar barnaplötur sem komust inn á listann eru góðar. Flippplatan með Hrekkjusvínunum er frábær og líka Einu sinni var. Þegar þessar tvær plötur

voru endurútgefnar skrifaði ég gagnrýni um þær og gaf Hrekkjusvínunum miklu fleiri stjörnur, en nú hef ég gjörsamlega endurskoðað hug minn og myndi gefa þeim báðum fimm stjörnur af fimm mögulegum.”

Gunni segist lítið velta uppeldisgildi barnaplatna fyrir sér. „En þessar plötur á listanum hafa kannski óvenjulegt uppeldisgildi að því leyti að þær eru ekki að

**ABBABABB! - DR. GUNNI OG VINIR HANS** Kom út árið 1977. Meðal vinsælla laga: *Prumpufólkið, Systa sjóræningi, Hr. Rokk og fylustrákurinn.*

segja krökkunum að bursta tennurnar og líta fjörum sínum til beggja hliða áður en þau fara út á gangbraut. Þær sýna miklu frekar viðleitni til þess að búa til almennilega þjóðfélagsþegna, sjálfstæða og framsækna, í staðinn fyrir einhverja tannburstandi hjörð. Það felst merkilegri boðskapur í því en einhverjum stanslausum umvöndunartóni,” segir Dr. Gunnar.

## Sérstaklega gaman að gera plötuna



GUNNAR  
ÞÓRÐARSON

„Ég set mig alls ekki í neinar sérstakar stellingar þegar ég er að semja eða útsetja tónlist fyrir börn. Aðalmálið er bara að koma þessu til skila, og að það virki,” segir Gunnar Þórðarson, sem á stóran þátt í tveimur af barnaplötunum fimm á listanum yfir hundrað bestu plötur. Gunnar útsetti lögín á Eniga Meniga og spilaði undir, og samdi svo ásamt fleirum ný popplög við ljóð úr Vísnaðókinni, sem var til á flestum heimilum landsins árið 1976. Gunnari til fulltingis á

Einu sinni var, eða Vísnaðplötunni eins og hún er gjarnan nefnd, voru þeir Björgvin Halldórsson söngvari og Tómas Tómasson bassaleikari.

Í bókinni eru ekki allir í stuði? - Rokk á Íslandi á síðustu öld eftir Dr. Gunna segir að mörgum hafi þótt meðferð popparanna á hinum sigildu vísnum jaðra við helgisþjóll. Nokkrir barnaskólakennarar hafi krafist þess að Ríkisútvarpið bannaði spilun á plötunni því hún ruglaði börnin í ríminu, en útvarpið hafi ekki viljað það af þeirri

ástæðu að bannfærning yrði of góð auglýsing fyrir plötuna.

Gunnar dregur heldur úr slíkum lýsingum. „Ég varð var við einhverja gagnrýni, en ekki mikla. Það var helst af einhverjum fundist að ég hefði frekar átt að semja ný lög við nýja texta, en það var ekkert alvarlegt.”

Platan sló eftirminnilega í gegn hjá almenningi. Alls seldust 20.000 eintök fyrir jóln 1976, sem voru rosalegar tölur í þá daga, og lengi vel var platan talin sú söluhæsta í Íslandssögunni. „En það er ekki svo mikið að marka sölutölur hér á Íslandi,” segir Gunnar og hlær. „Svöltið eins og í Búlgaríu, lítið að marka þær. En þetta er ágætis plata og það var gaman að vinna að henni.”

Ári síðar, 1977, gaf þríeykið út aðra vísnaðplötu, Út um græna grundu, sem vakti hvarvetna viðlíka ánægju og hin fyrri. „Báðar plötur voru ágæt- ar og það var sérstaklega gaman að gera þær,” segir Gunnar Þórðarson.

**EINU SINNI VAR - VÍSUR ÚR VÍSNAÐÓKINNI - GUNNAR ÞÓRÐARSON OG BJÖRGVIN HALLDÓRSSON** Kom út árið 1976. Meðal vinsælla laga: *Komdu kisa mín/ Þambara vambara, Ég á lítinn skrytinn skugga, Stóð ég úti í tunglsljósi.*



**HITTARI** Björgvin Halldórsson, Tómas Tómasson og Gunnar Þórðarson fagna útkomu Vísnaðplötunnar árið 1976. Platan seldist í yfir 20.000 eintökum fyrir jóln þetta ár.




**LÍKAR LAUGAR-VATN** Snorri Helgason er mikið borgarbarn en á sér uppáhaldsstaði í sveitinni.

SÍÐA 11



**SÆLUREITUR Í SVEITINNI** Tíu einföld og ódýr ráð til að betrum-bæta sumarbústaðinn.

SÍÐA 8



● **MATUR**

Lostæti í lautarferð

● **LIST**

Gallerí í gömlu fjósi

● **STEINAR ÞÓR BACHMANN**

Á brimbretti við Íslandsstrendur

FRÉTTABLAÐIÐ

**Mikið úrval vandaðra grilla frá Þýskalandi**

**Grillbúðin**  
www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400



**19.900**  
FRÁBÆRT  
VERÐ



**49.900**  
FULLT VERÐ  
57.900

11  
kw/h



**64.900**  
FULLT VERÐ  
74.900

16,5  
kw/h



Ryð-  
fritt

**114.900**  
FULLT VERÐ  
129.900

17,6  
kw/h

LANDMANN

Opið laugardag kl. 13 - 16



**HEIMILISHALD**  
HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR

## Rækt í eigin ranni

Sumarið er sú árstíð er einkennist af litum, von, leikjum, gleði og ferðalögum, í það minnsta í meiri mæli en oft áður. Grasið grænkar og dýralífið blómstrar, fólk fer í frí og leggur rækt við fjölskyldu og vini. Merkilegt er þó hve fljótt helgarnar líða og fyrir en varir er tekið að hausta.

Þessir þrjú mánuðir ársins, þegar allt á að gerast, eru í raun afskaplega mikilvægir fyrir geðheilsu fólks. Vinnandi fólk hleður batteríin í sumarfríum, unglingar læra á vinnumarkaðinn og sumir safna fyrir námi auk þess að njóta skólafrísins. Börn verja meiri tíma með foreldrum, sem hafa loks tíma til að slaka á í fríinu, sólarhringurinn lengist með björtum nóttum og árstíðabundin áhugamál blómstra.

Ekki verður þó litið framhjá því að óveðursský eru yfir okkar ástærðu eyju þessa dagana, sem skyggja því miður á mörg heimili og vekja mönnum ugg í brjósti. Þá er mikilvægt, sem aldrei fyrir, að reyna þrátt fyrir allt að njóta þessa stutta tíma og fá sem mest út úr birtunni og gleðinni sem fylgir sumri. Þá er ekki þar með sagt að

Sumarið er sú árstíð er einkennist af litum, von, leikjum, gleði og ferðalögum, [...].

Vandræðin sem á okkur dynja hafa orðið mörgum hvatning til að líta inn á við og endurmeta þau gildi sem lifað er eftir og er það ekki slæmt. Jafnvel tímabært.

Í þessu fyrsta sumarblaði Fréttablaðsins, Inni & úti, eru mýmörg dæmi um einfaldar leiðir til að njóta sumarsins og alls þess sem það hefur upp á að bjóða, bæði í borg og sveit. Rætt er við brimbrettakappa sem stundar ótrauður íþrótt sína við strendur Íslands, sagt er frá nýju listagalleríi í gömlu fjósi, farið er í notalega lautarferð og góð ráð og hagstæð gefin til að hressa upp á bústaðinn – svo eitthvað sé nefnt. Greina má því ýmis tækifæri til að skemmta sér og láta fara vel um sig og sína, þrátt fyrir allt og allt. Full ástæða er til að leggja ekki einungis rækt við garðinn sinn heldur sjálfan sig líka. Við þurfum öll á því að halda.



● Forsíðamynd: Stefán Karlsson Útgáfufélag: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000  
Ritstjóri: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is Auglýsingar: Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir s. 512 5462 Útlitshönnuður: Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



Steinar hefur reynt sjóinn við þrjár strendur á Íslandi og í Suður-Afríku og á Englandi en vill prófa fleiri.

FRÉTTABLAÐID/ANTON

# Spennandi í sjónum við strendur Íslands

● Steinari Þór Bachmann finnst æðislegt að fara á brimbretti við Íslandsstrendur þótt á stundum geti það verið heldur kalt. Hann segir að gott sé að vera í formi því íþróttin sé erfið.

„Mér fannst þetta alltaf hljóma mjög spennandi,“ segir Steinar Þór Bachmann brimbrettakappi en hann hefur farið á brimbretti á Íslandi frá því síðastliðið haust. „Ég lærði á brimbretti í Suður-Afríku þegar ég var þar veturinn 2008. Ég fór þangað í þrjú mánuði í skipulagða ferð þar sem við fórum bæði á brimbretti og vorum í sjálfboðaliðastarfi á vegum Ticket to ride.“

Steinar segist hafa staldrað stutt við á Íslandi þegar hann kom heim frá Suður-Afríku því hann fór til Englandis í heilt sumar þar sem hann hélt áfram á brimbrettinu. „Ég var að kenna á brimbretti í Englandi og hef aðeins haldið því áfram á Íslandi.“

Aðspurður segir Steinar skemmtilegra að vera á brimbretti í Suður-Afríku heldur en á Íslandi. „Það er hlýrra í Suður-

Afríku en það er reyndar minna af fólki hérna svo það eru færri fyrir mér. Á veturna getur verið mjög kalt að vera í þessu hér á landi en sjórinn er samt þökkalega hlýr og við erum vel útbúnir,“ segir Steinar og heldur áfram: „Hægt er að vera á brimbretti á Íslandi allt árið ef maður er hörkutól.“

Þegar Steinar er inntur eftir því hvort hann hafi prófað að standa á brimbretti á Íslandi áður en hann fór til Suður-Afríku segir hann svo ekki vera. „Ég var ekki viss um hvort hægt væri að stunda þetta á Íslandi en ég hafði nokkra hugmynd um það.“ Nú segist Steinar fara á brimbretti á Íslandi þegar tækifæri gefst til. „Stundum fer ég þrisvar til fjórum sinnum í viku en svo kemur tími þegar ég fer ekkert í mánuð.“

En er almennt erfið að stunda

brimbrettaíþróttina? „Já, þetta er líkamlega erfiðt og sérstaklega hérna heima. Það borgar sig því að vera í ágætu formi,“ upplýsir Steinar og bætir því þó við að þetta sé æðisleg íþrótt.

„Við erum oftast tveir, þrjú og fjórir sem förum saman niður á stönd,“ útskýrir Steinar og segist hafa reynt sjóinn við þrjár strendur á Íslandi, við Grindavík, Sandvík og Þorlákshöfn. „Svo er ég búinn að draga nokkra vini mína út á brimbrettin á Íslandi. Einn hefur meira að segja farið til Perú til að stunda þetta en aðrir eru áhugamenn hér heima.“

Steinar langar að fara á brimbretti um allan heim. „Mig langar til dæmis að fara til Marokkó, Indónesíu og Tahítí. Ég er alltaf að safna mér pening til að komast út.“

-mmf

## Í FERÐALAGIÐ


### Sigur Rós og spænskar bókmenntir



L eikonunni Sólveigu Guðmundsdóttur finnst gaman að ferðast um landið og bykir þá tilvalið af hafa meðferðis góða tónlist og bækur. „Ég las eina um daginn sem mér fannst rosalega góð, Skuggi vindsins eftir Carlos Ruiz Zafón. Það er að vísu svolítið langt síðan ég las hana en ef ég ætti að mæla með einhverju þá er það pottþétt þessi bók. Hún er mjög ævintýrleg og höfundinum tekst að gera leyndardóma hennar alveg ljóslífandi fyrir lesandanum. Svo er framsætingin svo skemmtileg. Bókin er mjög spennandi og nær að halda lesandanum allan tímann; maður þreystir ekki á að lesa, heldur langar til að klára hana.“

Þá mælir Sólveig með disknum Með suð í eyrunum við spilum endalaust með hljómsveitinni Sigur Rós. „Hann er alveg frábær, inniheldur skemmtileg og ekki síður kröftug lög. Ég fór einmitt í bústað um páskana og spilaði hann alla helgina með systur minni og sonum hennar. Þau filuðu þetta alveg í botn og sungu með, enda kveikja krakkar alveg á svona textum eins og „þú syngur alveg eins og vitleysingur“. Svo er bara svo frábært að hlusta á tónlist með Sigur Rós þegar maður er að keyra um á þessu landi.“

-rve



Ertu „alltaf á leiðinni“ í jóga?

Vantar þig orku, einbeitingu, gleði og ró?

**KUNDALINI JÓGA**

Orkugefandi - markvisst - umbreytandi

**Sumarnámskeið 30. júní- 20. ágúst**  
Þriðjud. og fimmtud. 17.45-19.00

Kennarar: Auður Bjarna og fleiri

Skráning og nánari upplýsingar: [audur@vortex.is](mailto:audur@vortex.is)  
[www.lotusjogasetur.is](http://www.lotusjogasetur.is) og í síma 846 1970

**Lótus Jógasetur - Borgartúni 20**

# Örugg

# barnahjól



Þríhjól

Touring Pink.

kr. 10.900



Vivi Sweety

12" og 14" fyrir 3-5 ára.

kr. 16.000

Með dúkkusæti

kr. 16.900



Þríhjól m/skúffu

Transporter með skúffu.

kr. 11.900



Norco Rainbow

12" og 16" fyrir 3-6 ára.

frá kr. 19.900



Norco Shogun

12" fyrir 3-4 ára.

kr. 17.500



Norco Eliminator

12 gíra fyrir 6-8 ára.

kr. 34.900



Norco Spice

12 gíra fyrir 6-8 ára.

kr. 34.900



www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40

Og miklu meira úrval í versluninni • Taktu mark á sérfræðingum • Varahlutir og viðgerðir

Lynx  
GOLFVÖRUR

## Sumarsveifla á verði sem slær í gegn

### Hefjum sumarið á góðu verði

**HIPPO Driverar**  
Frábærar umsagnir í golfblöðum.  
Verð frá **kr. 10.900**  
HIPPO XXL **kr. 19.300**  
**HIPPO**

**HOWSON Attacker Driver 460°**  
Verð aðeins **kr. 7.900**

**HOWSON Attacker Rescue**  
Margverðlaunaður hálfviti.  
Herra og dömu,  
verð aðeins **kr. 6.300**

Lynx

**LYNX Black Cat Tour járn Forged**  
Dynamic Gold sköft, regular eða stíf.  
Á Golf Monthly HOTLIST Today's Golfer  
„Best Budget better-player irons“.  
Verð aðeins **kr. 69.900**

**Pro Quip Silk Touch**  
Besti regngallinn skv.  
Today's Golfer.  
Jakki aðeins **frá kr. 14.990**  
Buxur aðeins **frá kr. 9.990**  
Vindvesti aðeins **frá kr. 8.200**



**Rafmagnsgolfkerra**  
Powerhouse Freedom.  
28 AH geymir  
frá **kr. 59.900**

**Golfsett í poka**  
Heilt sett frá **kr. 33.900**  
Hálft sett í poka  
frá **kr. 16.900**

**Þriggja hjóla kerrur**  
Verð frá **kr. 17.900**

**Barna- og unglíngagolfsett**  
Í poka, verð frá **kr. 9.900**  
Í standpoka **kr. 19.500**  
Púttar, kylfa og  
kúlur **kr. 6.700**

Almennur  
opnunartími  
virka daga  
11 til 18

Afsláttur  
af golfboltum  
í heilum  
kössum

Há/lág forgjöf?  
Lágt verð!

Golf outlet

Ármúla 40 • 2. hæð • Sími 553 9800 • www.golfoutlet.is

## Um að vera ...



**PÖNKSLÁTTUR TÓTU** Elisabet Sveinsdóttir, sem flestir kalla einfaldlega Tótu, er með einkasýningu á myndlist sinni í Gallerí Listamenn að Skúlagötu 32 í Reykjavík. Sýninguna kallar hún Hjartslátt en hún kveðst eins hefði getað kallað sýninguna „Pönkslátt sálar minnar“. Kveðst hún hafa fengið risastóra ástríðu fyrir lífinu í Guðs gjöf og sú ástríða hafi alltaf valdið henni óþreyju fyrir listinni. „Þetta er eins og að fá endalaust að fara út að leika í öllum veðrum, tæma sig af orku og fá vellíðan í staðinn,“ segir hún og kveðst afar hamingjusöm og lánsöm manneskja. Þess má geta að þetta er síðasta sýningarhelgi Tótu í Gallerí Listamenn.

**ÁST OG TESTÓSTERÓN FYR-IR AUSTAN** Ást í 100 ár heitir sumarsýningin í Minjasafni Austurlands á Egilsstöðum. Hún fjallar um ástir, rómantik og kynlíf í sveitum og þéttbýli síðastliðin hundrað ár. Safnið lét setja ástarljóð eftir Pál Ólafsson á ýmsar byggingar á Egilsstöðum með bleikum og fjólu-bláum litum. Rosa rómó. Auk þess stendur sýningin Testosterone yfir í menningar-miðstöðinni Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Það er samsýning fimm karlkyns listamanna og er blanda ljósmyndna og högglistar þar sem íslenska landslagið, rekaviður, hreindýr, járnkindur og draugaleg portrett af kynþokkafullum austfirskum ungmönnum fylla hringlaga rýmið.



### ÍRSK STEMNING Á AKRANESI

Skagamenn minnst hinnar írsku arfleifðar sinnar á hátíð um næstu helgi og gera sér glaðan dag um leið. Þá fer Akranes í sparibúning sem er að sjálfsögðu í írsku fánalitunum. Þetta er fjölskylduhátíð með fjölbreyttri skemmtun og jafnan er keppt um rauðhærðasta Íslendinginn. Grillveislur eru víða um bæinn en aðal hátíðarsvæðið er á Jaðarsbökkum og á Langasandi. Í ár verður sótt til heimamanna um þátttöku og skemmtilegheit í meiri mæli en áður og áhersla lögð á hófstilla umgjörð og heimatilbúin atriði. Leiðarstef hátíðarinnar þetta árið er maður er manns gaman!



### MEÐAFAÁIÐNAÐARSAFNID

Afadagar eru á Iðnaðarsafninu á Akureyri þessa helgi og allir krakkar eru hvattir til að koma með afa sínum í fræðslu- og skemmtiferð á safnið. Afar eru hafsjór af fróðleik og skemmtilegum sögum eins og allir vita. Flestir afar þekkja líka betur en margur annar þá gripi sem er að finna á Iðnaðarsafninu; sumir afarnir hafa jafnvel unnið í verksmiðjunum sem eru uppistaðan að safninu. Frítt verður á safnið fyrir alla afa. Ömmurnar eru að sjálfsögðu hjartanlega velkomnar líka enda er ekki minni fróðleik að finna hjá þeim. Iðnaðarsafnið er opið alla daga frá 13-17.



Gunnlaugur opnar í dag sýningu á vatnslitamyndum sínum í Gallerí Fjósakletti á Fitjum í Borgarfirði og er þema sýningarinnar sveitin. MYND/HULDA GUÐMUNDSDÓTTIR

## Listagallerí í gömlu fjósi

● Gunnlaugur Stefán Gíslason listmálari opnar sýningu á vatnslitamyndum í Gallerí Fjósakletti á Fitjum í Skorradal í dag. Galleríið var áður fjós og er málarinn ættaður frá svæðinu.

„Frænka mín, Hulda Guðmundsdóttir, staðarhaldari á Fitjum í Skorradal, kom að máli við mig í haust og spurði hvort ég vildi ekki sýna verk í gamla fjósinu ef hún myndi laga það til. Mér þótti hugmyndin prýðileg og hef síðan þá málað og látið ramma inn fullt af verkum sem nú eru til sýnis í Gallerí Fjósakletti,“ segir Gunnlaugur Stefán Gíslason listmálari glaður í bragði.

Gunnlaugur stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og síðan prentmynda-ljósmyndun í Iðnskóla Hafnarfjarðar. Hann hefur starfað sem myndlistarmaður og einnig sem myndlistarkennari við Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Myndlistaskóla Reykjavíkur, Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði og haldið námskeið og fyrirlestra um myndlist í yfir þrjú áratugi. „Ég hef málað frá því um fermingu og er einna þekktastur fyrir vatnslitaverk. Myndlist hefur alltaf verið mér mikil ástríða og er gaman að geta sýnt svona á æskuslóðum því þótt ég sé fæddur í Hafnarfirði þá var ég oft í sveit á Fitjum og er ættaður þaðan,“ segir Gunnlaugur sem hefur vissar taugar til nýja gallerísins. „Fjós eru svoltið merkilegir staðir. Sagt er að



Skessuhorn er listamanninum kært.



Hraunið í Hafnarfirði kemur við sögu.

Nýja testament Odds Gottskálks-sonar hafi verið ritað í fjósi. Síðan er gaman að segja frá því að móðir mín lærði í fjósinu á Fitjum af því að hún þurfti að fá frið frá bræðrum sínum sem voru með læti og þá var friðurinn hjá kúnum. Ég hafði líka gott af því að umgangast frænda minn, Guðmund Tryggva Stefánsson, föður hennar Huldu, sem sagði mér ýmslegt sem ungur maður, tíu til tólf ára, þurfti að vita fyrir lífið. Við vorum oft í fjósinu að mjólka og ganga frá,“ segir hann glaðlega.

Rétt við fjósið er klettur sem galleríið heitir eftir og er hann að sögn Gunnlaugs athyglisverður staður. „Þar býr huldukona. Móður minni dreymdi oft sérkennilega drauma þar sem hún spjallaði við huldukonuna og var henni víst gefinn matur við hátíðleg tækifæri.

Fyrir um 15 til 20 árum síðan átti að hylja klettinn með torfum og mold en þá lét huldukonan til sín taka og sótti að mönnum í svefni og togaði af þeim brekanið, eða sængina, og lét vita af því að þetta vildi hún ekki. Þá var drifið í því að taka þetta burt aftur og nú blasir fjósakletturinn við hverjum sem vill sjá,“ segir hann.

Þema sýningarinnar er úr Borgarfirði þótt hraunið í Hafnarfirði slæðist með. „Ég er raunsæismaður í myndlist og á sýningunni má meðal annars finna myndir af Skessuhorni, eyðibýlum og hrauninu í Hafnarfirði en sveitin er mér ofarlega í huga,“ segir Gunnlaugur en um sölusýningu er að ræða. Sýningin verður opnuð í dag klukkan 14. Hún stendur yfir til 6. júlí en opið er daglega frá klukkan 13 til 18. -hs



Vönduð og viðhaldslítill garðhúsgögn frá viðurkenndum framleiðendum.

Sólbekkir, borð og stólar ásamt ýmsum fylgihlutum.

Signature  
••• húsgögn

Opið  
Mán. - Fö. 12-18  
Lau 12 -16

Fiskislóð 45, 101 Rvík - S. 771 2099 - www.signature.is

# ego dekor

Leðursófasett 503  
Fáanlegt í svörtu leðri  
3ja sæta

Verð: 159.000,-

Stóll  
Verð: 78.000,-



ROMEO leðurtungusófi  
Stærð: 285X165  
Fáanlegur í svörtu leðri

Verð: 289.000,-



ARAN leðurtungusófi  
Fáanlegur í svörtu leðri  
Stærð: 275X175

Verð: 235.000,-



VISION leðursófasett  
Fáanlegt í svörtu og hvítu leðri  
3ja sæta

Verð: 169.000,-

Stóll  
Verð: 85.000,-



## MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM SÓFUM

COMFORT sófasett

2ja sæta

**-20%**

Verð áður:

112.000,-

Verð nú:

89.600,-

3ja sæta

Verð áður:

123.000,-

Verð nú:

98.400,-



ROCKPORT  
tungusófi

Fáanlegur í 2 litum

Stærð: 320X165

Verð áður:

249.000,-

Verð nú:

199.200,-



**-20%**



MOON tungusófi

Stærð: 295cmX162cm

Eingöngu fáanlegur

í ljósum lit

Verð áður:

215.000,-

Verð nú:

172.000,-



EAST COAST

tungusófi

Fáanlegur í 2 litum

Stærð: 260X180

Verð:

187.000,-

LUND tungusófi

Stærð: 232X160

Verð:

158.000,-



MORRIS tungusófi

Stærð: 260cmX180cm

Microfiber áklæði

Fáanlegur í tveimur litum

Verð áður: 209.000,-

Verð nú:

156.750,-



**-25%**

Rifsberjaskyr, toppað með rifsberjum, er ferskur og góður eftirréttur sem fer vel í maga en sniðugt er að deila skyrinu niður í falleg og hentug flát. Rörin skemmtilegu og karfan sem réttirnir eru í fást í Heimili & hugmyndum.



FRETABLAÐIÐ/STEFAN

Tortillurnar eru hér vafðar inn í smjörpappír og bundnar saman með blaðlauk.



## Smurðar

● Valentína Björnsdóttir er þekkt hollustu en fyrirtæki hennar, Móorðstír. Valentína útbýr sér gjarnan

„Það góða við þennan nestisbita er að hann heldur sér svo vel. Þannig er hann jafngóður daginn eftir að hann er smurður. Ég tek þær gjarnan með mér í göngu, gekk til dæmis á Búrfell og tortillurnar gáfu góða orku og ég var södd í marga klukkutíma. Þær eru heldur ekki þungar í maga, þannig að þær henta vel ef maður ætlar að hreyfa sig eitthvað

# Ljúffeng lautarferð

● Þegar góðviðrisdaga ber upp er kjörið að bregða sér í lautarferð og er þá gaman að nostra svólitið við veitingarnar. Sveinn Kjartansson matreiðslumeistari útbjó fyrir okkur einfalda en þó gómsæta nestiskörfu.

Þetta eru allt mjög hollar uppskriftir og frekar auðveldar í framkvæmd. Nú er svo mikið af rabarbara og kjörið að nýta hann í eitthvað annað en sultur. Hann er til dæmis mjög góður með fiski sem margir veiða um þessar mundir,“ segir Sveinn Kjartansson, matreiðslumeistari og eigandi Fylgífiska, en hann útbjó fyrir okkur gómsæta nestiskörfu fyrir lautarferð.

„Ég skemmti mér líka við að skreyta körfuna með sóleyjum og blágresi og notaði rabarbarablöð undir brauðið með salatinu,“ segir Sveinn brosandí en hann hefur í mörg ár útbúið salötin og haft þau á boðstólum í verslun sinni Fylgífiskum. „Ef fólk hefur ekki tíma til að búa þau til þá er ekkert mál að kippa þeim með tilbúnum frá Fylgífiskum,“ segir hann.

Í nestiskörfunni er að finna tvö konar fiskisalat með brauði, rifsberjaskyr, heimalagað sóðavatn með myntu og heitt súkkulaði á brúsa. „Hugmyndin að baki þessu var sú að útbúa eitthvað létt og gott í maga sem væri ekki of mikil fyrirhöfn en kæmi samt sem áður skemmtilega á óvart. Súkkulaðið er síðan ágætis dessert og stundum er gott að skipta út kaffinu og fá yl í kroppinn,“ útskýrir Sveinn og þótti honum karfan handhæg og henta vel til ferðalaga. „Ég fékk hana, teppið og önnur flát lánuð frá nágrönnum mínum í Heimili & hugmyndum en þegar maturinn lítur vel út þá eykur það ánægjuna af að matast þar sem skilningarvitin vinna öll saman.“

-hs



Körfuna, teppið og önnur flát fékk Sveinn að láni hjá versluninni Heimili & hugmyndir á Suðurlandsbraut 8. Hann notar rabarbarablöð undir matinn og setur það náttúrulegan og gómsætan svip á veitingarnar. Í körfu Sveins má finna fiskisalat með brauði, rifsberjaskyr, heimalagað sóðavatn með myntu og heitt súkkulaði á brúsa.

### Laxa-rabarbarasalat

200 g lax  
80 g rabarbari  
1 hvítlauksrif  
1 tsk. fint saxaður engifer  
1 msk. sesamolía  
Salt og pipar  
20 g kapers  
20 g kóríander  
2 vorlaukar

Skertið lax og rabarbara í litla bita og setjið í eldfast form. Rifið hvítlauk og engifer og hrærið út í sesamolíu. Hellið olíu yfir lax. Saltið og piprið. Bakið við 220 gráður í um 5 mínútur. Kælið og blandið kapers saman við ásamt grófsöxuðum kóríander og sneiddum vorlauk. Borðið með grófu brauði.

### Saltfisksalat

100 g saltfiskur  
1 hvítlauksrif  
Ólífuolía  
1 msk. brauðraspur  
2 sneiðar paprika  
40 g pálmahjörtu (fást í Fylgífiskum)  
10 g bergmynta  
Nýmalaður pipar

Skertið saltfisk í sneiðar. Rifið hvítlauk í olíu og hellið yfir. Veltið fiski upp úr brauðraspi og bakið í um 10 mínútur við 200 gráður. Skertið papriku og pálmahjörtu gróft og blandið við fisk. Sneiðið bergmyntuna yfir, piprið og berið fram á rúgbrauði.

### Rifsberjaskyr

300 g skyr  
3 msk. hunang  
150 g rifsber  
Um 80 g rifsber til skreytinga

Blandið saman í matvinnsluvél. Setjið í skálar eða ílát sem bera á fram í og skreytið með rifsberjum.

## Með eitth

● Sigríður Björk Bragadóttir, matum nesti. Hún smurði gimilegar

„Ég nota hvert tækifæri til að sitja úti í náttúrunni með kaffi á brúsa og eitthvað gott í gogginn,“ segir Sigríður. „Þegar ég ólst upp fór ég sjálf oft með foreldrum eða ömmu og afa í sunnudagsbílúr með nesti.“ Hún kveðst hald þessum síð þegar hún fari með sína krakka þó að nú séu vegasjóppur úti um allt. „Þótt þau hafi verið svólitið heit fyrir sjoppunum á unglingsaldrinum sé ég nú þegar þau eru sjálf komin með börn að lautarferðir með nesti er málið. Þetta er góður siður og mikilvægt að kenna krökkum að útbúa sjálf nesti en ekki alltaf kaupa allt tilbúið. Það jafnast ekkert á við það að sitja með heimasmurt nesti í grænni lautu í guðsgrænni náttúrunni.“

-gun

### Bananabrauð á svipstundu

3 þroskaðir bananar (280-300 g)  
Veitingastaðurinn Sbarro auglýsir eftir rökum og duglegum pizzabakara í 100% starf. Sveigjanlegur vinnutími. Íslenskukunnátta er æskileg. Lágmarksaldur 20 ár. Vinsamlegast sækid um á [www.sbarro.is](http://www.sbarro.is)

### Dagvinna - föst + árangurstengd laun. Fjölbreytt starf.

Óskast eftir öflugum og skemmtilega söluþegnum til starfa í sérvöruslun í 101. Sami aðili þarf að geta tekið að sér símasölu á þekktu vörumerki. Reynsla af söluþegnum æskileg. Þarf að geta hafið störf strax.  
Uppl í síma 662 6163.

Vantar laghentan mann í aukavinnu. Uppl. sendist á [stay@stay.is](mailto:stay@stay.is)

Part time job available in a small hotel in Rvk Good English necessary. Send info: [tjonusta@365.is](mailto:tjonusta@365.is)

Matsvein/sjókokkur, karl/kona óskast í júlí á rs. Dröfn RE. Uppl. gefur Gunnar í s. 892 8187 eða 852 8187

Au Pair í Genf Íslensk/svissnesk fjölskylda leitar að barngóðri, ábyrgri og skemmtilegri manneskju til að gæta barna og aðstoða við heimilishald næsta vetur. Áhugasöm sendi póst á [edda\\_magnus@hotmail.com](mailto:edda_magnus@hotmail.com)

Við erum að leita eftir bæði þjónu og kokkum í vinnu í Noregi! AL FORNO er ítalskur veitingastaður í Stavanger og Sandnes sem mun opna fleiri staði í framtíðinni. Við leitum eftir fólki sem hefur reynslu í þessum bransa og hæfniskröfur eru: - 18 ára aldurstakmark - góð mannleg samskipti - geta nokkurvegin talað og skilið eitt skandinavískt tungumál (dönsku, norsku eða sænsku) - dugnaður og geta til þess að vinna undir álagi Ef þú hefur áhuga endilega sendu okkur e-mail á: [post@alfono.no](mailto:post@alfono.no) Góð laun og jafnvel húsnæði er í boði fyrir samvissusamt og duglegt starfsfólk.

1. vélstjóri (VS-1) óskast á Skafta HF-48 sem gerður er út á rækju frá Isafirði. Verður að geta leyst af sem yfirvélstj. Uppl. s. 896 4414 og dagur@hamrafell.is

Starfsmaður í sal óskast í hlutastarf á Ruby Tuesday Höfðabakka, ekki yngri enn 18 ára. Vinsamlegast sendið umsókn á: [bryndis@ruby.is](mailto:bryndis@ruby.is)

Óskum eftir sveinum og meisturum í stóla-leigu á rótgrónna stofu í Árbænum. Sanngjörn leiga Upplýsingar í síma 770 4494.

Bifreiðastjóri Ferðaþjónusta fatlaðra í Kópavogi óskar að ráða bifreiðastjóra með rútpróf. Uppl. í síma 860 0761.

### Fasteignir



Hafnarfirði, Fjarðargötu 17  
Sími 520 2600, Fax 520 2601  
Netfang [as@as.is](mailto:as@as.is)  
Heimasíða [www.as.is](http://www.as.is)  
Ópið virka daga kl. 9-17  
Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

### Atvinnuhúsnæði til sölu



Til sölu vandað atvinnuhúsnæði að Rauðhelli 13 Hafnarfirði. Húsið er alls um 1000 fm og skiptist í um 765 fm iðnaðarhluta með mikilli lofthæð, um 110 fm steyp milligólf og um 128 fm skrifstofuhús. Þrjár stórar innkeyrsluhurðir, sem hægt er að fjölga. Lóðin er stór, 4.730 fm og byggingaréttur mögulegur. Húsið er vel staðsett á hornlóð með góðu auglýsingagildi. Langtímaleigusamningur getur fylgt. Tilboð óskast.

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa sem fyrst í sérverslun í 101. Vinnutími frá kl 12 til 18 og annan hvern laugardag frá 12 til 16. Sendið upplýsingar á [fossa@mi.is](mailto:fossa@mi.is) fyrir 30.júní

### Atvinna óskast

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

22 ára háseti vantar pláss á bát. Með reynslu og réttindi. Laus strax s:8622134

\*Óska eftir vinnu til sjós á frysti,istogara eða línu,reyklaus og reglusamur,laus strax.sími 618 6032.

30 ára pólskur duglegur maður óskar eftir vinnu. 895 0482.

### Viðskiptataekifæri

ERTU HÁRSNYRTIR? Til sölu/leigu nýleg hársnyrtistofa á Suðurlandi. Glæsileg stofa í fullum rekstri með stóran hóp viðskiptavina. Uppl. í s: 822-4156

Til sölu mjög öflugt sláttuþjónusta fyrirtæki á Suðurlandi. Áhugasamir sendi email á : [tjonusta@365.is](mailto:tjonusta@365.is) merkt "sláttuþjónusta"

### TILKYNNINGAR

### Tapað - Fundið

Gömul næla tapaðist laugard 20 júní við útskrift HÍ í laugard.höll. Nælan er kringlótt, hamraðir kantar í kring, eins konar riddari á hesti í miðjunni, gyllt, mött. Petta er ættargripur sem hefur mikið tilfinningalegt gildi fyrir fjölskylduna. Uppl s: 863 6609.

### Leigusali

## Leigusali auglýstu FRÍTT á netinu

# EIGNALEIGAN

Löggild leigumiðlun

[www.eignaleigan.is](http://www.eignaleigan.is)

5 900 800

Ólafur B. Blöndal  
lögg. fasteignasali

Íris Hall  
lögg. leigumiðlari





FRETTAHLAÐIÐ/STEFAN



Valentína Björnsdóttir er mikil útvistarmanneskja og tekur gjarnan nesti með sér á fjöll.

## Spínat-tortillur

Þetta er fyrir dásamlega matreiðslu sína úr grænmeti og annarri þingráttu, hefur framleitt rétti hennar í nokkur ár við góðan matarstjóra og einfalt hollustunesti yfir sumartímann.

„Á ferðalaginu,“ segir Valentína um réttinn sem hún gefur hér uppskrift að.

Smyrjið vænum skammti af hummus á tortilluna. Rifið gulræturnar og raðið, ásamt spínati, á tortillurnar. Ekki er verra ef skammturinn er vænn. Setjið hálfu mat-skeið af chutney á hverja tortillu. Brjótið hliðar tortillurnar inn og rúllið upp. Gott er að vefja þær inn í smjörpappír og smeygja teygju utan um. Í staðinn fyrir chutney er líka gott að nota sólskinssósu frá Móður náttúru.

- Spínat-tortillur**  
 Nokkrar heilvæitortillur  
 Hummus  
 Rifnar gulrætur  
 Ferskt spínat  
 Mangó chutney

## Það gott í gogginn

Matreiðslumaður og blaðamaður á Gestgjafanum, er áhugamaður um samlokur og skellti í bananabrauð áður en hún hélt í lautarferð.



„Það jafnast ekkert á við það að sitja með heimasurt nesti í grænni lautu í guðsgrænni náttúrunni,“ segir Sigríður. FRETTLAÐIÐ/ANTON

verði er að hella upp á kaffi, smyrja samlokur og tína til það sem þarf að hafa með.

- Samlokur**  
 Það er einfalt að útbúa samloku. Ferskt brauð eða flatkökur og grænmeti er lykilatriðið. Klettakál eða ferskt kóríander, salt og nýmalaður pipar gerir grænmetissamloku að sælkerapplifun. Að nota salt og nýmalaðan pipar breytir samlokunni.

- Hugmynd að samlokufyllingu**  
 Kjúklingsabaunakæfa  
 Paprikusneiðar  
 Gúrkusneiðar  
 Klettakál eða kóríander  
 Sneiðar af lárperu  
 Salt og nýmalaður pipar

- Kjúklingsabaunakæfa**  
 1 hvítlauksrif  
 1 hnefi steinselja eða 1 msk. þurrkuð  
 1 dós niðursoðnar kjúklingsabaunir  
 ¾-1 dl sólpurrkaðir tómatar  
 ½ dl sýrður rjómi  
 2 msk. olía  
 1 ½ tsk. sítrónubörkur  
 2 msk. sítrónusafi  
 ½-1 tsk. cuminduft  
 1½ tsk sjávarsalt

Setjið hvítlauk og steinselju í matvinnsluvél og maukið vel. Sigtið safann frá kjúklingsabauninum og bætið bauninum og sólpurrkuðum tómötum út í maukið saman. Bætið öllu sem á að fara í uppskriftina út í og maukið vel saman.

## HVAMMSVÍK



### Golf

Golfvöllurinn er nú í umsjón GR og hefur verið endurbættur. Völlurinn hentar vel fyrir alla fjölskylduna, byrjendur jafnt sem lengra komna.

### Tjaldstæði

með frábærri aðstöðu

Taktu tjaldið með þegar þú mætir í Hvammsvík. Þar er fyrirtaks tjaldstæði, grillaðstaðan alveg glimrandi fin og umhverfið undurfagurt.



### Silungsveiði

Þúsundum silunga hefur verið sleppt í vatnið og frábær veiðivon fyrir unga sem aldna, reynda sem byrjendur.

## Fjölskyldufjör í Hvammsvík!

Frístundasvæðið Hvammsvík í Kjósarsýslu hefur opnað að nýju og hefur aldrei verið ævintýralegra. Hvammsvík er aðeins steinsnar frá höfuðborgarsvæðinu og þar getur öll fjölskyldan átt unaðslegar stundir saman – og öllum finnst gaman!

Nánari upplýsingar  
 í síma 566 7023 | 695-5123  
 www.hvammsvik.is | hvammsvik@itr.is





## Spennandi óbyggðaferðir

### Gönguferð - Laugavegurinn 13.-16. júlí

Gengið á fjórum dögum frá Landmannalaugum í Þórsmörk. Fyrsta daginn er ekið í Landmannalaugar og gengið þaðan í Hrafninnusker. Þessi fyrsti dagur einkennist af litfögum líparíttfjöllum, hverum og hrafninnu.

Annar daginn eru það Reykjafjöllin, Jökultungurnar og súlurnar við Álftavatn sem gleðja augað og þriðja daginn er farið um Hvangil, framhjá hinu magnaða Hattafelli og gisti í skálanum í Botnum.

Fjórdi og síðasta daginn er komið í gróðursæla Þórsmörkina þar sem rútan biður göngufólks.

Þátttakendur þurfa að vera í sæmilegu gönguformi en í þessari ferð er farangur fluttur milli skála. Innifalinn er allur matur nema nesti fram að kvöldmat fyrsta daginn og allir hjálpast að við matseld og frágang.

Verð kr. 48.000

### Hjólaferð - Fjallabak syðra 1. - 3. ágúst

Fyrsta daginn er ekið að Laufafelli í Landmannafrétt og hjólað þaðan yfir Markarfljót þar sem það er breiðast, framhjá Álftavatni og í Hvangil þar sem er gisti fyrri nóttina. Um morguninn er hjólað austur svartan og þéttan Mælifellssandinn, með Mýrdalsjökul í ótrúlegri nálægð á aðra hönd og fjöllin á hina. Eftir gistingu í Hólaskjól er hjólað niður brekkur að Eldvatni.

Rúta fylgir hjólaforli alla leið og er til taks með nesti, aukaföt og ef þreyta grípur hjólaforli er ágætt að hvíla sig þar um stund. Innifalinn er allur matur nema nesti fyrsta daginn fram að kvöldmat, akstur, gisting og fararstjórn.

Verð kr. 43.000



Upplýsingasími  
698 3105

**SNÆLAND GRÍMSSON**

Langholtsveggi 115 · 104 Reykjavík  
Sími: 588 8660 · www.snaeland.is · snaeland@snaeland.is

# 10 ódýr ráð fyrir krúttlegri sumarbústað

● Það þarf ekki að kosta formúu að flikka upp á bústaðinn og gera hann huggulegan í sumar. Það er líka fátt skemmtilegra en að dunda sér við einhver smáverkefni í sumarsælunni í Biskupstungum eða á Flúðum. Ykkur fer fljótt að leiðast að liggja í leti allan tímann.

**1. Forstofa bústaðanna** vill oft gleymast en hægt er að setja mjög fallegan svip á hana á einfaldan hátt. Finnið gamalt afgangstímbur sem þið eða einhver fjölskyldumeðlimur á. Smíðið ykkur einfalt fatahengi og hér gildir það að því „heimagerðari“ hlutföll og frjálslegri, því fallegri verður hluturinn. Einnig er hægt að nota við sem er til frá því að síðast þurfti að fella tré og nota í hengið eða lítinn sætan koll eins og hér.

**2. Einfalt tjald** er hægt að hengja upp og stúka forstofuna af til að skilja á milli ef bústaðurinn er lítill. Gardínulengja dugur vel, til að mynda úr IKEA.

**3. Mismunandi leirtau** í einum bunka getur verið mjög fallegt. Ef þig vantar sumarbústaðastell skaltu ekki kaupa það heldur biðja alla vini og ættingja að gefa þér einn disk og safna saman í stell. Flestir eiga disk afgangsrútur úr gömlu safni sem aldrei er notaður eða einhvern sem tínst hefur með.

**4. Stíllíð leirtauinu upp** í opnu rými en felið ekki inni í skápum.

Bústaðurinn er ekki til þess að vera mínimalískur í. Aldrei.

**5. Heimatilbúð veggblómker!** Hér gildir hugmyndaflugíð. Finnið gamalt leikfang, svo sem skip eða annað sem ykkur finnst kannski ekkert sérstaklega fallegt. Málið í fallegum litum, fyllið af sumarblómum og hengið á vegg!

**6. Málið sumarbústaðapanelinn.** Það er séríslenskur villudómur að ekki megi mála sumarbústaðapanel. Hér er hann málaður hvítur og hvatningarorð sumarsins eru: Málið gula panelinn í litum.

**7. Stór krukka**, sem þið eigið utan af einhverju (getur þess vegna verið krukkan sem þið geymið pastað í eða annað slíkt), er falleg undir gamaldags límonaði. Drykkurinn dugur fram eftir degi (6 sítrónur, 3 og 1/2 bollar vatn, 3/4 bollar sykurlinnu upp í vatninu, pressið sítrónurnar út í, hrærið vel saman).

**8. Litsterk blóm** úr villtri náttúru eða garðinum ykkar eru ekki síður fögur þurrkuð. Blómin



koma vel út þar sem vantar líf – til dæmis yfir dyrunum að kompu bústaðarins. Lykillinn er að hafa blómin ekki litlaus.

**9. Vantar þig gluggatjöld í bústaðinn?** Finndu gamla snotra hvíta dúka eða sængurföt og faldaðu aðeins. Hengdu svo fyrir sumarbústaðagluggana. Hér eru til dæmis tveir mismunandi mynstraðir dúkar hengdir upp.

**10. Alls kyns krukur** sem þú átt utan af sírum gúrkum, rauðkáli og slíku skaltu geyma. Þvoðu og settu svo hvít kubbakerti í og kveiktu á ágústkvöldum í bústaðnum. Ótrúlega fagurt og rómantískt.



Martinelli hvíttuð eik og  
30x60cm Champion flisar

# Gólfefnaúrval í Múrbúðinni

Nú borgar sig að gera gæða-  
og verðsamanburð!



Martinelli, 3 stafa Eik Natur 2200x189x14mm

**3.790** kr. pr. m<sup>2</sup>



Martinelli, 3 stafa Eik hvíttuð, olíuborin 2200x189x14mm

**3.990** kr. pr. m<sup>2</sup>



Steirer, Austurískt, 3 stafa Hnota 2200x182x14x4mm

**7.290** kr. pr. m<sup>2</sup>



Steirer, Austurískt, 3 stafa Eik 2200x182x14x4mm

**4.290** kr. pr. m<sup>2</sup>




New plastparket, Eik, rakavarið 1214x193x8,3mm

**1.795** kr. pr. m<sup>2</sup>




New plastparket, Beiki, rakavarið 1214x193x8,3mm

**1.795** kr. pr. m<sup>2</sup>



Vegg, Princess, hvít, 20x45cm

**2.790** kr. pr. m<sup>2</sup>



Vegg, Princess, svört, 20x45cm

**2.350** kr. pr. m<sup>2</sup>



Gólf, Sunrise Beige, 33x66cm

**3.590** kr. pr. m<sup>2</sup>



Gólfllís, brún og beige 33x33cm

**2.490** kr. pr. m<sup>2</sup>



Steinskífa Mustang 30x60

**3.990** kr. pr. m<sup>2</sup>

LÆKKUM  
VERÐIÐ Á  
BYGGINGA-  
VÖRUM

Reykjavík, Klettháls 7: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16  
Suðurnes, Fuglavík 18: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14  
Akureyri, Furuvellir 15: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14



## MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

**YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT**  
 Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103  
**SUMAR YOGA**  
 Sértilboð í júlí og ágúst. Verð 13.000 kr  
 Líkamsæfingar, öndunaræfingar  
 slökun og hugleiðsla  
 Sér tímar fyrir barnshafandi  
 Allir yoga unnendur velkomnir  
 www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is



...flísar...parket  
 teppi...dúkar...

Allt á gólfið á góðu verði !

**ALFABORG**  
 Skútvogi 6 - Sími 568 6755

**Blaðberinn  
 bíður  
 þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24  
 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið




Tengdaforeldrar Snorra eiga bústað í nágrenni Laugarvatns en þar er meðal annars hægt að fara á kanó.

## SVEITIN MÍN

# Borgarbarn á Laugarvatni



Snorri Helgason, tónlistarmaður.

**S**norri Helgason, tónlistarmaður og söngvari Sprengjuhallarinnar, er að eigin sögn mikið borgarbarn en kann þó ágætlega við sig í sveitinni og á sér að minnsta kosti tvo uppáhaldsstaði.

„Ég held mikið upp á Akureyri, þótt sá bær falli nú kannski ekki undir sveit, en þar finnst mér gaman að vera. Umhverfið er fallegt og fólkið skemmtilegt. Sveitinni kynntist ég hins vegar

eiginlega ekki fyrr en ég fór að fara í sumarbústað tengdaforeldranna með kærustunni minni fyrir tveimur árum en foreldrar mínir hafa aldrei átt sumarbústað og höfum við eytt mestum okkar tíma í borginni,” segir Snorri, sem ólst upp í Reykjavík en hefur ferðast svolítið um landið með Sprengjuhöllinni.

Sumarbústaðurinn sem um ræðir er í nágrenni Laugarvatns og er Snorri afskaplega hrifinn af því svæði. „Umhverfið er fallegt og það er lítil á rétt hjá þar sem hægt er að fara á kanó og veiða, þannig það er mjög skemmtilegt að vera þarna,” segir hann glaðlega og bætir við: „Þetta er samt frekar nýtt svæði þannig að þarna er ágætis næði en þó stutt í alla þjónustu og stutt að fara frá Reykjavík.” Í gær kom út fyrsta lag Snorra, Freeze-Out, á fyrstu



Akureyri er í miklu uppáhaldi hjá Snorra sem þykir umhverfið fallegt og fólkið skemmtilegt.

sólóskífundi sem hann vinnur að um þessar mundir. „Lagið fjallar að einhverju leyti um útskýfun og að vera utanveltu en það tengist þó ekkert sveitinni,” segir hann og hlær. „Platan er væntanleg með haustinu en lagið er hægt að sækja án endurgjalds á bloggsíðuna [www.breidholt.blogspot.com](http://www.breidholt.blogspot.com). Síðan mun ég fagna útgáfu lagsins með tónleikum á skemmtistaðnum Karamba á morgun klukkan 21. Þar ætla ég að leika lög af væntanlegri plötu,” segir hann spenntur.

## FORTÍÐARÞRÁIN



Óviða hefur uppbyggingin verið meiri en í Kópavogi á síðustu áratugum. Þessi mynd er tekin af ungu athafnafólki í húsbýggingum á smíðavelli þar í bæ í september árið 1968. Mörg stórhýsin hafa risið þar síðan.

MYND/365 - LÖSAMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



Fjölbreytt úrval uppstoppaðra dýra er meðal annars að finna á safninu.

MYND/VEIÐISAFNID Á AKUREYRI

# Ljón, apar og gíraffar til sýnis

• Dýr sem hafa verið veidd, skoptvopn og veiðitengdir munir eru Veiðisafninu á Akureyri.

Á Stokkseyri er veiðisafn sem er einstakt á landsvísu vegna þess að þar er að finna fjölbreytt úrval uppstoppaðra veiðidýra, skotvopn og veiðitengda muni. Á safninu er hægt að fræðast um veiðidýr, skotvopn, veiðar og náttúruvernd.

„Hér erum við með fasta sýningu í tveimur sölum og uppistaðan er veidd og uppstoppuð dýr frá Íslandi, Ameríku, Grænlandi og Afríku en það eru til dæmis gíraffar, selir, apar og hreindýr,“ segir Páll Reynisson, veiðimaður í Veiðisafninu á Stokkseyri. „Hér er fullt af skotvopnum líka, íslenskum og erlendum.“

Páll segir að Afríkudýrin vekja mikla eftirtekt. „Ég veiddi dýrin meira og minna öllsömul. Ég hef farið til Afríku nokkrum sinnum þannig að safnið er byggt upp á mínu einkasafni og var opnað 2004 en nýr salur var opnaður árið 2007. Þetta er stærsta safn landsins af uppstoppuðum dýrum sem opið er almenningi.“

Aðspurður segir Páll safnið vera mjög vinsælt. „Hingað koma, merkilegt nokk, mest Íslendingar, alla vega sem komið er.“



Konungur Ljónanna má finna á Veiðisafninu.



Almennt er vel látið af lauginni.

MYND/ÚR EINKASAFNI

# Bað í Grettislaug

• Tilvalið er að ylja sér í þessari sögufrægu laug í Skagafirði.

Grettislaug er fín áningarstaður fyrir þá sem eiga leið um Skagafjörð. Fyrir utan hversu gott er að láta fara vel um sig í lauginni, er gaman að rifja upp frásögnina af henni í Grettisögu. Þar segir af því að Grettir hafi eftir mikinn sundsprett komið þar að landi í leit að eldi og ákveðið að ylja sér ofan í

lauginni, sem hafði myndast vegna jarðhita. Eftir það gekk hann í hús skammt frá og fékk, eftir kostulegum samskipti við kvenfólkið á bænum, eld til að flytja út í Drangey þar sem hann viðhafðist. Þess skal getið að laugin hvarf í hafróti árið 1934 og var grafinn upp 58 árum síðar og þá endurgerð og -bætt.



# Stórmarkaður á netinu!



Þrjú tungumál, íslenska, enska og þýska.

Nammi.is er stórmarkaður á Internetinu sem leggur áherslu á íslenskar vörur.

Íslendingar búsettir erlendis og íslandsvinir um allan heim geta með einföldum hætti nálgast vörur sem þeir sakna mest frá Íslandi. Sem dæmi um vöruúrval má nefna harðfisk, lýsi, íslenskt handverk, tónlist, fatnað og sælgæti.

Nýttu þér einfalda og þægilega leið til að gleðja vini og viðskiptafélaga um allan heim.

Hjálpum þér að gleðja!



www.nammi.is • 588-5577

# ENSKA ÁN ERFIÐIS



Frábær leið til þess að læra ensku þegar þér hentar, hvar sem þú ert Heima, í sumarbústaðnum eða í bílnum



**Hlusta:** Nám á 18 geisladiskum með enskum og íslenskum kennurum. Nemandinn hlustar á geisladiskana og nýtir þannig heyrnaminni sitt.



**Lesi:** Vinnubók með ensku og íslensku textunum hlið við hlið. Nemandinn nýtir þannig sjónminni sitt og tengir jafnframt við eldri námsaðferðir.



**Tala:** Nemandinn les upphátt með kennurunum og leiðréttir þannig framburð sinn, jafnframt nýtir hann tilfinningaminni sitt og færni sýna í að tala enska tungumálið.



**Aðstoð:** Nemandinn getur haft samskipti við kennara símleiðis eða með tölvupósti

\* Námskeiðið hefur reynst mjög vel fyrir nemendur eldri en 25 ára.

Nánari upplýsingar í síma 540-8400 eða 820-3799



**5** sumarþúðir og 2 leikjanám-skeið eru á vegum KFUM og KFUK á hverju sumri. Sumarþúðirnar eru Hólavátn, Kaldársel, Vatnaskógur, Vindáshlíð og Ölver.

**34** upplýsingamiðstöðvar eru á landinu. Ferðamálastofa tekur þátt í rekstri 11 slíkra miðstöðva, eða í Reykjavík, Reykjanesbæ, Leifstöð, Borgarnesi, Varmahlíð og Hveragerði og á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum, Seyðisfirði og Höfn. Heildarlistinn er á [www.visiticeland.com](http://www.visiticeland.com).

**80** ár eru liðin síðan skátastarf hófst á Akranesi.

## fróðleikur í tölum

### VIÐ MÆLUM MEÐ...



**... AÐ SEM FLESTIR KOMIST** í snertingu við sinn innri listamann í sumar. Enda er sjaldan eins fallegt um að lítast hér á landi en í allri litadýrðinni á sumrin þegar grasið grænkar, trén laufgast og blómin spretta. Griptu pensil, trélti, penna eða bara blýant og gerðu náttúru-fergurðinni skil.




**... HEIMAGERÐUM FROSTPINNUM**, sem eru einstaklega sumarlegir og tiltölulega einfalt að búa til. Eina sem þarf er vatn með viðbættum litarefnum og sykri sem er fryst í þar til gerðum boxum. Svo er alltaf hægt að hafa hollustuna að leiðarljósi með því að hella hreinum ávaxtasafa í boxin og frysta.



**... MÜLLERS-ÆFINGUM.** Sjósund hefur komist aftur í tísku meðal þjóðarinnar og því þá ekki að taka upp þessar æfingar sem eru sambland af léttum líkamsæfingum og köldum sjóböðum? Sparkaðu af þér skónum, klæddu þig úr fötunum og sprangaðu um úti í guðsgrænni náttúrunni eins og guð skapaði þig.



**... SAMVERU Í SUMAR.** SAMAN-hópurinn stendur fyrir sumarátakinu Höngum saman í sumar. Hugmyndin er sú að fjölskyldan verji meiri tíma saman en áður enda sjálfsgagt aldrei meiri þörf fyrir að vera og standa saman eins og einmitt nú.



facebook

## Velkomin í Reykjanesbæ, þar sem ævintýrin gerast!

Velkomin í hellinn minn við smábátahöfnina í Reykjanesbæ en þar hef ég búið mér notalegt skjól með útsýni yfir Keflavíkina og Stakksfjörð. Ég hef gaman af heimsóknnum barna og þið þurfið alls ekkert að vera hrædd við mig enda vita allir að ég er meinlaus og barngóð skessa.

Hellirinn er opinn á virkum dögum frá kl. 9:00 - 16:30 og kl. 10:00 - 17:00 um helgar. Frekari upplýsingar eru veittar í Duushúsum, lista- og menningarmiðstöð Reykjanesbæjar í síma 421 3796. Einnig er hægt að senda póst á netfangið [skessan@reykjanesbaer.is](mailto:skessan@reykjanesbaer.is).

Við trúum því að það sé sameiginlegt hlutverk okkar sem hér búum að stuðla að hamingju og heilbrigði einstaklinganna, að þeir nái að þroska hæfileika sína, hafi sterka sjálfsmýnd og láti drauma sína rætast.

## Margt á plötunni hefur öðlast nýtt líf

VALGEIR  
GUÐJÓNSSON

„Lög unga fólksins er ein af þeim plötum sem hafa öðlast svokallaðan „költ-status“ meðal menntaskólanema og fleiri. Það er mjög góður árangur fyrir plötu að ná,” segir Valgeir Guðjónsson, sem samdi og flutti öll löggin á plötunni Lög unga fólksins með Hrekkjusvínunum ásamt Leifi Haukssyni útvarpsmanni og fleiri valinkunnum andans mönnum

og konum árið 1977. Meðal þeirra sem koma fram á plötunni eru Eggert Þorleifsson, Diddú, Egill Ólafsson og Magnús Einarsson, en Pétur Gunnarsson skáld samdi alla textana.

Tilurð Hrekkjusvínanna var sú að hópur sem kallaði sig Gagn og gaman ákvað að gefa út plötur sem væru ekki venjulegar popplötur. „Þetta var mikið hugsjónastarf og til að mynda

lagði ein góð kona námslánin sín í púkkið til að platan gæti komið út. Hún fékk svo lánið endurgreitt fjórutíu árum síðar,” segir Valgeir.

Hrekkjusvínin samanstóðu að miklu leyti af meðlimum úr Spilverki Þjóðanna og Þokkabót, tveimur hljómsveitum sem voru heldur „á vinstri kantinum“, eins og Valgeir orðar það. „Í gegnum tíðina hef ég lýst Lögum unga fólksins sem barnaplötu fyrir foreldra barna sem eiga foreldra sem eru kommúnistar. Það voru hreinar línur í pólitík á þessum tíma og menn voru annaðhvort eða. En fyrst og fremst byggðust textarnir upp á góðum húmor og græskulausu gamni. Mér finnst margt af því sem fram kemur á plötunni hafa öðlast nýtt líf í seinni tíð. Línan „hvert mannsbarn skuldar heila milljón“ á til dæmis afar vel við í dag.”

Valgeir segir nokkuð flókið að gera góðar barnaplötur. „Sumir hafa bara gert einhverjar rokkplötur og skrúfað, að þeir héldu, aldurskvarðann niður á textunum. En það má aldrei

tala niður til barna, því þau sjá í gegnum allt. Þau vita hvað þeim þykir skemmtilegt, og ef þeim þykir það ekki skemmtilegt þá nenna þau því ekki. Þess vegna þarf að setja sig dálítið í þeirra spor, og það er mjög skemmtilegt viðfangsefni.”

Að sögn Valgeirs hefði hann ekkert á móti því að gera aðra barnaplötu. „En við skulum orða það þannig að það sé ekki í Outlookinu mínu. Þess vegna lýsi ég eftir góðu barnaefni til sjávar og sveita,” segir Valgeir Guðjónsson.

LÖG UNGA FÓLSKINS -  
HREKKJUSVÍN  
Kom út árið 1977. Meðal  
vinsælla laga: Afasöngur, Gryla,  
Gestir út um allt.



## Vissi alltaf að platan væri tímamótaverk


BRAGI VALDIMAR  
SKÚLASON

Gilli gill, barnaplata Braga Valdímars Skúlasonar, kom út fyrir síðustu jóli og var því rétt um hálfars gömul þegar hún var valin ein af hundrað bestu plötum Íslands-sögunnar. „Það kemur mér dálítið á óvart að platan

hafi náð að sanna sig svona snemma, en þetta er auðvitað tímamótaverk. Ég vissi það allan tímann,” segir Bragi, sem semur öll lög og texta á plötunni. Memfismafían sér um undirleik og meðal söngvara eru Egill Ólafsson, Björgvin Halldórsson, Magga Stína og Sigrýggur Baldursson.

Bragi segir engan tónlistarmann með tónlistarmönnum nema hafa gert að minnsta kosti eina barnaplötu. „Guðmundur Kristinn Jónsson upptökumaður setti mér þetta verkefni fyrir þegar við áttum dauðan tíma. Ég hlustaði sjálfur á plötur eins og Eniga Meniga og Lög unga fólksins með Hrekkjusvínunum þegar ég var barn og langaði að gera svona gæðaplötu. Það var eiginlega útgangspunkturinn að gera fullorðinsplötu fyrir börn. Við leyfðum einhverjum börnum að heyra nokkur lög áður en platan kom út, en annars var ekkert tillit tekið til þess hvað börnum þykir skemmtilegt,” segir Bragi og hlær.

Lagið „Pabbi minn er ríkari en pabbi þinn“ vakti töluverða athygli þegar platan kom út rétt eftir bankahrunið, enda raunsærri lýsing á vitfirringu góðærisins vandfundin. „Á þessum tíma dundu á manni útrásarsögur og fréttatilkynningar greiningardeildanna og lagið var samið í rökréttu framhaldi af því öllu saman. Vænst þykir mér um síðasta lagið á plötunni, Vögguvísi, en annars eru þetta allt góð lög,” segir Bragi Valdimar Skúlason.



GILLIGILL - BRAGI VALDIMAR OG  
MEMFISMAFÍAN Kom út árið 2008.  
Meðal vinsælla laga: Gilligill, Pabbi  
minn er ríkari en pabbi þinn, Skrýmslin  
í skápnunum.

# Esjudagurinn er í dag!

Pokasjóður styrkir uppbyggingu göngustígs á Esjuna



POKASJÓÐUR



Nánari upplýsingar um Esjudaginn er að finna á [fi.is](http://fi.is) og [heidmork.is](http://heidmork.is)



Gefðu  
dýrmætasta  
efni  
í heimi

Hjálparstarf  
kirkjunnar  
[www.heljus.is](http://www.heljus.is)

# Draumamatarboð hjá Kleópötru

**Heiða Árnadóttir**, söngkona hljómsveitarinnar Mógils, væri allveg til í að vera atvinnuferðamaður. Mógil er á snarpri tónleikaferð um landið; spilar á Sólheimum í Grímsnesi í dag, í Fríkirkjunni í Reykjavík næsta þriðjudag og síðan er förinni heitið norður.

Hvers konar tónlist ert þú að fást við? Alls konar, lærði klassík en finnst gaman að gera tilraunir með röddina.

Hvenær varstu hamingjusöm-ust? Ég er hamingjusöm núna.

Ef þú værir ekki tónlistarmaður, hvað myndir þú þá vera? Atvinnuferðamaður.

Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér? Íbúðin mín.

Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig? Vertu úti.

Ef þú byggir ekki í Reykjavík, hvar vildir þú búa? Í Berlín.

Uppáhaldstónlistarmaður/kona og af hverju? Það eru svo margir flottir tónlistarmenn og erfitt að velja en mér dettur í hug hann Theo Bleckmann, því hann er snillingur og frábær manneskja.

Draumahelgin þín í einni setningu? Hótel Búðir í fallegu veðri.

Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt? Pokadýr í stórmarkaði.

Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðinni? Snæfellsnes.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag ertu að hlusta mest á í dag? Ég hlusta á alls konar tónlist, en þessa dagana mikið á heimstónlist og barokk. Hvað ég hlusta á fer reyndar algjörlega eftir því hvernig skapi ég er í. Akkúrat núna er ég með flottu nýju TYFT-plötuna hans Hilmars Jónssonar í spilaranum.

Ef þú ættir tímavél, hvert myndir þú fara og af hverju? Ég myndi fara til Egyptalands á tímum faraðanna og fara í mat hjá Kleópötru til að fá nokkur fegurðarrád.



HEIÐA ÁRNADÓTTIR Hljómsveit hennar Mógil var tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna 2008 í flokki klassískrar tónlistar en tónlistinni verður betur list sem tilrauna-kenndri tónlist sem sækir innblástur í þjóðlög, djass og klassík enda meðlimir sveitarinnar með fjölbreyttan bakgrunn sem tónlistarmenn.

Fréttablaðið/Stefán

myndi fara til Egyptalands á tímum faraðanna og fara í mat hjá Kleópötru til að fá nokkur fegurðarrád.

Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Nei, í rauninni ekki.

Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera? Hmm... er bara frekar sátt.

Hvenær fékkstu síðast hláturskast? Áðan.

Áttu þér einhverja leynda nautn? Súúúkkulaði.

Uppáhaldsbókin þessa stundina? A New Earth eftir Eckhard Tolle.

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til? Vá, það eru

svo margir, get ekki valið.

En hvaða núlifandi manneskju þolir þú ekki? Við erum öll bræður og systur og elskum hvert annað... er það ekki?

Uppáhaldsorðið þitt? Vegavinnuverkamannaskúralyklakippa.

Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín? Ótakmarkaður aðgangur að flugvélum.

Hvaða lag á að spila í jarðarförinni þinni? Top of the World með Carpenters.

Hvað verða þín frægu hinstu orð? Nú, er þa'kki bara.

Hvað er næst á dagskrá? Tónleikaferðalag um landið með hinum dásamlegu vinum mínum í Mógili. Hljómsveitarmeðlimir

PRÍÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Ragnheiður Árnadóttir

**STARFSFERILL Í HNOTSKURN:** Söngkona, söngkennari í Listaskóla Mosfellsbæjar og flugfreyja hjá Iceland Express.

**FÆÐINGARÁR OG HVAD GERÐIST MARKVERÐAST Á PVÍ ÁRI?**

Fæddist árið 1971. Þá varð Alan Shepard fyrsti maðurinn sem spilaði golf á tunglinu, hann smyglaði golfkúlu og kylfu inni í geimfötunum sínum!

búa í tveimur löndum og þess vegna eru alltaf miklir fagnaðarfundir þegar við hittumst. Í þessari ferð ætlum við að spila á

Sólheimum í Grímsnesi, í Reykjavík, á Siglufirði og á Akureyri.

sigridur@frettabladid.is

## Opið í Smáralind

ORMSSON

Laugardaga og Sunnudaga



Elektro Helios uppþvottavél

Taumagn: 12 manna stell · 5 þvottakerfi Vatnsryggiskerfi · Hljóðlát vél 49db TURBO-þurrkar, þurrkar með heitum blæstri Orkunýtni: A · Þvottahæfni: A · Þurrkhæfni: A

TILBOÐSVERÐ: KR. 99.900.-



Elektro Helios þvottavél

1200 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanlega þvottakerfi. Þvottahæfni: A Þeytivistuafköst: B · Orkuflokkur: A+

TILBOÐSVERÐ: KR. 89.900.-



Elektro Helios

SÆNSKA PARÍÐ

Elektro Helios þvottavél

1200 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Sænskt stjórnbórð, íslenskar leiðbeiningar. Öll hugsanlega þvottakerfi. Þvottahæfni: A Þeytivistuafköst: B · Orkuflokkur: A+

Elektro Helios þurrkari

6 kg · barkaburrkari Sænskt stjórnbórð, íslenskar leiðbeiningar. Fjöldi kerfa · Tvo hitastig · Hljóðlátur

TILBOÐSVERÐ: KR. 151.900 =PARÍÐ=

SETTU ÞAÐ SAMAN

Af hverju að borga meira?

VANDAÐAR INNRETTINGAR

TILBÚNAR TIL AFGREIÐSLU BEINT AF LAGER

Beinn sími í HTH: 530-2908

ÞVOTTADAGAR

Síðustu dagar!

ORMSSON

SMÁRALIND · SÍMI 530 2900



BRÚÐHJÓN 2009

Brúðargjafalisti Ormsson

Brúðargjafalisti ORMSSON í SMÁRALIND er afar vinsæll og þægilegur snertiflötur fyrir verðandi brúðhjón annars vegar og fyrir fjölskyldur og vini brúðhjónanna hins vegar.

Um miðjan september verða þrjú pör dregin úr potti brúðhjóna sumarsins 2009.

Öll pör sem skráð eru á Brúðargjafalista Ormsson fara sjálfráfa í pottinn – og fá þau gjafabréf í verslunum ORMSSON að verðmæti 50.000 kr.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA Í VERSLUN ORMSSON, SMÁRALIND!

NÝTT OG RÚMGOTT BÍLASTÆÐI VIÐ DYRNAR AÐ ORMSSON Í SMÁRALIND

## MÆLISTIKAN

■ Á uppleið

**Moonwalk** Nú hljóta dansskólarnir að fara að taka aftur upp Michael Jackson-dansana sem voru svo vinsællir á 9. áratugnum.

**Landsbyggðin** Þótt Reykjavík geti varla talist ein af mest spennandi höfuðborgum heims eru íslenskar sveitir örugglega einstakar.

■ Ljósmyndablogg

Fæst orð hafa minnsta ábyrgð. En ein mynd segir meira en þúsund orð.



**Klipping í herrafataverslun** Það er gaman að ferðast aftur í tímann. Það er hægt að gera með því að fara í klippingu í miðri Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar.

■ Á niðurleið

**Sólin** Það er staðreynd sem ekki verður tjonkað við að bjartasti dagur ársins er liðinn.

**Langtímagemrja** Lífið er of stutt til að vera í fylu mánuðum saman.

**Glansstaðir** Núna leggja allir nýir barir og kaffihús mest upp úr þægilegu og óstíliseruðu umhverfi.





62%

40%




Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 12–80 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 - apríl 2009.

## Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

### Lestur á höfuðborgarsvæðinu



Allt sem þú þarft...

Tove Jansson rithöfundur andaðist þennan dag árið 2001.

„Fólk getur aldrei verið raunverulega frjálst ef það lítur af mikið upp til einhvers.“

Tove var Finnlandssænskur rithöfundur. Starfsævi hennar náði yfir meira en sjötíu ár og þekktust var hún fyrir bækur sínar um Múminálfana.




# tímamót

tímatot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 27. JÚNÍ 1903

## Fyrsta kvikmyndasýningin á Íslandi

Fyrsta kvikmyndasýningin á Íslandi fór fram í Góðtemplarahúsinu á Akureyri þennan dag árið 1903. Það voru herra menn að nafni Fernander og Hallseth sem sýndu og meðal myndanna var franska myndin Le Voyage dans la lune frá árinu 1902, eða Ferðin til tunglsins, sem var fyrsta vísindamyndin sem gerð var. Í tölublaði Norðurlands 4. júlí segir að sýningar hafi síður en svo valdið vonbrigðum heldur hafi orðið að sýna sjö sinnum til að fullnægja eftirspurn-



myndir afbragðsfalllegar með vél Edisons sem notuð væri. Hreyfingarnar sækjust alveg eins og þær væru í lífinu.

inni „þrátt fyrir loftleysi og feikihita - þar sem loka varð gluggum og dyrum til þess að gera aldimm inni - sat þar húsfyllir og skemmti sér hið besta. Ýmsir tóku það jafnvel fram að betur hefðu þeir ekki skemmt sér á ævi sinni.“

Vitnað var í norsk, sænsk og finnsk blöð sem luku lofsorði á sýningar Fernanders og Hallseths enda yrðu myndir afbragðsfalllegar með vél Edisons sem notuð væri. Hreyfingarnar sækjust alveg eins og þær væru í lífinu.

### MERKISATBURÐIR

- 1835 Vísur Íslendinga, Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur eftir Jónas Hallgrímsson, eru fyrst sungnar opinberlega.
- 1855 Danska gufuskipið Thor kemur til Reykjavíkur. Er það fyrsta gufuskipið sem kemur til Íslands.
- 1921 Rafstöðin við Elliðaár er vígð.
- 1930 Skógræktarfélag Íslands er stofnað á Þingvöllum.
- 1990 Bob Dylan heldur tónleika í Laugardalshöll á vegum Listahátíðar.
- 2006 Samkynhneigðir á Íslandi fá jafna réttarstöðu á við gagnkynhneigða varðandi skráningu í sambúð.
- 2007 Gordon Brown tekur við embætti forsætisráðherra Bretlands.

SIGRÚN BENDER: ER FYRSTI KVENFLUGMAÐURINN HJÁ ICELAND EXPRESS

## Mér líður langbest í flugvél

„Ég treysti flugvélum alveg hundrað prósent því ég veit hversu öruggar þær eru,“ segir Sigrún Bender, sem nýlega hóf feril sinn sem atvinnuflugmaður hjá Iceland Express, fyrst íslenskra kvenna. Spurð hvað heilli hana við starfið segir hún það frelsið við að vera í háloftunum. „Allir eiga sinn eftirlætisstað og mér líður langbest í flugvél. Það er bara þannig.“

Sigrún er 23 ára og þjóðinni kunn sem fegurðardrottning. Hún tók þátt í fegurðarsamkeppnum á árunum 2004 og 2005 bæði hér heima og erlendis en kveðst ekki hafa látið þær slá sig út af laginu í flugnáminu. „Ég var þá á fullu í atvinnuflugmannsprófinu. Svo eignaðist ég barn á síðasta ári og það truflaði heldur ekki áform mín um að verða flugmaður. Það hefur alltaf verið stefnan.“ Hvernig skyldi hún hafa fengið bakkerfiuna? eru flugmenn í fjölskyldunni? „Nei, enginn í minni ætt svo ég viti. Ég ákvað þetta upp á mitt eindæmi. Fór með foreldrunum til London þegar ég var níu ára og fékk að fara inn í flugstjórnarkleffann því þetta var fyrir 11. september. Ég heill- aðist algerlega og eftir það varð eiginlega ekki aftur snúið. Ég fór fimmtán ára í fyrsta flugtímann minn og fékk flugskírteini sextán ára, áður en ég fékk bílpróf. Í það heila tók námið um fimm ár. Flugnám er dýrt og verklegi þáttur þess ekki lánshæfur hjá LÍN en ég vann fyrir stórum hluta af fluginu jafnóðum og því tók það þennan tíma.“



FLUGMAÐURINN „Ófár stundirnar hafa farið í flug yfir Reykjavík og Suðurlandið,“ segir Sigrún Bender.

Sigrún er í flugklúbbi og því með aðgang að litlum vélum sem hún hefur getað flogið að vild. Þannig kveðst hún hafa viðhaldið kunnáttunni. „Ég kenndi líka hjá Flugskóla Íslands svölitinn tíma. Þá var öll starfsemi á Reykjavíkurlugvelli þannig að ófár stundirnar hafa farið í flug yfir Reykjavík og Suðurlandið.“

Nú eru það vélar á borð við Boeing 757 sem Sigrún stjórnar á hinum ýmsu flugleiðum Iceland Express, svo sem til Alicante, Kaupmannahafnar, London og Varsjár. Í fyrsta fluginu

lenti hún í brjáluðu veðri en kveðst ekki hafa fundið fyrir ótta. „Það er meðal annars það sem verið er að leita að í flugmönnum, að vera rólegir við slíkar aðstæður. Ég var líka með mjög reyndum flugstjóra,“ segir hún en kveðst algerlega meðvituð um þá miklu ábyrgð sem starfinu fylgi. Spurð hvort hún stefni að því sjálf að verða flugstjóri brosir hún og svarar: „Já, í eðlilegri framvindu verður flugmaður flugstjóri á endanum en það tekur sinn tíma. Svo er allt háð framboði og eftirspurn.“

gun@frettabladid.is



70 ára afmæli

### Guðbjörg Ársælsdóttir

fagnar sjötugsafmæli sínu á Sjávarbarnum, Grandagarði 9, sunnudaginn 28. júní nk. kl. 12.00 á hádegi. Allir vinir og ættingjar innilega velkomnir. Hefðbundnir pakkar auðmjúkt afpakkaðir en ferðabaukur verður á staðnum.



Elskuleg móðir mín, dóttir, systir og mágkona,

### Hlédis Gunnarsdóttir

Snægili 9, Akureyri,

varð bráðkvödd á heimili sínu þriðjudaginn 23. júní. Jarðarförin fer fram frá Garðskirkju í Kelduhverfi fimmtudaginn 2. júlí kl. 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Elvar Pálsson  
Kristveig Árnadóttir  
Ómar Gunnarsson

Hrafnhildur Stella  
Sigurðardóttir  
Margrét Sigurðardóttir

Árni Grétar Gunnarsson



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
Ólafur J. Gunnarsson

lést fimmtudaginn 18. júní. Útför hefur farið fram í kyrriþey að ósk hins látna.

Arnheiður Anna Ólafsdóttir Jón Páll Baldvinsson  
Hafþór Ólafsson Ásthildur Lóa Þórsdóttir  
Bjargey Ólafsdóttir

Guðlaug Erla Jónsdóttir

Ólafur Baldvin Jónsson  
Þór Símon Hafþórsson  
Bjarki Páll Hafþórsson



### Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is



Hjartkær móðir mín,  
Lýdía Bergmann  
Þórhallsdóttir

Ásvallagötu 42, Reykjavík,

verður jarðsungen frá Neskirkju mánudaginn 29. júní kl. 11.00.

Magnús Bergmann Ásgeirsson.



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

### Helga Guðjónsdóttir

Vesturbergi 8,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 20. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fossvogskapelli þriðjudaginn 30. júní nk. kl. 13.00.

Málfríður Helga Jónsdóttir  
Sigríður Sigurjónsdóttir  
Jón Helgi Bragason  
Anna Sigurborg Ólafsdóttir  
Freyr Bragason  
Ingi Rafn Ólafsson  
Sigurjón Ólafsson  
og barnabarnabörn.

Margrét Jónsdóttir

Halldóra Brynjarsdóttir  
Nathalia D. Halldórsdóttir  
Sigurveig Þórhallsdóttir



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

### Jóhanna Lárúsdóttir

húsfreyja og hannyrðakona á Hlíðarenda við Akureyri,

andaðist á Sjúkrahúsínu á Akureyri aðfaranótt 25. júní. Útförin verður gerð frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 2. júlí kl. 13.30.

Baldur Halldórsson

Ingvar Baldursson  
Ólafur Lárus Baldursson

Baldur Örn Baldursson  
Halldór Guðmundur Baldursson  
Sigurður Hólmgeir Baldursson  
Ingunn Kristín Baldursdóttir

barnabörn, barnabarnabörn og aðrir ástvinir.

Jónína Valdimarsdóttir  
Jóhanna Lára  
Árnadóttir

María Arnfinnsdóttir  
Anna Katrín Þórsdóttir  
Hildur Magnúsdóttir  
Helgi Pálsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Halldóra Jónsdóttir

Melagötu 15, Neskaupstað,

andaðist á Landspítalanum miðvikudaginn 24. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Gunnar Jónsson,  
börn, barnabörn og barnabarnabarn.

**Útvarpþjónusta**

Ingvar Steinhelms, útvarpsgjafi, s. 891 0919  
Ingvar Rís, útvarpsgjafi, s. 891 0919  
Ólafur Örn, útvarpsgjafi, s. 896 0544

Sími 551 7080  
Báragötu 4, 101 Reykjavík.

Vönduð og persónuleg þjónusta



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jakobína Ólöf Sigurðardóttir**

Úthlíð, Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnuninni Vestmannaeyjum mánudaginn 22. júní. Útför hennar fer fram frá Landakirkju Vestmannaeyjum þriðjudaginn 30. júní kl. 13.00.

Sigþóra Björgvinsdóttir Bragi Júlíusson  
Jóna Björgvinsdóttir Leifur Ársæll Leifsson  
Björgvín Björgvinsdóttir Valgerður Bjarnadóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Reynir Bergmann Pálsson**

byggingameistari, Hábae 36, Reykjavík,

sem lést sunnudaginn 21. júní, verður jarðsönginn frá Árbæjarkirkju mánudaginn 29. júní kl. 13.00. Blóm vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

Valborg Sigurbergisdóttir Guðrún Eiðsdóttir  
Páll Bergmann Reynisson Lilja Ruth Michelsen  
Grétar Reynisson Sigurður Jóhannesson  
Sóley Reynisdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, sonur, tengdasonur og bróðir,

**Sig. Ómar Aðalbjörnsson**

Kelduhvammí 13, Hafnarfirði,

sem lést um borð í Kleifabergi ÓF fimmtudaginn 18. júní, verður jarðsönginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 30. júní kl. 15.00.

Valgerður G. Gunnarsdóttir  
Guðlín Jóna Ómarsdóttir Sævar Bjarki Einarsson  
Fanneý Anna Ómarsdóttir Arnar Már Jónsson  
Aðalbjörn Sigurlaugsson Ásdís Skarphéðinsdóttir  
Anna og David Tebbets  
Jóna Guðný Arthúrsdóttir  
Ómar Örn, Jóel Ernir, Arnar Búi  
systkini og aðrir aðstandendur.



Hugbeilar kveðjur og þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdafaður og afi,

**Þóris Davíðssonar**

Hvassaleiti 58, áður Akurgerði 18, Reykjavík,

sem lést þann 18. maí síðastliðinn. Sérstakar þakkir til starfsfólks Fríðuhúss og Austurbæjar/Skógarbæ.

Elísa Jóna Jónsdóttir  
Elísabet Bjarklind Þórisdóttir  
Þóris Þórisdóttir  
Linda Sjöfn Þórisdóttir Páll Daniel Sigurðsson  
Páll Hinrik Þórisson Stefánía Bjarnarson  
og barnabörn.



Innilegar þakkir færum við þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, bróður og afi,

**Sveins G. Scheving**

vélstjóra.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á hjarta-deild Landspítalans við Hringbraut, deild 14G, fyrir einstaka umönnun og virðingu.

Kristín Einarsdóttir  
Ómar Þór Scheving  
Birgir Scheving  
Daniel Scheving  
Reynir Scheving  
Aðalheiður Steina Scheving  
Barnabörn.  
Eva Hlín Thorarensen  
Paz Alvarez Beneyto  
Inga Jasonardóttir  
Kristín Helgadóttir



Okkar innilegustu þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs sonar míns, bróður, mágs, frænda og vinar,

**Ásbjarnar Ibssonar**

Meðalholti 13, Reykjavík,

sem lést 1. júní síðastliðinn.

Sif Bjarnadóttir  
Hilmir Þór Ibsson  
og aðrir aðstandendur.  
Kristín Líf Karlsdóttir



Frændi minn,

**Guðmundur Ágúst Sveinsson**

Laugarbraut 25, Akranesi,

verður jarðsönginn frá Akranesarkirkju þriðjudaginn 30. júní kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið eða Sjúkrahús Akraness.

Fyrir hönd annarra vandamanna,  
Kristjana Ragnarsdóttir.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Friðgerður Guðný Guðmundsdóttir**

Engjavegi 34, Ísafirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði miðvikudaginn 24. júní.

Steinunn S. L. Annasdóttir  
Vilhlem S. Annasson  
Ásgerður H. Annasdóttir  
Bergþóra Annasdóttir  
Sigmundur J. Annasson  
Guðný Anna Annasdóttir  
Dagný Annasdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.  
Halldór Benediktsson  
Særún Axelsdóttir  
Ómar Ellertsson  
Kristján Eiríksson  
Agnes Karlsdóttir  
Sigurjón Haraldsson  
Húnbogi Valsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragna Klara Björnsdóttir**

Blikahólum 2, Reykjavík,

sem andaðist á Vífilstöðum föstudaginn 19. júní síðastliðinn, verður jarðsöngin þriðjudaginn 30. júní kl. 15.00 frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

Kristjana Sæunn Ólafsdóttir  
Guðbjörn Karl Ólafsson  
Þorbjörg Ólafsdóttir  
Kristján Jónsson  
Guðný Ólöf Þorvaldsdóttir



Þökkum alúð og hlý orð við fráfall eiginmanns, föður, tengdafaður, afi og langafi,

**Franch Michelsen**

úrsmíðameistara.

Sérstakar þakkir færum við Skátahreyingunni á Íslandi og starfsfólki Eirar, Hlíðarhúsum.

Guðný Jónsdóttir  
Ásthildur Michelsen  
Guðrún R. Michelsen  
Lilja D. Michelsen  
Frank Ú. Michelsen  
Hlynur J. Michelsen  
Anna B. Michelsen  
barnabörn og barnabarnabörn.  
Lúðvig Helgason  
Ulf Löndahl  
Sigurður Þorsteinsson  
Inga S. Magnúsdóttir  
Valentina H. Michelsen  
Marcel Furer



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**Hulda Þorsteinsdóttir**

frá Efri Vindheimum, síðast til heimilis að Ránargötu 10, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð laugardaginn 20. júní. Jarðarförin hefur farið fram. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Skógarhlíðar og Birkihlíðar fyrir góða umönnun, hlýhug og virðingu.

Steinunn Einarsdóttir  
Einar Haukur Einarsson  
Þórey Einarsdóttir  
barnabörn, fósturbarnabörn og barnabarnabörn.  
Valberg Kristjánsson  
Mekín Kjartansdóttir  
Guðjón Rúnar Guðjónsson



Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,

**Guðmundur Halldór Atlason**

fyrirverandi flugumsjónarmaður, Boðagranda 7,

verður jarðsönginn frá Háteigskirkju mánudaginn 29. júní kl. 15.00.

Lárus Atlason  
Atli Helgi Atlason  
Dóra Elín Atladóttir Johnsen  
og frændsystkini.  
Nanna Guðrún Zoëga  
Ingibjörg Gréta Gísladóttir  
Birgir Bárðarson



Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og vináttu vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**Selmu Friðgeirsdóttur**

Hrafnistu, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks sjúkraeildar Hrafnistu H1. Einnig öllu starfsfólki á Hrafnistu.

Indriði Guðjónsson  
Erla Sigurlaug Indriðadóttir  
Friðgeir Indriðason  
Ingibjörg Indriðadóttir  
Guðjón Indriðason  
barnabörn og barnabarnabörn.  
Björn Þorsteinsson  
Stella María Reynisdóttir



Ástkær bróðir okkar, mágur og fændi,

**Guðmundur H. Indriðason**

áður Snorrabraut 40, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum þriðjudaginn 9. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.



Aðstandendur.



Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför systur okkar og mágkonu,

**Eyrúnar Ottadóttur**

Guðríður Ottadóttir  
Anna Ottadóttir  
Auður Ottadóttir  
Lúðvik Eiðsson  
Hilmar Smith  
Ágúst Bjarnason



**MEDAL EFNIS Í ÞESSU FYRSTA BLADI:**

- SVIPMYND AF RONALDO
- ALLT UM MARGRÉTI LÁRU
- KVENNALANDSLIÐIÐ Í FÓTBOLTA
- TÆKNIÆFINGAR
- PRAUTIR OG MYNDASÖGUR
- OG MARGT FLEIRA

**EKKI MISSA AF ÞESSU BLADI**

BOLTAANDRÉS FÆST Á ÖLLUM ÞJÓNUSTUSTÖÐVUM N1



OG LÍKA Á [WWW.ANDRÉSÖND.IS](http://WWW.ANDRÉSÖND.IS)

**WWW.ANDRÉSÖND.IS**



**NOKKUR ORÐ**  
Júlía Margrét  
Alexandersdóttir

## Skript á bróður og Jackson

Michael Jackson er án efa ein dádasta stjarna minnar kynslóðar. Sjálf man ég ekki eftir honum svörtum, enda of ung til að ná Thriller árið 1982 almennilega. Í mínum huga var Michael Jackson því hvítur með finlegt nef og svertinginn fram- an á Thriller var ókunnugur maður fyrir mér.

Sem dæmi um hve heitt hann var dýrkaður þá var mér afskaplega illa við litla bróður minn þegar ég var að alast upp og reyndi oft sinnis að týna honum í verslunarferðum í stórmörkuðum þegar ég átti að vera að passa hann. Eitt skriptið heppnaðist ætlunarverkið og hann, fjögurra ára gamall, týndist í alvörunni. Ég fékk svo mikið samviskubit þegar ég uppgötvaði að hann var í



alvörunni villtur og löggan væri að leita að honum (hann fannst, þökk sé árvökulum vegfaranda) að það eina sem mér datt í hug var eftirfarandi: „Ef hann finnst, góði guð, lofa ég því að gefa honum stóra veggspjald- ið mitt af Michael Jackson.“ Umrátt veggspjald sýndi þann Jackson sem ég þekkti – í „Bad“-leðurgallanum.

Bróðir minn fannst, heill og alsæll í göngutúr í hverfinu, og ég reyndi aldrei aftur að týna honum eftir þetta. Mér til mikillar gleði hafði hann svo, fjögurra ára gamall, engan áhuga á veggspjaldinu og það hékk því áfram í herberginu. Mér er ljóst hve stóran part Jackson átti í hjarta mér þar sem ég var tilbúin að fórna honum og skipta fyrir bróður minn sem mér leiddist meira en lífið sjálf á þessum tíma. Megi snillingurinn hvíla í friði.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







### Ath kl. 15.00

Kvartett danska kontrabassaleikarans *Andreas Dreier* kemur fram á þriðju tónleikum Jómfrúarinnar við Lækjargötu í dag. Fyrsta geislaplata kvartettsins nefnist „Stew“ og inniheldur að mestu lög *Dreiers* en líka lög eftir gítarleikarann, *Andrés Þór Gunnlaugsson*. Á Jómfrúnni spila þeir ásamt *Sigurði Flosasyni* á saxófón og *Þorvaldi Þór Þorvaldssyni* á trommur.

# menning


menning@frettabladid.is

## Strengir slegnir í Áskirkju

Í eftirmiðdaginn verða tónleikar í Áskirkju og hefjast kl. 16. Gítarleikarinn Kristinn Árnason heldur tónleikana og leikur þar verk eftir Narvaez, Sans, Kapsberger, Bach, Aguado, de Falla og Albeniz auk þess að frumflytja eigið tónverk. Kristinn lauk burtfararprófi í klassískum gítarleik frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar árið 1983. Kennarar hans voru Gunnar H. Jónsson og Joseph Fung.

Hann stundaði framhaldsnám hjá Gordon Crosskey í Englandi og í New York við Manhattan School of Music þaðan sem hann lauk prófi árið 1987. Þaðan lá leiðin til Spánar þar sem hann var tvo vetur við nám hjá José Tomás.

Hann hefur leikið á námskeiðum meðal annars fyrir Andrés Segovia, Manuel Barrueco og Hans Werner Henze. Kristinn hefur komið víða fram sem einleikari hérlendis sem erlendis og leikið kammertónlist af mörgu tagi. Hann hefur leikið inn á fjölda hljómdiska og komið fram í útvarpi og sjónvarpi. Hann hefur hlotið



TÓNLIST Kristinn Árnason gítarleikari.

ýmsar viðurkenningar, meðal annars starfslaun listamanna, verðlaun úr minningarsjóði Kristjáns Eldjárns árið 2007, Íslensku tónlistarverðlaunin árið 1997 fyrir klassískan hljómdisk ársins og tilnefningu til Menningarverðlauna DV.

### > Ekki missa af

Brákarhátíð í Borganesi í dag. Bernt Ogródnik hefur með krökkum gert risastóra brúðu af Brák og er margt við að vera á staðnum. Ganga verður kl. 13.30 og í framhaldi hennar fjölskylduskemmtun í Skalla-grímssgarði. Þá lýkur í kvöld sýningu á vatnslitamyndum eftir þrettán kunna myndlistarmenn í Brákarey sem eru málaðar síðustu daga víða um héraðið.

# 101 TOKYO

13.06.09 – 13.07.09

## SNERTING VIÐ JAPAN

Í NORRÆNA HÚSINU REYKJAVÍK

**LAUGARDAGUR 27. JÚNÍ KL. 17.00:**

**Japönsk-íslensk tónsmiðja:**

Tónlistarmenn og tónsmiðir frá Listaháskólanum í Tokyo (Geidai) og Listaháskóla Íslands frumflytja klassískt- ofurnútímalegt verk sem er sérstaklega samið í tilefni af Japansdagskrá Norræna hússins.

**SUNNUDAGUR 28. JÚNÍ KL. 16.00:**

**Sunnudagsbíó:**

**The Burmese Harp** frá 1956 eftir Kon Ichikawa. Tilnefnd til Óskarsverðlauna 1957 sem besta erlenda kvikmyndin.

AÐGANGUR ER ÓKEYPIS

WWW.101TOKYO.IS

## Hátíð í Hallgrímskirkju

Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju hefst á morgun og er það nú haldið í sautjándna sinn. Á orgelsumri er því fagnað hversu mikið og merkilegt orgel er í kirkjunni á Skólavörðuhæð og þangað koma orgelleikarar á heimsmeil-kvarða. Hátíðinni tengist svo margvíslegt annað starf en tónlistarlíf og hefur listastarf verið mikilvægur þáttur í kirkjustarfinu í Hallgrímssókn.

Tónleikaröðin er haldin undir merkjum Listvinafélags Hallgrímskirkju og hefur verið árlegur viðburður frá því að Klais-orgel kirkjunnar var vígt 1992.

Alþjóðlegt orgelsumar og Klais-orgel Hallgrímskirkju hafa ávallt laðað að sér framúrskarandi listamenn og svo er einnig í sumar. Organista, sem koma víða að og flytja okkur fjölbreytta orgeltónlist, bæði frá heimalandi sínu og einnig þekktar orgelperlur. Meðal flytjenda í ár má nefna Andreas Sieling, dómorganista í Berlín, Roger Sayer, dómorganista í Rochester í Englandi, og Susan Landale, sem er meðal virtustu konsertorganista í heiminum í dag. Að þessu sinni



TÓNLIST Björn Steinar Sólbergsson, organisti Hallgrímskirkju, hefur orgelsumarið í kirkjunni á morgun kl. 17.

er tónskáldið Felix Mendelssohn-Bartholdy í öndvegi. Mendelssohn fæddist í Hamborg í Þýskalandi 1809 og er þess minnst víða um heim að 200 ár eru liðin frá fæðingu hans. Í Hallgrímskirkju verða öll helstu verk hans fyrir orgel flutt á Alþjóðlega orgelsumrinu 2009.

Orgelhátíðin hefst á morgun með með opnunartónleikum Björns Steinars Sólbergssonar organista í Hallgrímskirkju kl. 17. Tónleikarnir verða svo haldnir á hverjum sunnudegi kl. 17 til og með 16. ágúst.

Á fimmtudögum kl. 12.15 í sumar verða tónleikar í Dómkirkjunni í

Reykjavík þar sem íslenskir orgelleikarar koma fram ýmist einir eða með gestum. Tónleikarnir eru á vegum Félags íslenskra organleikara í samvinnu við Listvinafélag Hallgrímskirkju. Fyrstu tónleikarnir eru haldnir 2. júlí og síðan verða tónleikar á hverjum fimmtudegi til 6. ágúst.

Listvinafélag Hallgrímskirkju stendur einnig fyrir hádegis-tónleikum í kirkjunni á miðviku-dögum kl. 12 í júlí og ágúst í sumar. Þar kemur fram hinn margrómaði kammerkór Schola cantorum, sem mun flytja íslenska og erlenda kórtónlist.

pbb@frettabladid.is

# Grafískur reynslubolti óskast

Forlagið óskar eftir að ráða fjölhæfan grafískan hönnuð til starfa sem fyrst.

Fjölbreytt verkefni á lifandi og skemmtilegum vinnustað.

**Viðkomandi þarf að hafa góða kunnáttu í InDesign, Flash og helstu hönnunarforritum og reynslu af frágangi verka til prentunar.**

Verkefnið sem um er að ræða eru bókarkápur, blaðaauglýsingar, netauglýsingar og hvers konar hönnun sem lýtur að útgáfu bóka og markaðsefsins.

Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið [kristrun@forlagid.is](mailto:kristrun@forlagid.is) eða á Kristrún Heiða Hauksdóttir, Forlagið, Bræðraborgarstíg 7, 101 Reykjavík fyrir 6. júlí nk.

Upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf nauðsynlegar.

Gott væri að einhver sýnishorn fylgdu umsókn.



**FORLAGIÐ**  
www.forlagid.is

JPV ÚTGÁFA / MÁL OG MENNING / IÐUNN / VAKA-HELGAPELL



MENNING Steinunn Sigurðardóttir, hönnuður og þrætuepli.

## Tónskáld mót mæla

Enn halda áfram opinber mót-mæli vegna afstöðu fulltrúa Bandalags íslenskra listamanna í Menningarmálanefnd Reykjavíkur sem fettu fingur út í þá ákvörðun nefndarinnar að velja Steinunni Sigurðardóttur sem borgarlistamann 2009. Nú hefur borist yfirlýsing frá stjórn Tónskáldafélags Íslands varðandi útnefninguna.

„Að gefnu tilefni vill stjórn Tónskáldafélags Íslands koma eftirfarandi á framfæri varðandi útnefningu Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar sem borgarlistamanns Reykjavíkurborgar árið 2009.

Stjórn BÍL hefur aldrei fjallað um útnefningu borgarlistamanns 2009. Sú yfirlýsing sem áheyrnar-

fulltrúar BÍL í Menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar – þau Ágúst Guðmundsson, forseti BÍL, og Áslaug Thorlacius, formaður SÍM, hafa sett fram varðandi útnefningu Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar í nafni BÍL – nýtur því ekki stuðnings Tónskáldafélags Íslands.

Þá hvarmar stjórn Tónskáldafélagsins að íslenskir listamenn séu dregnir inn í slíkar umræður með þessum hætti.

Að lokum óskar stjórn Tónskáldafélags Íslands Steinunni Sigurðardóttur fatahönnuði til hamingju með útnefninguna sem borgarlistamaður Reykjavíkurborgar árið 2009. F.h. stjórnar, Kjartan Ólafsson, formaður.“

- pbb

# 40 ÁRA

AFMÆLISTILBOÐ



DISKÓPINNI AÐEINS

**99** kr.



40 ára

**> TÍSKUFRETTIR VIKUNNAR**

Ein helsta tískufyrmynd áttunda áratugarins, **Farah Fawcett**, sem var þekktust fyrir hlutverk sitt í *Charlie's Angels*, lést sama dag og **Michael Jackson**. Banamein hennar var krabbamein.

# stíll

utlit@frettabladid.is



**Glimmerkinnalit** fyrir djammað frá Bobbi Brown.

**Dásamlegan sumarilm** sem er eins og frískandi sturta í glasi frá Bobbi Brown.

OKKUR LANGAR Í ...



**Mjúkan og flottan trefil** með kögri frá Gallerí Crymogeu á Laugavegi.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

### Tískukóngur fellur í valinn

Ég get seint sagt að ég hafi verið Jackson-aðdáandi enda fellur tónlist hans ekki undir það sem ég kalla minn tebola. Persónulega fannst mér sorglegra að Sky Saxon, söngvari The Seeds, hafði fallið frá sama dag og Jacko blessaður. En hvað um það, Jackson var hæfileikaríkur og skrautlegur og það tekur heldur enginn frá honum að hann hafði mikil áhrif á tískuheiminn. Kannski var hann ekki



alltaf smekklegur en það er augljóst að víðu buxurnar, lakkskórnir, hvítu skyrtturnar, hermanna-jakkarnir, hattarnir og grifflurnar hafa allar ratað fyrr og síðar inn á skissur frægra hönnuða víðs vegar um heiminn. Það mætti jafnvel ætla að japanskir hönnuðir eins og til dæmis Jun Takashi hafi lært allt sem þeir kunna um tísku upp úr stílbók Michaels Jackson. Ætli hann hafi ekki haft talsverð áhrif á okkur sem ólumst upp á níunda áratugnum og horfðum á Moonwalkið og fengum jafnvel martraðir af Thriller-myndbandinu. Smooth Criminal-myndbandið, Billy Jean og Beat it voru svo vinsæl að það væri ekki hægt að hugsa til níunda áratugarins án þess að minnast leðurjakkanna hans, hvítu sokkana og þessum eina leðurhanska með sem-

elíusteinum sem hann skartaði svo oft. Þrátt fyrir að þessi síðustu ár Jacksons vekji aðallega skrýtnar minningar um mann sem breytti um húðlit, andlit og lenti í alls kyns leiðinlegum málaferlum er greinilegt að kynslóð fólks er mjög slegin og leið yfir fréttunum af dauða hans, þar sem þau misstu stjörnuna sem hún dýrkaði á barnsárnum. Það kæmi ekki á óvart heldur ef að ótímabær dauði Michaels Jackson hafi veruleg áhrif á tískustrauma á næstu mánuðum.



**SMARAGÐS-GRÆNT**  
Skínandi fagur grænn kjóll.



**KVENLEGT**  
Flottur aðsniðinn og framtíðarlegur kjóll.



**HLÝTT**  
Flottur grár ullarkjóll með víðu pilsí.

**DRAMA-TÍSKT**  
Gylltur toppur við svartar buxur.

VETUR AÐ HÆTTI PROENZU SCHOULER:

## Ríkulegir gimsteinalitir

Haut- og vetrarlína hönnunarteymisins Proenzu Schouler var sannkölluð veisla fyrir augun. Girnilegir litir eins og dimmfjólublátt, smaragðsgrænt, súkkulaðibrúnt og stálgrátt prýddu fötin sem einkenndust af gamaldags sniðum og ríkulegum efnum eins og satíni, silki og flaueli. Kjólar voru hnésíðir og kvenlegir, pils stutt og blöðrulaga og jakkar aðsniðnir. Það er næstum hægt að hlakka til næsta vetrar ef tískan verður öll svona.

- amb

## Hvað myndirðu gera fyrir vinkonuna sem sveik þig?

Kamryn Matika er í góðu starfi, einhleyp og barnlaus. Hún vinnur frá morgni til kvölds og djammar þess á milli. En svo fær hún afmælskort sem breytir öllu.

„Ég hló og grét frá fyrstu blaðsíðu.“

ADELE PARKS



2. PRENTUN KOMIN

3. Sæti

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

Skáldverk vasabrot 24. júní 2009

JPV  
JPV ÚTGAFA  
www.forlagid.is



**TÖFF**  
Æðislegur blár stuttur jakki við svartar buxur.

**SEXÍ**  
Fallegur flauelskjóll sem sýnir allar línur.



# Nýtt í Hagkaup!

## Stefán Karl áritar...

í dag kl. 13:00 í Hagkaup Smáralind og kl. 15:00 í Hagkaup Kringlunni



**STEFÁN KARL**  
Í TÚRETT OG MOLL

**FRÁBÆR**  
FJÖLSKYLDUPLATA  
INNIHELDUR  
14 SNILLDARLÖG

GOTT VERÐ!  
KR. 2.199

EINNIG FÁANLEGAR:



GOTT VERÐ!  
KR. 2.499



GOTT VERÐ!  
KR. 3.299



GOTT VERÐ!  
KR. 2.199



GOTT VERÐ!  
KR. 2.199

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

## &gt; LAG HANDA JACKSON

Elton John tileinkaði Michael Jackson lag í samkvæmi sem hann hélt á heimili sínu í London. Eftir að hann heyrði fregnir af andláti popparans söng hann lagið Don't Let the Sun Go Down On Me til heiðurs Jackson og runnu við það tækifæri mörg tár niður kinnar viðstaddra. Á meðal gesta voru Liz Hurley, Hugh Grant og Justin Timberlake.



**fólk**  
folk@frettabladid.is

## DiCaprio með strákunum

Fjölmíðlar hið vestra hafa verið að velta sér upp úr því hvort leikarinn Leonardo DiCaprio sé orðinn laus og liðugur á ný. Leikarinn, sem hefur verið í sambúð með ísraelsku fyrirsætunni Bar Rafaeli í nokkurn tíma, mætti á skemmtistaðinn MyHouse í Hollywood ásamt vinnu sínum um helgina. Leonardo pantaði vodkaflokk á borðið til sín og þegar leið á kvöldið hafði hópur af fögulegum meyjum sest við borðið með leikaranum og vinum hans. Leonardo eyddi það sem eftir var af kvöldinu með tveimur fallegum stúlkum og virtist skemmta sér hið besta. Þessi hegðun leikarans hefur nú fengið fólk til að velta vöngum um samband hans við fyrirsætuna, en þau hafa hætt saman þó nokkrum sinnum en ávallt tekið aftur saman.



**BRESTIR?** Leonardo hefur átt í sambandi með fyrirsætunni Bar Rafaeli um nokkurt skeið.

## Potter vill eldri konur

Leikarinn Daniel Radcliffe, sem þekktastur er fyrir hlutverk sitt sem Harry Potter, segir í viðtali við tímaritið Parade að hann vilji heldur eldri konur. „Mér finnst, svona almennt, að maður þurfi ekki að hafa jafn mikið fyrir því að skemmta eldri konum. Flestar stelpur sem ég hef átt í sambandi við eru komnar á þrítugsaldurinn,“ segir Radcliffe.

**DANIEL RADCLIFFE**  
Segist sækjast í sambönd með eldri stúlkum.



## Handtekinn á flugvelli

Jonathan Rhys Meyers, sem lék á móti Anitu Briem í sjónvarpsþáttunum The Tudors, var nýverið handtekinn á flugvelli í París fyrir að hótta barþjóni lífláti. Leikarinn, sem er 31 árs, var drukkinn þegar hann lét öllum illum látum á bar Charles de Gaulle-flugvallarins. Eftir að hafa úthúðað barþjóninum var hann handtekinn og látinn dúsa í varðhaldi í á meðan víman



**JONATHAN RHYS MEYERS** Leikarinn þekkti var handtekinn fyrir ósæmilega hegðun í París.

## Kjúklingum stolið úr frystikistu

„Þetta er afskaplega myndið eins og Braga einum er lagið, alveg óþolandi myndið eiginlega,“ segir leikstjórinn Stefán Jónsson. Eftir áramót verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu leikritið Hænuungarnir eftir Braga Ólafsson í leikstjórn Stefáns. Með aðalhlutverkið fer Eggert Þorleifsson en eins og margir muna eflaust eftir naut síðasta leikrit þeirra þriggja, Belgíska Kongó, mikilla vinsælda. „Þetta er í raun og veru framhald af góðum kynnum okkar Eggerts og Braga í Belgísku Kongó. „Þetta er ekki framhaldsleikrit en þetta er framhald á því samstarfi sem tókst með miklum ágætum,“ segir Stefán. „Við höfum voðalega gaman hver af öðrum þótt við höfum svo sem þekkt allir fyrir þann tíma. Við náðum saman og ákváðum að gera eitthvað í framhaldinu og það er loksins að líta dagsins ljós núna.“

Verkið Hænuungarnir er mjög frábrugðið Belgísku Kongó þrátt fyrir að sömu menn séu þar á bak við. „Á meðan Belgíska Kongó gerist á elliheimili gerist þetta í fjölbýlishúsi og hverfist um húsfund sem er verið að halda vegna þess að komið hefur upp þjófnaður í sameigninni. Frosnum kjúklingum hefur verið stolið úr frystikistunni í geymslunni og það þarf að rannsaka það mál,“ segir Stefán. „En það má segja að þetta fjalli um fólk sem múrar



**STEFÁN JÓNSSON** Eftir áramót verður sýnt í Þjóðleikhúsinu verkið Hænuungarnir í leikstjórn Stefáns Jónssonar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

sig inni í fílabEinsturni. Þetta er ákveðin útlistun á týpum af '68-kynslóðinni; fólk sem gefur sig út fyrir að vera víðsýnt og „líbó“ en er þröngsýnt og fordómfullt.“

Með önnur hlutverk fara Ragnheiður Steindórsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Örn Arnason, Friðrik Friðriksson og Vigdís Hrefna Pálsdóttir.

-fb



SKE Fagnar á Grand Rokk í kvöld.

## Einu tónleikar Ske-liða

Hljómsveitin Ske fagnar útgáfu þriðju breiðskífu sinnar með tónleikum á Grand Rokk í kvöld. Plata Ske, Love For You All, er nýkomin út og hefur fengið góðar viðtökur. Sveitin hefur aldrei þótt iðin við tónleikahald og meðlimir hennar ætla engu að breyta þar um nú, tónleikarnir í kvöld verða að líkindum þeir einu í náinni framtíð. Jeff Who? kemur einnig fram og munu sveitirnar ætla að taka saman lagið. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.30.



**Tónlist.is**  
Uppáhaldslög allra Íslendinga fyrir 0kr. í allt sumar\* á siminn.is

\*Sumaraskrift að Tónlist.is stendur viðskiptavinum í Minu Frelsi til boða án aukagjalds. Nánari skilmálar á www.tonlist.is.

\*\*60 mín/SMS á dag. Áfylling fyrir að lágmarki þúsund krónur virkjar tilbóðið. Tilboðið gildir innan GSM kerfis Símans til 1. október 2009.



**DARK HARVEST** Rokkararnir í Dark Harvest fengu stuðning frá Microsoft rétt eins og Þór Breiðdal.

## Studd af Microsoft

Hægt er að fá lagið Beehive með íslensku rokk sveitinni Dark Harvest frítt til niðurbætur á heimasíðu Microsoft, Myspace.com/windows. Fréttablaðið greindi frá því í gær að lagið Sunny Day með Þór Breiðdal Kristinssyni væri eitt þeirra þúsund laga sem væru í boði á síðunni. Nú hefur komið í ljós að Dark Harvest varð einnig

þess heiðurs aðnjótandi. „Þetta var mjög skemmtilegt,“ segir bassaleikarinn Magnús Halldór Pálsson. „Þetta hitti mjög vel á því við vorum að vinna í að taka upp plötu í vor og áttum akkúrat instrumental-lag sem var tilvalið í þetta,“ segir hann. Platan, sú önnur í fullri lengd frá sveitinni, er svo væntanleg á næsta ári.

## Til heiðurs Jackson

Guðjón Rúnar Emilsson, eigandi verslunarinnar Fígúru á Skólavörðustíg, hefur hannað boli til heiðurs tónlistarmanninum Michael Jackson, sem lést af völdum hjartaáfalls í fyrradag. Myndin sem prýðir bolina er af Michael sem barni og er til í tveimur litum. „Ég er kannski ekki gallharður aðdáandi en ég kunni að meta hann sem tónlistarmann og mér fannst hann frábær poplistamaður,“ segir Guðjón Rúnar sem segist jafnframt ætla að heiðra tónlistarmanninn með því að leika tónlist eftir hann í versluninni. Bolirnir kosta 2.700 krónur stykkið og mun helmingur ágóðans renna til styrktar langveikum börnum. - sm



**GUÐJÓN RÚNAR** Segir bolina vera til heiðurs listamanninum Michael Jackson.

# Costa del Sol

30. júní og 14. júlí

frá kr. **59.990** - 2 vikur

- með eða án fæðis

**Aðeins örfá sæti & íbúðir á þessu kjörum!**



Heimsferðir bjóða frábær tilboð á allra síðustu sætum til Costa del Sol þann 30. júní og 14. júlí í 2 vikur. Í boði er stökktu tilboð, með eða án fæðis, þar sem þú bókar sæti (og fæðisvalkost) og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Bjóðum einnig frábært sértílbod, með eða án fæðis, á Aguamarina íbúðahótelinu, einum af okkar allra vinsælustu gististaðnum á Costa del Sol. Ath. aðeins örfáar íbúðir í boði.

**Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins í sumarfríinu á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga á ótrúlegum kjörum.**

Verð kr. **59.990** - 2 vikur

Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð í 2 vikur. Stökktu tilboð 30. júní. . Brottför 14. júlí kr. 64.990 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð í 2 vikur. Verð m.v. 2 saman kr. 74.990. Aukalega fyrir hálf fæði í 2 vikur kr. 44.000 fyrir fullorðna og kr. 22.000 fyrir börn.

Ótrúlegt sértílbod - Aparthotel Aguamarina \*\*\*

Verð kr. **69.990**

Netverð á mann, m.v. 2-4 í stúdíó / íbúð í 2 vikur. Sértílbod 30. júní. Brottför 14. júlí kr. 74.990 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð í 2 vikur. Aukalega fyrir hálf fæði í 2 vikur kr. 44.000 fyrir fullorðna og kr. 22.000 fyrir börn.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000  
Akureyri • sími 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

800 7000 • siminn.is

# Meira Frelsi

**0 kr. innan kerfis um helgar í sumar**

Fylltu á Frelsið í gegnum Mitt Frelsi og hringdu svo eða sendu SMS innan kerfis um helgar í mánuð á eftir án þess að borga krónu.

Þú talar auðvitað áfram við vini þína innan eða utan kerfis - við fjölgum bara vinunum um helgar. \*\*

**NETIÐ Í SÍMANUM FYLGIÐ FRELSINU!**

Ef þú átt Frelsisnúmer ferðu á netið í símanum í sumar fyrir 0 kr. aukalega.

Það er **Síminn**

# Konungur poppsins kveður

Michael Jackson er látinn, fimmtugur að aldri. Á yfir fjórutíu ára ferli gaf hann út ótal lög sem aldrei munu gleymast og er einn af söluhæstu tónlistarmönnum sögunnar. Jackson var umdeildur undanfarin ár vegna ásakana um barnahneigð en aðdáendurnir virtust ekki hafa yfirgefið hann því uppselt var á fimmtíu tónleika hans sem fyrirhugaðir voru í London á næstunni. Fréttablaðið ræddi við aðdáendur kappans.

## ÆTLAÐI AÐ SJÁ GOÐIÐ Í SUMAR

„Ég var svo gott sem búinn að tryggja mér miða, sem betur fer var maður ekki búinn að panta sér flugfarið og hótél,“ segir Auðunn Blöndal, einn mesti Michael Jackson-aðdáandi þjóðarinnar.

Auðunn hefur stundum brugðið sér í líki poppkóngsins á skemmtunum við mikinn fögnuð viðstaddra og skemmtikrafturinn á bæði silfurhanska og hatt, tvennu sem Jackson gerði fræga á sínum tíma. „Ég er nú samt aðeins farinn að efast um þennan Jackson-áhuga minn, ég er búinn að fá sms-skeyti í allan dag, þetta hefur kannski verið aðeins of mikið af hinu góða. Menn láta bara eins og ég hafi misst bróður minn.“



## Virtist vera einmana

Söngkonan Anna Mjöll Ólafsdóttir hitti Michael Jackson á Neverland-búgarðinum um árið 1993. „Vinur minn tók mig með sér upp á búgarðinn eftir að hafa unnið vídeósamkeppni á MTV. Við vorum þar yfir helgi og ég hitti hann alveg óvart,“ segir Anna Mjöll. „Það var ofsalega flott að keyra þarna upp að. Það var spilið músík úti um allan garð og svo komum við loksins að húsinu og sáum þá tívolíð og sundlaugina. Það var svolítið skrítíð að sjá tívolí þar sem enginn er. Þetta var ofsalega flott en það var skrítíð kyrrð yfir þessu. Svo fóru allir í bíó um kvöldið en ég fór út eftir kortér, fann tölvuleikjasal og fór að skoða hann. Allt í einu sá ég að það var einhver að horfa inn um gluggann og þá var það Michael. Hann kom ekki inn og ég ákvað að láta hann í friði. Síðan lét ég mig hverfa en þá heyrði ég í einhverjum labba á bak við mig og þá voru það hann og litill frændi hans. Hann spurði mig hvort ég vildi koma með þeim í golf-



ANNA MJÖLL Söngkonan Anna Mjöll hitti Jackson á Neverland-búgarðinum fyrir um fimmtán árum.

kerruna og ég sagði ókei,“ segir Anna. „Við keyrðum út um allan garðinn og hann sýndi mér dýrin, uppáhalds-slöngurnar sínar og tarantúlur og lét mig fara í öll tækin í tívolíinu. Hann var rosaalega viðkunn-anlegur og finnst og eðlilegur en ofsalega feiminn. Hann virtist vera ofboðslega einmana. Manni fannst hann vera aleinn í heiminum. Það var svakalega skrítíð tilfinning.“

Anna segist aldrei hafa trúað þeim ásökunum sem á Jackson voru bornar. „Ég trú því að hann hafi verið svolítið

ringlaður og ekki fattað alveg hvar mörkin voru en ég trú því ekki að hann hafi skaðað nokkurn mann.“

## LANGAÐI Á TÓNLEIKANA

Styrmir Jónasson, sem hefur stjórnað útvarpsþættinum Upp í loft á Útvarpi Sögu, var að vonum sorgmæddur þegar hann heyrði af fráfalli átrúnaðargóðs síns. „Ég fékk símtal frá strák og var ekkert að trú þessu. Svo spurði ég móður mína um þetta og ég var bara mjög sár. Það komu tár út úr mér og ég hugsaði af hverju þessi meistari þyrfti að falla frá,“ segir Styrmir, sem er aðeins tólf



ára. Styrmir er stórhuga drengur því fyrir á árinu ætlaði hann að kaupa miða á tónleika Jackson í London en hafði ekki erindi sem erfiði. „Það hefði verið mjög gaman. Hann er náttúrlega snillingur og ég vissi að hann myndi hafa þessa tónleika eina af þeim bestu í heiminum.“



## Poppstjarnan sem heillaði heimsbyggðina

**1958** 29. ágúst: Michael Joseph Jackson fæðist í Gary í Indiana, sjöundi í röðinni af níu börnum. Bræður hans eru Sigmund „Jackie“, Toriano „Tito“, Jermaine, Marlon og Steven „Randy“; systur hans eru Rebbie, Janet og La Toya.

**1962** Michael gengur í popphljóm-sveit fjól-skyldunnar, The Jackson 5, með Jackie, Tito, Marlon og Jermaine.

**1968** Hinn tíu ára gamli Michael og bræður hans gera samning við Motown-plötufrirtækið.

**1969** Fyrsta smáskífan, I Want You Back, kemst á topp vinsældalista.

**1970** Jackson 5 verður fyrsta hljómsveit sögunnar sem kemur fyrstu fjórum smáskífum sínum á topp vinsældalista í BNA.

**1972** Jackson gefur út smáskífulagið Ben undir eigin nafni og kemst á toppinn.

**1976** Sólóferillinn gengur hægt – Michael og bræður hans gera samning við plötufrirtækið Epic undir nafninu Jacksons.

**1977** Söngvarinn fær aðalhlutverkið í svartri söngvamynd, The Wiz, sem byggð er á Galdrakarlinum í Oz. Myndin er misheppnuð en Jackson kynnist tónlistarmógúlnum Quincy Jones.

**1979** Michael tekur upp fyrstu sólóplötu sína, Off the Wall. Quincy Jones stjórnar upptökum og platan selst á endanum í sjö milljónum eintaka.

**1982** Quincy er aftur á tökkunum á Thriller þar sem Jackson syngur dúett með Paul McCartney og tekur á móti gestum á borð við Vincent Price og Eddie Van Halen sem bauð upp á rosalegt sóló. Thriller selst í 65 milljónum eintaka og verður söluhæsta plata allra tíma.

**1983** Stærstu smellirnir á Thriller eru Billie Jean og Beat It sem er baráttusöngur gegn gengjaofbeldi. Jackson dansar Moonwalk-dansinn sinn í fyrsta skipti í sjónvarpi.

**1984** Jackson gerir stærsta styrktarsamning sem nokkur einstaklingur hefur gert þegar hann leikur í auglýsingum fyrir Pepsi fyrir fimm milljónir dala. Hann verður fyrir óhappi þegar kviknar í hári hans við tókur á auglýsingu. Gengur aftur í Jacksons fyrir „Victory“-tónleikaferðalagið. Gefur laun sín, 5 milljónir dala, til góðgerðarmála. Sögur um undarlegt einkalíf fara af stað.

**1987** Þriðja platan, Bad, kemur út. Kaupir Neverland-búgarðinn.

**1988** Gefur út sjálfsævisögu sína, Moonwalker.

**1991** Skrifar undir 65 milljóna dala útgáfusamning við Sony. Fjórða platan, Dangerous, markar endalok á samstarfi hans við Quincy Jones.

**1993** Sakaður um kynferðisbrot gegn þrettán ára gömlum dreng; Jackson harðneitar ásökunum. Pepsi segir upp styrktarsamningi við hann.

**1994** Kvenist Lísu Marie Presley.

**1995** Gefur út plötuna HIStory: Past, Present and Future, Book 1.

**1996** Lísu Marie sækir um skilnað. Söngvarinn kvenist barnfóstrunni Debbie Rowe. Eignast þrjú börn: Prince Michael I (1997), Paris Michael (1998) og Prince Michael II (2002).

**2001** Gefur út Invincible-plötuna sem fær góðar viðtökur.

**2005** Eftir fjögurra mánaða réttarhöld er Jackson sýknaður af ákærum um barnanið.

**2008** Jackson og tónleikahaldarinn AEG Live lýsa því yfir að hann muni koma fram á 50 tónleikum í O2-höllinni í London.

**2009** 25. júní: Michael Jackson deyr af völdum hjartaáfalls á heimili sínu í Beverly Hills.

## SÁ JACKSON 1998

Ómar R. Valdimarsson ætlaði að fara á tónleika með Michael Jackson í sumar en nú verður ekkert af því. Ómar getur hins vegar yljáð sér við minningar frá Wembley árið 1998 þegar hann sá Jackson troða upp. „Það munaði mjög litlu á sínum tíma að ég hefði farið á



dansnámskeið hjá Jackson eftirhermu skömmu eftir að Thriller kom út,“ segir Ómar og bætir því við að þetta fráfall Jackson hafi ekki komið honum svo ýkja mikið á óvart. „Ekki miðað við það sem á undan var gengið og hvernig hann var búinn að fara með sig.“

## Mikil viðbrögð á Facebook

Hallgrímur Helgason hefur ekki áður tekið dánarfregn með því að dilla sér (þeir voru að spila Billie Jean í útvarpinu).

Svanhildur Hólm Valsdóttir syrgir Michael Jackson. Eva María Jónsdóttir Það varð bara til sulda sem er tileinkuð Mj.

Unnur Ösp Stefánsdóttir sá hann á tónleikum þegar ég var 12 ára og grét mig í svefn í 2 vikur eftir þá mögnuðu upplifun, slík var aðdáunin, ástin, innblásturinn. Svala Karitas Björgvinsdóttir MICHAEL JACKSON WILL LIVE 4EVER IN OUR HEARTS!!!!!!

Guðlaug Ágústa Halldórsdóttir Algjör snillingur, en misskilinn eins og svo margir snillingar.

Elva Dögg Melsteð tekur þetta án gríns mjög nærri sér, enda forfallinn aðdáandi þá og nú.

Þorvaldur Davíð Kristjánsson Hann var og er konungur poppsins!

Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir RIP Michael Jackson.

Bubbi Morthens MJ. Hann minnti mig alltaf á eitthvað sem tengist sorg.



EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR



SVALA BJÖRGVINSDÓTTIR



BUBBI MORTHENS



LÁRA ÓMARSDÓTTIR



HAFLIÐI HELGASON

Hann dó sennilega úr sorg... Marianna Clara Lúthersdóttir var í erfidrykkju Farrah og Michael í pottinum hjá Jóa G....dýrðleg stund!

Lára Ómarsdóttir veit að MJ er á sama stað og Elvis

Hafliði Helgason Ekki náði þér ellin, Pétur minn Pan.

Þórlundur Kjartansson telur sig nú loks vera orðinn besta moonwalker í heimi.

Katrín Bessadóttir syrgir fyrsta

og eina átrúnaðargoðið.

Andrés Jónsson daudi Jackson er adal umraeduefnid a oelstofunni. heyrst ekki minnst a icesave tho thad se allt krakkt herna af blautum politicos.

Bryndís Ísfold Hlökkversdóttir Til minningar um meistara Jackson sem ég veggfóðraði herbergið mitt með árið 1987 og sá á Wembley 1997.

Andrés Magnússon Hvað verður um Bubbles og börnin?

Sigvaldi Kaldalóns Maður er þar í nettu sjokki. MJ er farinn... Þóra Tómasdóttir grét og elskaði Jackson. Stóð tærvot 3 m frá honum á tónleikum í Osló fimmtán ára gömul. Við áttum náð einhliða samband. Gísli Galdur Þorgeirsson Michael Jackson Flottasti poppari mannkyns-sögunnar.

## VAR Í JACKSON-FÍLING

Samúel J. Samúelsson Jagúarmaður var búinn að kaupa sér miða á Jackson-tónleika hinn 10. september og þarf nú að finna einhverja leið til að fá hann endurgreiddan. Hann var sem betur fer ekki búinn að fjárfesta í flugmiða eða panta hótél. „Það var kannski lán í óláni. Annars var ég búinn að vera að koma mér í rétta fílinginn, hlusta á plöturnar og svona, og því eru þessar fréttir kannski aðeins meira sjokk en þær hefðu verið á venjulegum degi,“ segir Samúel.



## LÍF JACKSONS VAR EYÐILAGT

„Fallinn er frá einn mesti afreksmaður poppsögunnar,“ segir Gylfi Blöndal tónlistarmaður. „Hans verður vafalítið minnst um ókomin ár fyrir slagara sína og stórsigra á vinsældalistunum, en fráfall hans gefur líka tilefni til að skoða aðra hlið á málinu; hvernig fjölmíðlar og almenningur eyðilögðu líf þessa manns, og á endanum bera ábyrgð á dauða hans. Hvernig við öll vorum þáttakendur í að gera hann grunsamlegan, hífðum hann upp og loks slógum hann niður. Dauði hans hryggir mig meir þegar ég hugsa til þess að nú þarf heimurinn að finna sér annan píslarvott, sem við getum leikið sama leikinn á. Sannleikurinn er sá að það þekkti enginn Jackson og saga hans verður aldrei sögð að fullu, alveg sama hversu margar bækur verða skrifaðar.“



## SORGLEGT LÍF

„Það var ákaflega leit að heyra af andláti Jackson en þó ekki nærri því jafn sorglegt og að horfa upp á lífið sem hann lifði,“ segir Helga Þórey Jónsdóttir blaðamaður. „Það hefur verið hræðilegt að sjá hann sviptan æskunni og neyddan til að lifa í fuglabúri okkur hinum til skemmtunar. Ég vona að karlreyið hafi loksins fengið þá hvíld sem hann þurfti. Mín eftirlætis Michael Jackson-plata er Off the Wall. Tónlistin á henni fagnar lífinu af svo mikilli gleði og jákvæðni að Jackson virðist næstum því hamingjusamur. Ég er ekki viss um að allir átti sig á því hve mikið af hljómi nútímapopps kemur úr smíðju Jacksons.“



# HEFUR ÞÚ SÉÐ PETTA BARN?



Tugir þúsunda barna búa við örbirgð í stríðshráðum héruðum Kambódíu og Norður-Úganda. Þau þurfa að sjá fyrir sér með vinnu við ómanneskjulegar aðstæður og eru berskjölduð fyrir mansali og ofbeldi. Þau fá enga menntun og fara á mis við það sem við teljum eðlilega barnæsku.

Þú getur hjálpað þessum börnum og gefið þeim möguleika á menntun og betra lífi með því að gerast Heillavinur. 500–1.000 kr. framlag á mánuði getur breytt miklu í lífi barnanna. Skráðu þig á [barnaheill.is](http://barnaheill.is) eða í síma 580 8025.

Hringdu núna

**580 8025**

eða skráðu þig á [barnaheill.is](http://barnaheill.is)



**Barnaheill**  
Save the Children Iceland

Í 90 ára löngu starfi hafa Save the Children, alþjóðasamtök Barnaheilla, stuðlað að betra lífi milljóna barna um allan heim.



## Nýdönsk á Spot Kópavogi

Laugardagskvöld **27. júní**

Án efa einn glæsilegasti skemmtistaður landsins.



**NÝDÖNSK**

– með höfuðið hátt

**SPOT**

SKEMMTISTAÐUR  
Bæjarlind 6 / sími 544 4040  
Nánari upplýsingar á [www.promo.is](http://www.promo.is)

# Gullmolar níunda áratugarins

Útvarpsmaðurinn Sigurður Hlööversson, eða Siggí Hlöö, hefur gefið út þreföldu safnplötuna Veistu hver ég var? Sextíu lög eru á plötunum þremur sem öll nutu vinsælda á níunda áratugnum.

„Það er búið að gefa út svo mikið af plötum með blöðrunum en þarna er ég að tína til gullmolana sem er ekki búið að maukeyra í útvarpi,“ segir Siggí, sem stjórnar einnig samnefndum útvarpsþætti á Bylgjunni sem hefur notið mikilla vinsælda. „Ég geri ráð fyrir því að þetta verði söluhæsta plata sumarsins,“ segir hann kokhraustur um plötuna. „Hún fer í gull, það er alveg potþétt.“

Á meðal laga á plötunni eru Turn Me Loose með Loverboy, sem er mest umbeðna óskalagið í útvarpsþættinum, og tvö lög með



MEÐ WHITESNAKE Siggí Hlöö með tveimur meðlimum Whitesnake á veitingastaðnum Hard Rock Café árið 1990.

Classix Nouveaux sem hafa ekki verið fáanleg hér á landi. Einnig má nefna slagara á borð við Do You Really Want To Hurt Me? með Culture Club og Save A Prayer með Duran Duran.

Auk þess að stjórna útvarpsþættinum er Siggí gríðarlega vinsæll plötusnúður og er bókaður út mest allt þetta ár. Segja má að hann sé sá næstvinsælasti á landinu á eftir Páli Óskari sem er einnig bókaður langt fram í tímann. „Ég er með bókun í maí 2010. Ég er bókaður út þetta ár enda er ég með tveggja tíma auglýsingaglugga á viku og fólkið vill fá að heyrja þessi lög,“ segir hann.

Á myndinni sem fylgir fréttinni er Siggí í góðum félagskap rokkaranna í Whitesnake sem komu hingað til landsins 1990. „Ég var búinn að fara út og hitta þá og þeir mundu eftir mér þegar þeir komu hingað. Ég fór á 100 þúsund manna rokkhátíð þar sem allir litu út eins og þeir tveir en ég var smjörgreiddur,“ segir hann og hlær. - fb

**FLOTTASTA HASARMYND SUMARSINS**  
 FRÁ LEIKSÞUFRÖÐUM MICHAEL BAY ásamt starfsguðum Shia LaBeouf, John Turturro og vagnakálisti Takkonu heims Megan Fox  
**POWER**  
 SÝNINGAR um land allt

★★★★  
 40.000 GESTIR VINSÆLASTA MYNDIN

SAMBÍÓINN ÁLFABAKKA		SAMBÍÓINN KRINGLUNNI	
TRANSFORMERS 2	kl. 2D - 5D - 8D - 11D POWER 10	TRANSFORMERS 2	kl. 1D - 4D - 7D POWER - 10D 10
TRANSFORMERS 2	kl. 2 - 5 - 8 - 11 POWER VIP	THE HANGOVER	kl. 2-4 - 6D - 7 - 8D - 9:10 - 10:20D 12
THE HANGOVER	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 8:10 - 8:30 - 10:20 - 10:30 - 11 12	CORALINE 3D	myls.tali kl. 2(3D) - 4(3D) L
MANAGEMENT	kl. 5:50 - 8 10	SAMBÍÓINN AKUREYRI	
ADVENTURELAND	kl. 3:40 - 5:50 12	TRANSFORMERS 2	kl. 2 - 5 - 8 - 11 POWER 12
STAR TREK XI	kl. 10:20 10	STÍGVÉLADI KÖTTURINN	myls.tali kl. 2 L
STÍGVÉLADI KÖTTURINN	myls.tali kl. 2 - 4 - 6 L	HANNA MONTANA	kl. 4 L
HANNA MONTANA	kl. 1:30 - 3:40 L	HANGOVER	kl. 6 - 8 - 10 12
MONSTERS VS ALIENS	myls.tali kl. 1:30 L	KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS	

NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSFRUMSÝND Á ÍSLANDI!  
 LÚXUS

ÞETTA ERU FORFEDUR ÞÍNIR  
 UPPLIFDU FYNDNASTA FERDALAG ALLRA TÍMA!

LESBIAN VAMPIRE KILLERS  
 TYSON

Frábær ævintýra gamanmynd í anda fyrri myndar!

SMÁRABÍÓ	SÍMI 564 0000	TILBOÐSVERÐ	HÁSKÓLABÍÓ	SÍMI 530 1919	TILBOÐSVERÐ
TRANSFORMERS 2	kl. 1-5-8-11 D	10	TYSON	kl. 4-6-8-10	12
TRANSFORMERS 2 LÚXUS	kl. 2-5-8-11 D	10	YEAR ONE	kl. 3:30-5:50-8-10:10	7
LESBIAN VAMPIRE KILLERS	kl. 8-10	16	GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST	kl. 8-10:15	7
YEAR ONE	kl. 1:30-5:45-8-10:15	7	GULLBRÁ	kl. 4-6	L
GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST	kl. 5:45-8	7	ANGELS & DEMONS	kl. 3-6-9	14
GULLBRÁ	kl. 1-3	L			
TERMINATOR: SALVATION	kl. 10:30	12			
NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 1-3:30	L			
ANGELS & DEMONS	kl. 5	14			

REGNBÖGINN	SÍMI 551 9000	750 kr.	BORGARBÍÓ	SÍMI 462 3500	TILBOÐSVERÐ
YEAR ONE	kl. 4-6-8-10	16	YEAR ONE	kl. 4-5:50-8-10:10	7
LESBIAN VAMPIRE KILLERS	kl. 3:30-5:45-8-10:15	7	GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST	kl. 5:50	7
YEAR ONE	kl. 3:30-5:45-8-10:15	7	KILLSHOT	kl. 8-10	12
TERMINATOR	kl. 3-5:30-8-10:30	12	GULLBRÁ	kl. 4	L
ANGELS & DEMONS	kl. 5:30-8:30	14			
NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 3	L			

NÝTT Í BÍÓ

SÝNINGARTÍMAR

TRANSFORMERS 2 - POWER	kl. 1.35, 4.15, 7, 10	10
YEAR ONE	kl. 2, 4, 6, 8 og 10	7
GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST	kl. 6 og 8	7
GULLBRÁ	kl. 2 og 4 - ísl. tali	L
TERMINATOR SALVATION	kl. 10	14


550 kr. í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauði!

# SAKNAR KONUNNAR OG HÚSBÓNDASTÓLSINS MIKIÐ

Andri Freyr Viðarsson leggur nú stund á kvikmyndanám í Prag. Hann býr með tveimur karlmönnum; drykkjumanni og samkynhneigðum Úrúgvæbúa.

Útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson hefur dvalið í Prag frá því í byrjun júní þar sem hann leggur stund á kvikmyndagerð í Prague Film School. Andri segir námið mjög skemmtilegt og fjölbreytt en afar erfitt. „Þetta er rosalega hart prógramm og ég hef lítið sem ekkert séð af borginni nema þá bara leiðina frá íbúðinni minni og í skólann. Maður er á milljón frá því klukkan níu á morgnana alveg til miðnætis, alla daga vikunnar.“

Aðspurður segist Andri vera búinn að leikstýra tveimur stuttmyndum auk þess að aðstoða bekkjarfélagi sína við upptökur á þeirra stuttmyndum. Hann segist hafa uppgötvað leynda hæfileika í gegnum námið og þykir meðal annars vera efnilegur leikari og fantagöður penni. Á meðan á dvölinni stendur deilir Andri íbúð með



ANDRI FREYR Í PRAG Útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson dvelst í Prag þar sem hann er í kvikmyndaskóla. Námið er stíft, frá morgni og fram til miðnætis.

tveimur bekkjarbræðrum sínum og segir hann sambúðina vera skrautlega. „Þetta er í fyrsta sinn á ævinni sem ég bý með tveimur öðrum karlmönnum og þeir eru meiri svínin. Annar er óskiljanlegur náungi frá Georgíu sem drekkur vodka eins og vatn og hinn er snaröfugur snillingur frá Úrúgvæ, eða eins og Hómer sagði; Youaregay.“

Andri snýr heim til Danmerkur, þar sem hann hefur verið búsettur um hríð, um miðjan júlí og segist hlakka mikið til heimkomunnar. „Ég er ekki mikið fyrir tilbreytingu. Ég sakna konunnar og húsbóndastólsins aðeins of mikið. Annars er lífið hér í Danmörku allveg yndislegt og ég stefni á að vera hér eitthvað áfram, læra dönskuna betur og fara jafnvel í meira kvikmyndanám.“

sara@frettabladid.is

Sími: 553 2075 - bara lúxus

ATH. SÝND KL. 1.35

ATH. SÝND KL. 2

Ódýrt í bíó

550 kr. Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SparBíó SAMBÍÓINN

THE HANGOVER kl. 2 í Álfabakka og í Kringlunni 550kr

TRANSFORMERS 2 kl. 2 í Álfabakka í Keflavík og á Akureyri, kl. 1 í Kringlunni 550kr

STÍGVÉLADI KÖTTURINN kl. 2 í Álfabakka kl. 4 á AK kl. 3:40 á Selfossi 550kr

HANNA MONTANA kl. 4 kl. 1:30 í Álfabakka 550kr

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ

KL. 4 BORGARBÍÓ KL. 3.30 HÁSKÓLABÍÓ KL. 1 SMÁRABÍÓ 550kr

KL. 4 HÁSKÓLABÍÓ 550kr

KL. 1 SMÁRABÍÓ 550kr


KL. 3 HÁSKÓLABÍÓ 550kr

KL. 4 HÁSKÓLABÍÓ KL. 1 SMÁRABÍÓ 550kr





# Nýtt í Skífunni!



Laugavegi · Kringlunni  
www.skifan.is



## ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI



## > Riley endar ferilinn í Eyjum

Knattspyrnudómariinn víðkunni Mike Riley hefur ákveðið að leggja flautunni og taka við starfi sem yfirmaður dómara hjá enska knattspyrnusambandinu en tilkynnt var um ráðningu hans í dag. Riley er mikill Íslandsvinur og er nú staddur í Vestmannaeyjum þar sem hann mun dæma úrslitaleik Shell-mótsins í dag og samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins verður þetta hans allra síðasti leikur sem hann dæmir á ferlinum. Riley byrjaði að dæma í ensku úrvalsdeildinni árið 1996 og á að baki marga stórleiki, þar á meðal úrslitaleik FA-bikarsins árið 2002 og úrslitaleik deildarbikarsins árið 2004.



**sport**  
sport@frettabladid.is

## HERMANN HREIÐARSSON: HEFUR SJALDAN LIÐIÐ BETUR OG PLANAR AÐ SPILA ÁFRAM NÆSTU ÁRIN

# Get alveg spilað áfram þangað til ég verð 38 ára

Landsliðsfyrirliðinn Hermann Hreiðarsson segist í viðtali við staðarblaðið The News í Portsmouth alls ekki vera að íhuga að leggja skóna á hilluna frægu í bráð en hann framlengdi sem kunnugt er samning sinn við Portsmouth á dögunum.

„Mér líður frábærlega. Ég er örugglega í betra formi núna en ég hef nokkurn tímann verið áður og mér líður alls ekki eins og ég sé að verða 35 ára gamall. Mér finnst ég líka enn vera að taka framförum. Ég held að ég eigi því örugglega góð þrjú ár eftir og sé fyrir mér að ég geti alveg spilað áfram þangað til ég verð 38 ára gamall,“ segir Hermann.

Hermann samþykkti samningstilboð frá Portsmouth um eitt ár, með möguleikanum á að framlengja um annað ár ef hann spilar ákveðið marga leiki á næsta keppnistímabili.

„Ég hef verið heppinn að sleppa við meiðslu hingað til á ferli mínum og ef ég verð áfram heppinn á næstu leiktíð ætti ég vonandi að ná þeim leikjum sem til þarf til þess að ég framlengi



samninginn um annað ár við Portsmouth. Ég gæti svo jafnvel verið þar enn lengur en það,“ segir Hermann.

Hermann spilaði stóra rullu þegar Portsmouth bjargaði sér frá falli á síðustu leiktíð og skoraði mikilvæg mörk á lokaspretti deildarinnar. Hann hlakkar til þess að hefja nýtt tímabil en liðið mætir aftur til æfinga 9. júlí og deildin hefst svo í ágúst.

„Þegar maður horfir til baka gerðum við mjög vel að bjarga okkur frá falli, því staðan var alls ekki góð á tímabili. Það er líka til marks um það hvað enska úrvalsdeildin er gríðarlega sterk þegar félag eins og Newcastle og Middlesbrough, sem hafa verið í efstu deild í fjöldamörg ár, falla. Við erum áfram í úrvalsdeildinni og ég get ekki beðið eftir því að þetta byrji aftur,“ segir Hermann að lokum.

Miklar breytingar eru fram undan hjá Portsmouth þar sem milljarðamæringurinn Sulaiman Al-Fahim er að klára yfirtöku á félaginu og búist er við því að félagið eigi eftir að kaupa sex til sjö nýja leikmenn í sumar.

Jakob Örn ætlar að reyna fyrir sér erlendis:

## Neitaði þremur liðum

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsmaðurinn Jakob Örn Sigurðarson hjá KR stefnir á að spila erlendis á næsta tímabili. Hann hefur þegar fengið samningsboð frá liðum í Svíþjóð, Danmörku og Belgíu en er enn óviss um hvar hann mun spila.

„Það er eitthvað í gangi en ég er enn að bíða eftir samningsboði sem ég er sáttur við. Félag frá Svíþjóð, Danmörku og Belgíu eru búin að setja sig í samband við mig en ég hef ekki viljað taka samningsboðum þeirra fram að þessu. Ég ætla ekkert að hlaupa að neinu og taka bara því fyrsta sem býðst. Það er því í raun enn allt opið og það getur líka vel verið að þessi félag eigi eftir að koma með önnur og betri samningstilboð,“ segir Jakob Örn.

Hann spilaði á sínum tíma með Bayer Leverkusen í Þýskalandi og Gestiberica de Vigo á Spáni og viðurkennir að hann væri tilbúinn að fara aftur til Spánar.

„Það er verið að skoða fyrir mig hvernig landið liggur á Spáni og ég er dálítið að bíða eftir því hvort eitthvað komi út úr því. Ég veit samt ekki hvað ég get beðið lengi með það því ég vil helst fara að klára þetta á næstu vikum,“ segir Jakob Örn.

Hann sneri aftur í KR síðasta vetur og varð Íslandsmeistari með félaginu og ef sú staða kemur upp að hann fari ekki út verður hann áfram hjá Vesturbæjarfélaginu.

„Stefnan er að fara út og það er fyrsti kostur hjá mér. Ef það gengur ekki spila ég pottþétt með KR. Það er allt í góðum málum þar og Páll [Kolbeinsson] er tekinn við þjálfuninni og svona. Maður leit nú alltaf upp til hans þegar maður var yngri enda spilaði hann sömu stöðu og ég á vellinum,“ segir Jakob á léttum nótum.

**EFTIRSÓTTUR** Jakob Örn hefur fengið samningstilboð víða að. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Verð kr. 265.000.-

**Rainbow**

Bjóðum nokkrar Rainbow á **186,000**  
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow með ábyrgð verð **80.000 tilboð 58.000** meðan byrgðir endast.

**Hrein fjárfesting ehf**

Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is  
Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337

[www.rainbow.is](http://www.rainbow.is)

# Velti fyrir mér að hætta

Elísabet Gunnarsdóttir og lið hennar, Kristianstad í Svíþjóð, tapaði fyrstu tíu leikjum sínum í sænsku úrvalsdeildinni en hefur nú unnið tvo í röð. Elísabet segir að sú spurning hafi vaknað hjá sér hvort hún ætti að hætta þjálfun liðsins.

**FÓTBOLTI** Óhætt er að segja að Elísabet Gunnarsdóttir og lið hennar, Kristianstad, hafi ekki fengið óskabyrjun í upphafi tímabilsins í sænsku úrvalsdeildinni í vor. Liðið tapaði fyrstu tíu leikjum sínum í deildinni og datt þar að auki úr leik í bikarkeppninni. Þetta er fyrsta tímabil Elísabetar með félaginu en hún gerði Val að margföldum Íslandsmeisturum áður en hún hélt utan.

Kristianstad hefur þó náð að snúa geginu við og unnið síðustu tvo leiki sína og þar með lyft sér upp úr fallsæti.

„Það var gríðarlega góð tilfinning og afar mikilvægt,“ sagði Elísabet um sigurleikina. „En annars hefur þetta verið í bland hríkalegt en líka góð reynsla. Ég hafði mest tapað tveimur leikjum í röð á ævinni,“ sagði hún og hló.

Hún sagði að það hafi vissulega stundum verið erfitt að takast á við mótlætið.

„Ég var í baráttu við sjálfa mig vikuna á milli leikja. Ég get víðurkennt nú að það flugu alls kyns hugsanir í gegnum kollinn og spurði ég mig þeirrar spurningar hvort ég ætti að stíga til hliðar og láta einhvern annan taka við. Ég hræddist það líka að mér yrði sagt upp á þessum tíma.“

En Elísabet fann þó fyrir miklum stuðningi og hélt því áfram. „Það var meira verið að hugsa til þess að ég myndi ekki hætta sjálf,“ sagði hún í léttum dúr. „Ég hef líka fundið fyrir miklum stuðningi úr leikmannahópnum og það er dýrmætt.“

